2013

Þjóðarspegillinn

Ágrip erinda

Þjóðarspegillinn XIV

Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2013

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978 9935 424 17 4

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit
(stjörnumerktum ágripum fylgir ritstýrð grein í Skemmunni)

Afbrot og fíkniefni

Fíkniefnavandinn á Íslandi? Þróun neyslu, neyslumynstur og kostir í stefnumótun* 11

Þróun viðhorfa Íslendinga til afbrota 1989-2013* 12

Alþjóðasamfélagið - tengsl og áhrif

A bilateral free trade agreement between China and Iceland* 13

Átök og söfn

Lengi býr að fyrstu gerð – Stofnun Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna og áhrif þess á faglegt starf 14

Endurnýjun íslenskra safna 15

Innra tog: Starfsemi fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur 1991–2011 16

Almannarými án kvenna – Um kynjakerfi, karllæga rökhyggju og kvenmannsleysi safna 17

Börn: Lífsánægja og líðan

Er munur á lífsánægju og líðan barna eftir uppruna? 18

Skólafatnaður gegn einelti* 19

Einelti frá sjónarhorni gerenda 20

Hvert stefnir barnaverndin? Raddir félagsráðgjafa í barnavernd* 21

Efnahagshrunið

Iceland and the International Financial Crisis 22

Explanations of the Icelandic Bank Collapse* 23

Hverjum kenna Íslendingar um efnahagshrunið? 24

Búsáhaldabyltingin: Pólitísk tækifæri 25

Lögreglan og búsáhaldabyltingin 26

Eftir hrunið: Hnatt(s)væðing og þverþjóðleg tengsl

Upp rísi þjóðlíf: Um þjóðarímynd, menningu og margbreytileika 27

„Hernaðarlúkk": Um hernaðarhyggju og hervæðingu 28

„Þjóð sem getur ekki rekið McDonald's getur varla rekið banka": Sjálfsmynd þjóðar á krepputímum 29

„Ég á ofsalega erfitt með að líta á mig sem innflytjanda en ég er náttúrulega innflytjandi": Reynsla Íslendinga sem flust hafa til Noregs 30

Viðhorf til innflytjenda á krepputímum 31

Félagsauður

Þróun félagsauðs í íslensku samfélagi 32

Fjármál í íslensku samfélagi

Hefur Akureyri enga miðju? 33

Skrítinn hlutabréfamarkaður 34

Söguleg ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða* 35

Verðtrygging og inntak kjarasamninga* 36

Fötlunarfræði

Mannréttindasáttmáli SÞ um réttindi fatlaðs fólks: Innleiðing og eftirlit 37

Hver er normal? Hugmyndir fatlaðs fólks um ófatlaða 38

„Djöfull er hún þroskaheft!!": Um myndhverfingar og fatlaða foreldra í netheimum 39

Tengsl umhverfis og þátttöku frá barnæsku til unglingsára 40

Heilsa, lífsgæði og samfélag

Education and health: The Effect of School Reforms on Birth Outcomes 41

Resistant bacteria 42

„Þátttaka á vinnumarkaði er lykillinn að þátttöku á öðrum sviðum mannlífsins." Daglegt líf, lífsgæði og endurhæfing kvenna sem glíma við vefjagigt 43

„Þyngdin er bara einkenni“: Reynsla og lífsgæði einstaklinga með matarfíkn 44

Seigla fólks: Atviksathugun 45

Heimur ungmenna

Ekkert svar er svar í sjálfu sér..... 46

Sjónvarpsveruleiki íslenskra ungmenna – Innihaldsgreining á rafrænu sjónvarpsefni..... 47

Innritun nýnema í framhaldsskóla: Félagsleg aðgreining á frjálsum skólamarkaði? 48

Ungmenni sem eru hvorki í skóla né vinnu 49

Innflytjendur í íslensku samfélagi

Researching immigrant populations: The case of Iceland 50

Asískar konur! Fjarri því að vera einsleitur hópur 51

Gender differences in the situation of foreigners in Akureyri..... 52

Foreigners at the end of the fjord: Inhabitants of foreign origin in Akureyri* 53

Innlendir og erlendir markaðir

Hindranir í útflutningi – Reynsla íslenskra útflytjenda..... 54

The Icelandic Seafood Exporting Sector: Structure and main Characteristics of the Exporting Companies* 55

Implications of electricity sector liberalization on marketing decisions* 56

Rafmagnaður raforkusölumarkaður: Viðskiptavina-grundað vörumerkja-virði* 57

Inntak, viðhorf og væntingar í fjölmiðlum

Viðhorf og væntingar blaðamennskunema til blaðamennsku 58

Heimsmynd frétta sjónvarps: Samanburður á erlendum fréttum Ríkisútvarps - Sjónvarps og Stöðvar 2* 59

The good, the bad and the innocent: Abortion in the British press*..... 60

Í alþjóðlegu samhengi

The Informal Economy as a Source of Water in Luanda, Angola: A Blessing or a Curse? 61

What Am I Doing Here? The sustaining and shaping of Western identities in multilateral military peace interventions 62

Different Nations, Shared Experiences: The Baltic Countries and Iceland 63

Karlmennska, kvenleiki og hinsegin umræða

Hinsegin innflytjendur á Íslandi: Afhjúpun, sjálfsmynd og að tilheyra 64

„Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“ Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla* 65

Unga fólkið og kynhlutverkin; ögra, gera og vera 66

Brjóstastækkanir í fegrunarskyni: Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapúða 67

Kenningar og líkön

Bayesísk matsaðferð fyrir ARMA líkan í samfelldum tíma* 68

Er CAPM brothætt eða and-brothætt?* 69

Modelling imprecise and sometimes incorrect information for assessing derived values for units of labour* 70

Landsbyggð: Áhrif byggðarstefnu og efnahags

Fyrstu áhrif Héðinsfjarðarganga á samfélög Fjallabyggðar og Mið-Norðurlands 71

Kynjuð Fjallabyggð: Áhrif samgöngubóta á stöðu kynjanna í Fjallabyggð 72

Fémæti ferðaþjónustu: Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu* 73

Lífsstíll eða lifibrauð: Þróun fyrirtækja í hestamennsku á Íslandi 74

Landslag, ferðamennska og siðferði

Að bjóða gestum heim: Landslag og siðferði ferðaþjóna 75

Cosmopolitan and localist attitudes towards the environment in Iceland 76

Tourism in drifting landscapes: Tourists´ perception and utilization of glacial landscapes in Iceland 77

Virkjun frumkraftanna: Ferðamennska eða virkjun í Skaftárhreppi?* 78

Líkaminn: Viðhorf fyrr og nú

Glíman við nútímann: Líkamsstaða, karlmennska, og íslenski þjóðarlíkaminn við upphaf 20. aldar 79

Íslenski líkaminn í orðræðu millistríðsáranna 80

Klámnotkun fullorðinna Íslendinga 81

MARK: Konur og „kvenleiki“– Samþykkt og ósamþykkt?

Ósamþykktar stelpur 82

Konur í tónlist: Kortlagning á stöðu kvenna í popp- og rokktónlist á Íslandi* 83

„Það gekk auðveldlega. Við vorum tvö… ég átti ekki börnin ein!“ Um samspil vinnu og einkalífs lögreglumanna* 84

Leyfir staðgöngumæðrun að réttur allra sé virtur? 85

Menning: Uppruni, saga og samtími

Holur kassi og grófur strengur: Viðhorf til alþýðuhljóðfæra frá 17. til 19. aldar 86

Hvað einkennir íslenska menningarstefnu? 87

Ísland í hugrenningum íslensk ættaðra Brasilíubúa* 88

Námsumhverfið

Grenndaraðferð og grunnþættir menntunar: „Samræða“ í rúma öld 89

Foreldrar sem vannýtt auðlind í skólastarfinu? 90

Orðin og efnið 91

Tölvan, sjónvarpið eða foreldrarnir? 92

Opinber stefnumótun og stjórnskipulag

Þarf opinbert eftirlit til verndar atvinnuleyndarmálum? 93

Vistun skjala og upplýsinga sem verða til við fjarvinnu hjá eftirlitsstofnunum ríkisins* 94

Pecha Kucha - Norðrið nálgast: Smáþjóðir og áskoranir norðurslóða

Eyjar í norðri, hugmyndir um Ísland og Grænland 95

Tilkall til norðursins 96

Afmörkuð og óafmörkuð hafsvæði á milli nágrannaríkja á Norðurskautinu 97

Samfélagslegt öryggi á norðurslóðum 98

Samfélagsleg ábyrgð: Traust og tryggð

Samfélagsleg ábyrgð 50 stærstu fyrirtækja Íslands: Fylgja efndir orðum? 99

Spilling og tryggð í bankakerfinu* 100

Áhrif Þjóðarsáttarsamninganna á íslenskt samfélag* 101

Sjálfbærni í ferðamennsku

Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd 102

Caught in the Net: Governance-Networks in the Management of the Vatnajökull National Park in Iceland 103

Sustainable Nordic Tourism: Improving Icelandic niche market profitability while maintaining its sustainability 104

Starfsumhverfið: Stuðningur og árangur

Stuðningur og áhugi stjórnenda skipta máli fyrir heilbrigt starfsumhverfi, starfsánægju og gæði þjónustu 105

Virkni forstjóra í nýsköpun og áhrif á árangur 106

Hvatar og ávinningur starfsfólks fjármálafyrirtækja af námi með vinnu 107

Samband frumkvöðlahneigðar og árangurs íslenskra fyrirtækja* 108

Endurskoðunarnefndir: Starfsumhverfi og umfang* 109

Stjórnmál: Lýðræði og ímynd

Ímynd stjórnmálaflokka: Tengsl ímyndar og árangurs* 110

Fulltrúahlutverk frambjóðenda og samhljómur innan stjórnmálaflokka 111

Nýir miðlar – ný stjórnmál? Pólitísk boðmiðlun fyrir alþingiskosningarnar 2013* 112

Lýðræðið og átökin um kvótakerfið 113

Stjórnmál: Lýðræði og almenningur

Fólk, flokkar og Facebook: Viðhorf stjórnmálaflokka til samfélagsmiðla í aðdraganda Alþingiskosninga 2013 114

Sameining sveitarfélaga: Reynsla íbúa af þjónustu og lýðræðislegri stöðu 115

Ástæður slælegrar upplýsingagjafar stjórnvalda: Skoðanir almennings* 116

Stjórnun í ólíku umhverfi

Gefa viðbrögð við eldgosi innsýn í krísustjórnun: Dæmi frá Icelandair 117

„Stelpurnar í eldhúsinu“: Viðhorf og aðgerðir á sviði umhverfismála 118

Samband markaðshneigðar og viðskiptavinamiðaðra gilda hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum* 119

Straumlínustjórnun* 120

Trú, galdur og menningararfur

Eingyðistrú eða fjölgyðis? Var almenn trú um samfélag guða á norðurlöndum fyrir kristnitöku?* 121

Grasalækningahefð á Íslandi: Um vísindi, forlagatrú og menningararf 122

Fylgjur í íslenskri þjóðtrú 123

„Annars ber ég ekki mjög sterkar tilfinningar til dauðra hluta“ – Tengslamyndun fólks við hluti og þáttur þeirra í sköpun heimilisins 124

Umönnun og velferð

Barneignir tveggja fæðingarárganga íslenskra kvenna í norrænum samanburði 125

Fyrsta barn, fæðingarorlof og umönnun: Hlutverk feðra og mæðra 126

Aldraðir Íslendingar og aðstandendur þeirra: Hindranir við öflun upplýsinga* 127

Jöfn umgengni í framkvæmd* 128

Barnafjölskyldur í kjölfar kreppu: Lífskjör og foreldrahæfni* 129

Upplifun og orðfæri í ferðamennsku

Ferða* 130

Af jaðrinum: Samfléttun slóða og staða* 131

Sjálfbær fegurð/fagurfræði ferðaþjónustumannvirkja 132

Nostalgia and Nature: Popular Music in Iceland 133

Velferð og heilsa: Úrræði og vinnubrögð

Máttur hugans: Læknar, hjúkrunarfræðingar og heildræn heilsa 134

Viðhorf sjúkraþjálfara til gagnreyndra vinnubragða 135

Viðhorf félagsráðgjafa til gagnreyndra vinnubragða 136

Íslensk viðmið ASEBA matslista fyrir fullorðna á aldrinum 18–59 ára 137

Velferð: Þjónusta og aðstoð

„Æ sér gjöf til gjalda" 138

The information needs and information behaviour of informal caregivers of disabled children 139

Að vinna úr kerfislægu og menningarbundnu ofbeldi: Reynsla fatlaðs fólks af notendastýrðri persónulegri aðstoð 140

Vinnumarkaður í kjölfar hruns

Skapandi sveigjanleiki* 141

After economic collapse: What happened to human resources in Iceland?* 142

Þróun félagsaðildar VR 1991–2012* 143

Stjórnarherbergið – fyrir og eftir hrun 144

Vinnumarkaður

Útvistun í íslenskum þjónustufyrirtækjum 145

Rannsóknir á samningum kynjanna um launakjör – kerfisbundin úttekt* 146

„This is not in my job description!“: Cultural interaction between Icelandic employees and their counterparts from India, Spain, France, Poland, Denmark and the Philippines 147

Rýnt í störf þroskaþjálfa í ljósi alþjóðlegra viðmiða* 148

War on Terror, USA and Human Rights

Derogations from Human Rights Obligations in the “War on Terror” 149

The responsibility of Council of Europe Member States in Extraordinary Rendition 150

Afstaða Bandaríkjanna til alþjóðasamstarfs á sviði þjóðaréttar 151

Þjóð og menning: Rannsóknir og túlkun

The (strange) life of ethnographers: Fiction and incorporation in anthropological knowledge* 152

Kúnst eða kunnátta? Um frásagnarfræðilegt hlutverk galdurs* 153

„An Dat´s da Peerie Story“– Rannsókn og túlkun á sögnum tveggja Hjaltlendinga* 154

Vettvangs(að)ferðin* 155

Researching in Two Worlds, Folkloristics and Disability Studies 156

Höfundalisti 157

Fíkniefnavandinn á Íslandi
Þróun neyslu, neyslumynstur og kostir í stefnumótun*

Fíkniefnavandinn er af mörgum álitinn einn helsti vandi sem vestræn ríki glíma við í dag. Viðhorfsmælingar á Íslandi sýna að flestir telja neyslu fíkniefna alvarlegasta vandamál afbrota hér á landi og að mikilvægasta ástæða þess að sumir leiðist út í afbrot sé neysla áfengis- og fíkniefna. Neysla algengasta fíkniefnisins, kannabis, hefur reglulega verið mæld meðal grunnskólabarna hér á landi en neysla fullorðinna hefur minna verið könnuð. Lítið er því vitað hvernig neysla sem hefst í grunnskóla þróast þegar fram kemur á fullorðinsár, hvort hún aukist, standi í stað eða minnki. Í erindinu verður farið í útbreiðslu kannabis meðal fullorðinna á Íslandi út frá þremur mælingum í samvinnu við Félagsvísindastofnun HÍ sem taka til áranna 1997, 2002 og 2013. Þróunin verður metin, einkenni neyslunnar greind í ljósi félagslegra áhættuþátta og sérstaklega hugað að stöðu sprautufíkla. Viðbrögð samfélagsins og ýmis úrræði til að takast á við vandann verða einnig rædd og í lokin ályktað um líklega stefnumótun í málaflokknum til framtíðar bæði hér og erlendis.

Helgi Gunnlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Þróun viðhorfa Íslendinga til afbrota 1989–2013*

Mælingar á viðhorfum almennings til afbrota eru mikilvægar til að greina hvernig upplifun og skynjun afbrota er í samfélaginu hverju sinni. Sérstaklega áhugavert er að skoða breytingar á þessum viðhorfum í gegnum tímann. Hvaða brotaflokkur þykir almenningi vera alvarlegastur? Eru það alltaf sömu brotin eða er matið breytilegt eftir árum? Hafa áhyggjur aukist, minnkað eða staðið í stað?

Erindið byggir á fimm mælingum á viðhorfum Íslendinga og reynslu þeirra af afbrotum sem Helgi Gunnlaugsson hefur staðið að ásamt Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands frá árinu 1989. Önnur mælingin var framkvæmd árið 1994, þriðja árið 1997 og fjórða 2002. Sú síðasta var framkvæmd síðla árs 2012 og upphafi 2013. Í öll skipti var um úrtakskönnun að ræða.

Með viðhorfsmælingunum gefst möguleiki á að bera saman viðhorf Íslendinga á yfir 20 ára tímabili, sjá hvort og þá hverjar breytingar eru á viðhorfum almennings til afbrota og hvernig bregðast eigi við þeim. Í erindinu verða einkum skoðuð viðhorf til alvarleika afbrota, hvaða afbrot almenningur telur alvarlegustu brotin hér á landi, auk ástæðna þess að einstaklingar leiðist út í afbrot og fleira.

Jónas Orri Jónasson
Helgi Gunnlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*

A bilateral free trade agreement between China and Iceland as a European country*

A Free Trade agreement (FTA) between China and Iceland was finalized on the 15th of April 2013. The paper discusses the negotiation process and the actual business activities in the respective countries, focusing on the FTA's socio-economic significance. Our study is for the most part an empirical one, divided into two sections; an overview of the free trade negotiations, procedures and the topics covered along the issues and the actual activities on the firm level. From the outset in 2004–2005 and up until the negotiation process, the project has had strong political connotations and in many ways been geopolitically significant, but by the time it was finalized, it has turned out to be first and foremost a bilateral trade agreement between two nation states, creating new opportunities for firms in both countries, for example cooperating in in third countries.

Örn D. Jónsson
Ingjaldur Hannibalsson
Li Yang

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Lengi býr að fyrstu gerð – Stofnun Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna og áhrif þess á faglegt starf

Fjallað verður um stofnun Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna og aðdraganda þess. Við stofnun safnsins komu saman ólíkir hópar með ólíkar áherslur í safnastarfi. Þjóðminjasafn Íslands átti ríkan þátt í stofnsetningu safnsins og var Kristján Eldjárn einn af lykilmönnum í faglegu starfi þess og stefnumótun fyrstu árin. Átthagafélög áttu ríkan þátt í undirbúningi að stofnun safnsins og byggðu þau á sveitarómantískum hugmyndum um hlutverk þess. Með þátttöku Þjóðminjasafns Íslands í starfi safnsins breyttist umræðan um hlutverk byggðasafnsins, horfið var frá sveitarómantískum hugmyndum og lögð var frekari áhersla á menningar- og fræðslulegt gildi safnsins. Það má því segja að við stofnun Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna hafi mæst tvö ólík sjónarmið um hlutverk þess og gildi. Undirbúningur að stofnun safnsins einkenndist sömuleiðis af átökum um staðsetningu þess á milli ýmissa hópa sem komu að stofnun þess og þau átök sem og þau ólíku sjónarmið sem einkenndu upphafsár safnsins hafa haft mótandi áhrif á starf þess allar götur síðan.

Sólveig Hulda Benjamínsdóttir

Endurnýjun íslenskra safna

Með tilkomu nýfrjálshyggju í íslensk stjórnmál á tíunda áratugnum urðu gagngerar breytingar á rekstrarumhverfi safna. Menningarstefna ríkisstjórna Íslands á tímabilinu 1991–2009 byggði á pólitískum markmiðum nýfrjálshyggju og lagði áherslu á samningsstjórnun, aðhald í ríkisfjármálum, fagmenntun, samkeppni og aukna valddreifingu í málefnum sveitastjórna. Miðuðu breytingarnar að því að bæta þjónustu menningarstofnana við samfélög þeirra og við vaxandi fjölda erlendra ferðamanna. Ný einkarekin svæðissöfn grófu undan stöðu eldri safna og kölluðu á nýjar leiðir til þess að miðla etnógrafísku efni innan safna. Eldri starfshættir voru teknir upp að nýju og ný söfn og sýningar tóku að safna og miðla etnógrafísku efni sem eldri safnastofnanir höfðu að mestu litið framhjá. Með þessum breytingum voru felldir bæði pólitískir og fagurfræðilegir dómar um íslenska menningu og sögu; um það hverju beri að safna, varðveita og miðla á söfnum. Í þessu erindi munum við fjalla um þessar breytingar í íslensku stjórnmálaumhverfi eins og þær lúta að safnaumhverfinu og gera tilraun til þess að greina þá pólitísku og fagurfræðilegu dóma sem þær fela í sér.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Heiða Björk Árnadóttir

Innra tog: Starfsemi fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur 1991–2011

Viðfangsefni erindisins felst í að gera safnfræðslu (*museum learning*) sem fagi skil. Hugmyndin um menntunarhlutverk safna á sér langa sögu og er óaðskiljanlegur þáttur safnastarfs – ef ekki megintilgangur þess – en markmið, umfang og leiðir hafa lengi verið ágreiningsefni í faglegri umræðu á sviði safnafræða. Á Íslandi eru fræðsludeildir safna ekki margar og þar með ekki löng hefð fyrir faglegum ramma utan um starfið. Listasafn Reykjavíkur hefur starfrækt fræðsludeild frá 1991 og er sú starfsemi skoðuð sem tilvik til að greina aðstæður, stöðu, stefnu, mögulega þröskulda í framþróun safnfræðslu. Rannsóknaraðferðin er eigindleg viðtalsrannsókn. Rætt var við fimm starfsmenn safnsins sem unnu við fræðslu á tímabilinu 1991–2011 og tvö viðtöl tekin við hvern viðmælanda. Orðræðugreining á opinberum gögnum er tengjast fræðslustarfi safnsins var einnig framkvæmd og þá helst á ársskýrslum fræðsludeildar, stefnumótun og verkefnum, bréfum og útgáfu fræðsluefnis, blaðagreinum, fundagerðum og fyrirlestrum.

AlmaDís Kristinsdóttir

Almannarými án kvenna – Um kynjakerfi, karllæga rökhyggju og kvenmannsleysi safna

Menningarminjasöfn eru almannarými þar sem endurminningar samfélagsins eru búnar til og miðlað í þágu almennings. Samfélagsleg þróun, þróun í safnastarfi og þrýstingur minnihlutahópa á jafnræði í framsetningu safna hefur leitt til sí-aukinnar áherslu þeirra á margbreytileika og mismunandi sjónarhorn. Í stað þess að söfn séu hof algildrar þekkingar eru þau í auknum mæli skilgreind sem svið þar sem fjölbreyttum sjónarhornum og skoðunum er gefin rödd með það fyrir augum að endurspegla jafnræði, fjölbreytni mannlegra samfélaga og endur-minninga. Þrátt fyrir það má telja að slíkt jafnræði skorti hvað varðar hlut kynjanna í sýningum safna. Bent hefur verið á að hið kvenlega virðist undirsett, sett undir staðalmyndir eða með öllu ósýnilegt í frásögnum safna. Þverfaglegt yfirlit rannsókna á sviði safnafræði og kynjafræði leiðir í ljós að aukin áhersla safna á jafnrétti og sanngildi lýtur í lægra haldi fyrir viðteknum starfsháttum og venjum sem mótast hafa af kynkerfishugmyndum og karllægum grunni safna-starfs. Sýningar safna virðast fremur endurspegla ríkjandi samfélagsleg valda-tengsl og starfsgrundvöll sem byggir á samspili sjónleikjafræði og karllægrar rök-hyggju þar sem hið kvenlega er undirsett í tvenndarpari karlmennsku og kven-leika. Það veikir möguleikann á gagnrýnni afstöðu safna og takmarkar svigrúm til að beita kvenlegum gildum og kvenlegu sjónarhorni innan þeirra.

Arndís Bergsdóttir

Er munur á lífsánægju og líðan barna eftir uppruna?

Aðlögun að nýjum heimkynnum við flutning milli landa getur leitt til aukinnar streitu og vanlíðunar. Í erlendum rannsóknum kemur gjarnan fram að börn innflytjenda upplifa meiri vanlíðan og minni lífsánægju en innfæddir félagar þeirra, en þó eru rannsóknir misvísandi um þessi efni. Nokkuð skortir á sambærilegar upplýsingar hér á landi. Í erindinu er sjónum beint að lífsánægju og vanlíðan barna af erlendum uppruna á Íslandi. Borin eru saman svör íslenskra og pólskra, asískra og annarra evrópskra barna og miðast uppruni við það tungumál sem talað er á heimili. Byggt er á landskönnuninni Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC) sem lögð var fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk skólaárið 2009–2010. Alls svaraði 11.561 nemandi könnuninni og voru heimtur 87%. Niðurstöður sýna að lífsánægja er minnst og vanlíðan mest hjá börnum af asískum uppruna en næst eru börn af öðrum evrópskum uppruna. Tengslin eru jafnframt skoðuð með hliðsjón af aldri, kynferði, fjölskyldugerð, atvinnuþátttöku foreldra og efnahag, félagslegum stuðningi, fjölda vina og bekkjarbrag.

Eyrún María Rúnarsdóttir
Rúnar Vilhjálmsson

Skólafatnaður gegn einelti*

Einelti í grunnskólum er vaxandi vandamál og er mikið í þjóðfélagsumræðunni. Vellíðan barna skiptir foreldra höfuðmáli og hópefli skiptir börnin miklu máli því þau vilja vera hluti af heildinni. Markmiðið hér er að varpa ljósi á hvort skólaföt muni auka frekari vellíðan barna í skólum. Rannsóknin gekk út á hvort skólaföt hafi fleiri kosti en galla, finna út hvort skólaföt leiði til betri líðan barna, minnki einelti og auki hópefli. Í rannsókninni var beitt eigindlegri og megindlegri rannsóknaraðferð.

Meginmarkmið þessar erindis er að kynna niðurstöðu rannsóknar þar sem kannað var hvort hægt sé að ná betri árangri gegn einelti í íslenskum skólum með innleiðingu skólafatnaðar.

Helstu niðurstöður eru að skólaföt hefðu fleiri kosti en galla þar sem nánast 60% þátttakenda voru sammála um að þau væru félagslega jákvæð fyrir börn, þau efldu bæði stolt og sjálfsmynd þeirra. Í ljós kom að skólaföt minnkuðu útgjöld heimilisins og að skólaföt bæta ímynd skóla og styðja við jákvæða hegðun hjá börnum.

Eydís Brynjarsdóttir
Eðvald Möller

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Einelti frá sjónarhorni gerenda

Einelti er almennt viðurkennt sem alvarlegt vandamál í grunnskólum á Íslandi, ekki síst vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem það hefur. Athyglisvert er að einelti hefur þó ekki aðeins neikvæð áhrif á þolendur heldur einnig á gerendur en rannsóknir sýna að án inngripa er líklegt að ákveðinn hluti þeirra lendi í verulegum og jafnvel langvarandi vandræðum vegna andfélagslegrar hegðunar. Þrátt fyrir að þetta sé vitað beinast fáar rannsóknir að gerendum í eineltismálum og þeirra sjónarhorni og engin slík rannsókn hefur verið gerð á Íslandi svo vitað sé til. Með rannsókninni sem hér um ræðir er ætlunin að bæta úr þessum skorti og líklegt má telja að niðurstöður muni bæta við þá þekkingu sem fyrir er. Unnið verður úr gögnunum á hefðbundinn hátt miðað við að um eigindleg viðtöl er að ræða, þ.e. viðtölin afrituð orðrétt, gögnin marglesin, kóðuð og þemu fundin. Í erindinu verður rannsóknin kynnt, ásamt því að fjallað verður um gerendur út frá fræðilegu sjónarhorni.

Vanda Sigurgeirsdóttir
Guðný Björk Eydal

Hvert stefnir barnaverndin? Raddir félagsráðgjafa í barnavernd*

Í kjölfar efnahagshrunsins 2007 hafa barnaverndarstarfsmenn orðið varir við talsverðar breytingar í starfi sínu. Þrátt fyrir spá um aukinn fjölda mála hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda heldur fækkað en að mati félagsráðgjafa í barnavernd er vandi barnanna og fjölskyldna þeirra nú meiri og flóknari. Þessi breyting hefur leitt til þess að vinnsla málanna tekur lengri tíma og þörf er á öðrum og fjölbreyttari stuðningsúrræðum en áður. Ríki og sveitarfélög hafa aðeins að takmörkuðu leyti brugðist við þessari þörf.

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum kannana sem gerðar hafa verið um fjölda mála hjá barnaverndarnefndum, starfsaðstæðum þeirra og greiningu gagna þar sem barnaverndarstarfsmenn fjölluðu um stöðu málaflokksins

Niðurstöður sýna meðal annars að félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn barnaverndarnefnda telja sig ekki geta veitt viðunandi þjónustu og að fjölga þurfi starfsmönnum verulega. Þá eru vísbendingar um að hluti þeirra þjáist af alvarlegum einkennum kulnunar. Þær breytingar sem orðið hafa á starfinu kalla jafnframt á aukna endur- og símenntun auk sérhæfingar innan barnaverndar.

Anni G. Haugen

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Iceland and the International Financial Crisis Boom, Bust & Recovery

In autumn 2008 Iceland became the poster child of the global Credit Crunch when its three international banks came tumbling down within a single week, amounting to one of the greatest national financial crisis. The tiny Nordic country was reported as being a rogue state defaulting on its obligation. In the years leading up to the Crash Iceland had been triumphed in world business media as an economic miracle. Its new breed of Viking Capitalist had become rock stars of the global finance driven economy. Now their action was testing the foundations of Europe's financial system. The threat of a domino effect was imminent. Five years on, Iceland is well on the road to recovery, with greater growth and less unemployment than in most European states.

The book forthcoming by *Palgrave Macmillan* in 2014 is original in the way in which it wants to widen attention towards the Icelandic Financial Crisis. The main novelty is the use of postcolonial analysis to cast a cultural light on Iceland's political and economic behaviour before, during and after the Crash. The key point is to relate questions on the Icelandic Financial Crisis to aspects of a financialised world and questions of nationality, finance, the economy and the European Union are addressed. The book takes a critical approach to the claims of the financialization advocates, and provides an approach that relates the questions of the national economy and globalisation to current trends in Europe and the World.

Eiríkur Bergmann

Explanations of the Icelandic Bank Collapse*

Professors R. Wade and H.-J. Chang explain the 2008 collapse of the Icelandic banks as a consequence of deregulation and even a "neo-liberal experiment". Wade uses the notion of a "shadow elite" to characterise power relationships before the collapse. Here, these explanations will be explored. Was financial regulation laxer in Iceland than in other EEA countries? Was a "neo-liberal experiment" conducted in 1991–2004? What does such a claim mean? Thirdly, was a "shadow elite" very powerful in the years before the bank collapse? How can such a "shadow elite", and its power, be identified? The conclusion is that these explanations are mostly unfounded. Financial regulation was the same in Iceland as in other EEA countries; there was no "neo-liberal" experiment in Iceland 1991–2004; during that period Iceland was not ruled by any one "shadow elite", although some such elites existed. However, Wade and Chang may be right on two counts: In Iceland, bankers and businessmen were viewed with a certain laxness, especially in the years 2004–2008; and even if there is usually a competition between different "shadow elites" in a Western democracy, one such elite became quite powerful in Iceland 2004–2008.

Hannes H. Gissurarson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Hverjum kenna Íslendingar um efnahagshrunið?

Allt frá því að efnahagshrunið skall á í október 2008 hafa Íslendingar krafist þess að fá að vita hvers vegna fór sem fór og hverjum sé um að kenna. Í þessum fyrirlestri er spurt að því hvort að nú fimm árum, búsáhaldabyltingu, Rannsóknarskýrslu Alþingis og nokkrum ólíkum kosningum síðar, það hafi breyst frá 2009 til 2013 hverjum Íslendingar kenna um hrunið. Greind verða gögn úr íslensku kosningarannsókninni frá 2009 og 2013 til þess að leggja mat á þessa spurningu. Sett er fram sú tilgáta að þrátt fyrir að kjósendur kenni fyrst og fremst viðskiptabönkunum um hrunið þá hafi hlutfall kjósenda sem kennir stjórnmálamönnum um hrunið aukist milli kannnana. Þetta helgast af því að stjórnmálamenn hafa staðið í eldlínunni undanfarin ár á meðan útrásarvíkingar hafa dregið sig í hlé. Kjósendur Sjálfstæðisflokks eru taldir líklegri til að kenna neyslugleði almennings um hrunið heldur kjósendur annarra flokka. Niðurstöður verða greindar eftir stjórnmálaafstöðu, tilfinningum sem fólk upplifir í tengslum við hrunið og hvernig fólk metur stöðu efnahagsmála í dag.

Hulda Þórisdóttir

Búsáhaldabyltingin
Pólitískt tækifæri

Mótmælin sem áttu sér stað haustið 2008 og byrjun árs 2009 gefa færi á að rannsaka hvaða ferli eru að baki sem virkjað geta hinn almenna borgara til að taka þátt í fjöldamótmælum og óeirðum. Þátttakan var mikil meðal almennings en áætlað er að fjórði hver íbúi höfuðborgarsvæðisins hafi lagt leið sína niður á Austurvöll.

Í erindinu verða kynntar niðurstöður úr eigindlegri viðtalsrannókn okkar á upplifun og reynslu einstaklinganna sem tóku þátt í mótmælunum 2008–2009. Sérstök áhersla verður lögð á hrunið og mótmælin sem pólitískt tækifæri til að koma á framfæri skoðunum um fyrirliggjandi hugmyndakerfi sem brást. Hið pólitíska tækifæri hrunsins verður einnig rætt með tilliti til aðkomu aktivistana sem að margra mati spiluðu stórt hluverk í mótmælunum.

Jón Gunnar Bernburg
Anna Soffía Víkingsdóttir

Lögreglan og búsáhaldabyltingin

Búsáhaldabyltingin svokallaða, mótmælaaðgerðir í Reykjavík undir lok ársins 2008 og í byrjun 2009, var um margt sérstakur atburður í íslenskri sögu. Lengd mótmælanna, fjöldi þátttakenda og átökin eiga sér enga hliðstæðu. Alþjóðlega hefur líka vakið athygli hversu lítið ofbeldi tengdist mótmælunum og ekki síst af hendi lögreglunnar þó flestir þættir sem ýta undir ofbeldi hafi verið til staðar. Í þessari rannsókn er sjónum beint að upplifun þeirra lögreglumanna sem stóðu vaktina þessa örlagaríku vetrardaga. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 12 lögreglumenn og þeir fengnir til að gefa sína mynd af því sem þarna átti sér stað. Í viðtölunum birtist sama mynd hjá lögreglunni og hjá hermönnum, þ.e. að ástæða þess að lítið var um ofbeldi var að lögreglumennirnir voru ekki sem einstaklingar í stöðum sínum. Meðal annarra atriða sem fram koma er samúð lögreglumanna með mótmælendum og málstað þeirra; hugmyndir um að skipta megi mótmælendum í þrjá, misstóra hópa; gremja í garð nokkurra þingmanna; lítill ótti við mótmælendur en mikil þreyta eftir afar erfið vinnuskilyrði.

Ingólfur V. Gíslason

Upp rísi þjóðlíf
Um þjóðarímynd, menningu og margbreytileika

Á uppgangsárunum fram að hruni 2008 var mikil áhersla lögð á efnahagslega og karllæga þætti og einstaklingsframtak í samfélaginu, sem endurspeglaðist meðal annars í þeirri ímynd sem þjóðin kaus að birta af sjálfri sér. Við efnahagshrunið urðu hins vegar ákveðnar breytingar þar á. Í erindinu er sjónum beint að íslenskri þjóðarímynd, birtingarmynd og túlkun hennar í fjölmiðlum stuttu fyrir og eftir hrun. Skoðað er það ferli breytinga sem ímyndin tók á þessum tíma með tilliti til þátta á borð við kyngervi, kynþátt, menningarlegan margbreytileika og jafnrétti og áhersla er lögð á að skoða það sem kalla má eftir-hrun ímynd.

Í erindinu færum við rök fyrir því að umtalsverðar breytingar hafi átt sér stað eftir hrun hvað varðar áherslur á þætti á borð við menningarlegan margbreytileika og fólk af erlendum uppruna. Nýlegar greiningar á birtingamynd þjóðar-ímyndarinnar í fjölmiðlum hafa hins vegar sýnt fram á ákveðið afturhvarf til pólitískra og efnahagslegra hugmynda og viðmiða sem voru gildandi fyrir hrun.

James Rice
Helga Björnsdóttir

„Hernaðarlúkk"
Um hernaðarhyggju og hervæðingu

Fræðimenn hafa bent á að hugsunargangur hernaðarhyggju hafi á síðustu áratugum orðið æ meira áberandi í flestum samfélögum heimsins og samofinn menningu þeirra. Hernaðarhyggja felur í sér margþætt pólitísk tengsl á milli hers og borgaralegs rýmis sem birtist í ýmsum þáttum mannlífsins, bæði huglægum sem hlutlægum. Hugmyndafræði hernaðarhyggju og hugmyndir um karlmennsku eru nátengd fyrirbæri sem endurspeglast í ýmsum sameiginlegum þáttum sem aftur tengjast og hafa áhrif á nútíma þjóðernishyggju og hugmyndir um þjóðarsjálfsmynd.

Í fyrirlestrinum er sjónum meðal annars beint að Íslensku friðargæslunni sem dæmi um birtingarmynd hernaðarhyggju. Stuðst er við gögn úr nýlegri rannsókn sem beindist meðal annars að hugmyndafræðilegri tilurð og staðsetningu Íslensku friðargæslunnar í orðræðum yfirvalda og tengslum við alþjóðlega og pólitíska orðræðu um friðargæslu. Stofnun Friðargæslunnar og fyrstu starfsár hennar fóru saman við uppgangsárin fram að hruni 2008 þegar útrás íslensks efnahagslífs stóð sem hæst. Getum er leitt að því að þetta tvennt hafi verið hluti af sameiginlegu hugmyndafræðilegu rými sem aftur hafði áhrif á opinbera þjóðarímynd landsins sem þá var haldið á lofti.

Helga Björnsdóttir

„Þjóð sem getur ekki rekið McDonald's getur varla rekið banka": Sjálfsmynd þjóðar á krepputímum

Það vakti heimsathygli þegar alþjóðlega veitingahúskeðjan McDonald's tilkynnti um lokun veitingahúsanna á Íslandi í október 2009, ári eftir íslenska efnahagshrunið. Lokunin vakti ekki síður athygli og umræður hér á Íslandi og mynduðust langar raðir af fólk sem ætlaði að fá sér síðasta McDonald's hamborgarann. Í fyrirlestrinum er sýnt fram á hvernig lokun veitingastaðarins var fyrir mörgum táknmynd hrunsins og stöðu Íslands alþjóðlega, sem og að endurspegla land og þjóð. Stuðst er við dagblaðaumræðu og bloggumræður sem og við viðtöl við einstaklinga sem unnu í tengslum við íslenska fjármálalífið. Umfjöllun greinarinnar er tengd við fræðilegar hugmyndir um hnattvæðingu og kreppu og beinir sjónum að mikilvægi þess að skoða hvernig „kreppa" verður hluti af sjálfsmynd þjóðar.

Kristín Loftsdóttir

„Ég á ofsalega erfitt með að líta á mig sem innflytjanda en ég er náttúrulega innflytjandi“: Reynsla Íslendinga sem flust hafa til Noregs

Í kjölfar íslenska efnahagshrunsins haustið 2008 jukust fólksflutningar frá landinu og árið 2009 fækkaði landsmönnum í fyrsta sinn frá lokum 19. aldar. Nær þriðjungur af þeim íslensku ríkisborgurum sem hafa flust á brott eftir 2008 hafa farið til Noregs og hefur fjöldi Íslendinga í Noregi rúmlega tvöfaldast eftir hrun. Erindið byggir á viðtölum sem tekin voru árin 2012 og 2013 við Íslendinga búsetta í Noregi. Fjallað er um reynslu þeirra og skoðað hvernig þeir upplifa stöðu sína sem aðkomufólk í nýju samfélagi. Í viðtölunum útskýra Íslendingarnir að þeir séu sjaldan flokkaðir sem innflytjendur í Noregi, heldur hverfi þeir í fjöldann ólíkt öðrum innflytjendum sem skera sig „óþægilega“ úr. Það fer hins vegar eftir atriðum á borð við tungumálakunnáttu og útliti hvort Íslendingarnir eru taldir tilheyra norsku samfélagi eða ekki og hvort þeir mæta velvilja, tómlæti eða jafnvel óvild.

Guðbjört Guðjónsdóttir

Viðhorf til innflytjenda á krepputímum

Rannsóknir hafa sýnt að efnahagskreppur geta valdið minnkandi umburðalyndi í samfélginu. Viðhorf til útlendinga í Evrópu og Bandaríkjunum hafa orðið neikvæðari eftir efnhagashrunið 2008 og á Íslandi má einnig finna breytt viðhorf í kjölfar kreppu. Innflytendum fjölgaði hratt á síðasta áratug og komu flestir til landins þegar skortur var á vinnuafli. Eftir kreppu hefur atvinnuleysi verið meira meðal erlendra ríkisborgara en meðal Íslendinga og þeir hafa átt erfiðara með að komast aftur inná vinnumarkaðinn. Í fyrirlestrinum eru kynntar niðurstöður stuttrar spurningalistakönnunar þar sem leitast var við að kanna viðhorf Íslendinga til innflytjenda sem flust hafa til landins vegna vinnu. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti svarenda voru jákvæðir gagnvart því að erlent fólk komi til starfa á Íslandi og töldu það gott fyrir íslenskt atvinnulíf. Meirihluti hafði jákvæða reynslu af að starfa með erlendu fólki. Þó má sjá marktækan mun á viðhorfum svarenda eftir launum þeirra, kyni og menntun. Þeir svarendur sem minnsta menntun hafa og eru í lægst launuðustu störfunum eru neikvæðari en þeir sem hafa meiri menntun og hærri laun. Einnig eru viðhorf jákvæðari í þéttbýli en í dreifbýli.

Unnur Dís Skaptadóttir

Þróun félagsauðs í íslensku samfélagi

Niðurstöður rannsókna sýna ekki einhlíta mynd um hvernig félagsauður hefur þróast undanfarna áratugi í vestrænum þjóðfélögum. Víðamikil rannsókn Robert Putnams á félagslegri þátttöku og trausti í bandarísku þjóðfélagi sýndi mikla hnignum félagsauðs þar í landi á síðari hluta 20. aldar. Hins vegar benda rannsóknir til að þær þjóðfélagsbreytingar sem Putnam tilgreinir sem ástæður hnignunarinnar hafa ekki haft hliðstæð áhrif í Evrópu. Rannsóknin gengur út á að skoða þróun félagsauðs í íslensku samfélagi með því að bera saman mælingar á félagslegri virkni, þátttöku og félagslegu trausti milli tímabila. Vísbendingar er um að félagsauður hafi styrkts á síðustu áratugum og að Ísland hafi þannig fylgt sömu þróun og önnur ríki í norðanverðri Evrópu. Leitast verður við að skoða hvort þessi aukning sé að finna heilt yfir samfélagið, eða hvort hún sé bundin við ákveðna þjóðfélagshópa eða tilkomin vegna breytinga milli kynslóða. Gögn rannsóknarinnar eru úr gagnasafni evrópsku lífsgildakönnunarinnar (*European Value Study*), frá 1981 til 2010.

Sjöfn Vilhelmsdóttir

Hefur Akureyri enga miðju?

Í flestum borgum er verðlína (*price contour*) fasteignaverðs niðurhallandi þannig að verð er hæst á miðju en lækkar út til jaðranna. Þetta er í samræmi við kenningar Von Thunen um landnýtingu og David Ricardo um jarðrentu. Halli verðlínunnar fer eftir ýmsum þáttum, s.s. flutningskostnaði, atvinnuháttum og stærð þéttbýlisins. Aukinheldur mætti nefna efnahagsbreytur líkt og vaxtastig. Fyrstu öruggu mælingarnar fyrir verðlínu Reykjavíkur eru frá lokum níunda áratugarins sem sýna hana sem flata, en hallinn hefur mjög aukist á síðustu 20 árum.

Í þessari rannsókn er verðlína Akureyrar skoðuð og borin saman við verðlínu Reykjavíkur. Verðlína beggja staða er metin með aðfallsgreiningu byggða á gögnum frá kaupsamningum frá árinu 2006 til vorra daga. Samhliða eru metin áhrif annarra gæðaþátta á verðgildi fasteigna, s.s. byggingarárs, byggingartegund, bílskúrs og o.s.frv. Niðurstöðurnar sýna að verðlína Akureyrar er upphallandi frá miðju og að byggingarár skiptir mun meira máli fyrir fasteignaverð en í Reykjavík. Þetta vekur upp spurningar um hvort Akureyri sé of smár þéttbýlisstaður fyrir miðjuáhrif, sú staðsetning sem skilgreind hefur verið sem miðja hafi í raun ekki hagræna þýðingu sem slík eða lægra fasteignaverð geri það verkum að endurbætur gefi hlutfallslega minni endurgjöf en í Reykjavík.

Ásgeir Jónsson
Helga María Pétursdóttir

Skrítinn hlutabréfamarkaður

Þessi grein byggir á einfaldri rannsókn á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Kannað var hvort íslenskur hlutabréfamarkaður hafi uppfyllt veika skilvirkni. Athugað var hvort einhverjar upplýsingar væru í verðþróun hlutabréfa og hvort hægt hefði verið að ná ávinningi ef fjárfest hefði verið eftir sögulegri verðþróun. Það tímabil sem var athugað var frá ársbyrjun 1993 til loka mars 2013. Nánar til tekið þá var kannað hvort einhver ávinningur væri í að skoða þróun úrvalsvísitölunnar, og hvort einhver ávinnur næðist með því að reikna út svokallað fljótandi meðaltal (*moving average*) og fjárfesta eftir því. Einnig var kannað hvort marktækt samband hefði verði á milli vaxtastigs (áhættulausra vaxta) og ávöxtunar. Niðurstöðurnar eru afgerandi. Verulegt samband var á milli þess hvort úrvalsvísitalan var fyrir ofan eða neðan 70 daga fljótandi meðaltal og ávöxtunar úrvalsvísitölunnar, en nokkuð, en þó ekki marktækt milli vaxtastigs og ávöxtunar hlutabréfa. Í framhaldi af því var búin til einföld viðskiptaregla þar sem þessar niðurstöður voru notaðar og hefði hún skilað afburðaávöxtun á því tímabili sem rannsóknin nær yfir.

Stefán B. Gunnlaugsson

Söguleg ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða*

Í rannsókninni er skoðuð ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða frá upphafi lífeyriskerfisins um 1970 til vorra daga. Sérstaklega er sjónum beint að hruni sjóðanna, annars vegar á áttunda áratugnum og hins vegar í núverandi fjármálakrísu. Í ljós kemur að ávöxtun hefur verið afar misjöfn. Mismunandi aðferðir við að reikna út ávöxtun gefa jafnframt mjög ólíka niðurstöðu. Sé horft allt aftur til 1970 hefur meðalraunávöxtun sjóðanna verið neikvæð en sé horft á tímabilið frá því verðtrygging var leyfð og í kjölfarið vextir gefnir frjálsir er árangurinn mun betri, þrátt fyrir hrunið 2008. Ýmislegt hefur verið fullyrt um tjón sjóðanna í hruninu sem ekki stenst við nánari skoðun. Til að reikna út tjón vegna mistaka í eignastýringu þarf ef vel á að vera að finna raunhæfan betri kost og bera áætlaðan árangur af þeirri leið saman við árangur af þeirri leið sem farin var í raun. Jafnframt þarf að taka tillit til þess sem menn vissu eða máttu vita á hverjum tíma, þegar ákvarðanir um fjárfestingar voru teknar. Þetta var ekki gert í skýrslu rannsóknarnefndar sem fjallaði um fjárfestingar lífeyrissjóða í aðdraganda hrunsins og því gefa niðurstöður nefndarinnar mjög villandi mynd af raunverulegu tjóni.

Gylfi Magnússon

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Verðtrygging og inntak kjarasamninga*

Verðtryggingunni var komið á vegna þess að peningakerfi landsins hætti að virka í verðbólgubylgjum sjöunda og áttunda áratugs síðustu aldar. Fé á banka rýrnaði að verðgildi. Staða skuldara var hins vegar betri. Fengi hann víxillán gat hann hagnast á að fjárfesta í varningi og selja á endurgreiðsludegi víxilsins. Þetta varð til þess að langar biðraðir frá móttökuherbergjum bankastjóranna og út á götur bæjanna voru hluti af götumyndinni enda nánast ótæmandi eftirspurn eftir þeim fáu krónum sem fengust að láni á þriggja eða sex mánaða víxlum. Allar ríkisstjórnir þessa tíma höfðu sem meginmarkmið að kveða niður verðbólguna. Árangurinn var minni en enginn, enda lítill vilji til að taka afleiðingum harkalegra verðbólguletjandi aðgerða. Þetta breyttist ekki fyrr en með samþykkt svokallaðra Ólafslaga árið 1979. Í greininni er þessi saga rakin og lögð drög að leikjafræðilegri greiningu til að skýra hvernig verðtryggingin breytti rammaskilyrðum kjarasamninga. Verðtrygging fjárskuldbindinga mótaði markmið og markmiðssetningu aðila á vinnumarkaðnum eftir að áhrifa laganna tók að gæta. Í stað þess að miða kaupkröfur við að fá bættar verðhækkanir sem fallið höfðu til frá síðasta samningi og eitthvað smávegis í viðbót var farið að miða við greiðslugetu atvinnulífsins að gefinni hóflegri verðbólgu. Breytt kjarasamningsumhverfi voru hliðaráhrif Ólafslaga. Óvíst er að allir þeir sem komu að mótun efnahagsstefnu á þeim tíma hafi gert sér grein fyrir því. Kannski slysuðust stjórnmálamenn til þess að breyta grundvallarreglum efnahagslífsins með jákvæðum hætti.

Þórólfur Matthíasson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Mannréttindasáttmáli SÞ um réttindi fatlaðs fólks Innleiðing og eftirlit

Nýr mannréttindasáttmáli um réttindi fatlaðs fólk var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna í desember 2006 og tók gildi árið 2008. Sáttmálinn felur í sér nýbreytni á mörgum sviðum mannréttinda. Meðal þeirra nýjunga sem þar er að finna eru í 33. greininni en þar eru sett fram ítarlegri ákvæði um innleiðingu, framkvæmd og eftirlit en nokkru sinni fyrr hafa sést í alþjóðlegum mannréttindasáttmála. Vegna þess hversu mikil nýmæli felast í ákvæðum 33. greinarinnar er lítil reynsla til að byggja á við framkvæmd þeirra. Því hafa lönd víða um heim þróað mismunandi lausnir við innleiðingu á 33. greininni. Í þessu erindi verður fjallað um þær kröfur sem gerðar eru í 33. grein mannréttindasáttmálans um innleiðingu og eftirlit með framkvæmd hans. Jafnframt verða raktar niðurstöður alþjóðlegra rannsókna á þeim ólíku leiðum sem Evrópulönd hafa farið við innleiðingu, framkvæmd og eftirlit. Í lokin verður brugðið ljósi á þær leiðir sem Ísland hefur í hyggju að fara við framkvæmd ákvæða 33. greinar mannréttindasáttmálans.

Rannveig Traustadóttir

Hver er normal?
Hugmyndir fatlaðs fólks um ófatlaða

Í marga áratugi hafa fræðimenn beint talsverðri athygli að lífi og aðstæðum fatlaðs fólks og þá sérstaklega út frá sjónarhorni fagfólks, aðstoðarfólks og fjölskyldum fatlaðs fólks. Á undanförunum misserum hefur aukinni athygli verið beint að reynslu fatlaðs fólks og hvernig það upplifir sínar aðstæður. Einnig hefur talsvert verið skrifað um hvað fötlun er og fyrirliggjandi mismunandi skilgreiningar, læknisfræðilegar og félagslegar, á hugtakinu. Hinsvegar hefur ófötlun sem félagslegt fyrirbæri eða ástand verið lítið skoðað. Í þessari rannsókn verður horft á ófatlað fólk út frá sjónarhorni fatlaðs fólks. Talað var við lítinn hóp af ungu fötluðu fólki og var notast við rýnihópaviðtöl í þeim tilgangi að skoða hvað gæti talist normal. Markmið rannsóknarinnar sem hófst árið 2010 er að staðsetja og skilgreina hugmyndir ófatalaðra unglinga um fatlað fólk og fötlunarhugtök. Eftir að hafa talað við tíu drengi og tíu stúlkur úr fjórum grunnskólum og sjö pilta og 11 stúlkur úr fjórum framhaldsskólum þótti tímabært að breyta sjónarhorninu og skoða einnig hvað teljist normal eða hverjir það eru sem eru skilgreindir sem ófatlaðir. Með því að ræða og fjalla um hugmyndir okkar um hvað það er sem telst verða eðlilegt eða hverjir það eru sem teljast ófatlaðir væri hægt að skilja betur viðbrögð samfélagsins við þeim sem flokkaðir eru sem fatlaðir eða Hinir.

Kristín Björnsdóttir
Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir

„Djöfull er hún þroskaheft!!“ Um myndhverfingar og fatlaða foreldra í netheimum

Rannsóknir um aðgengi fatlaðra foreldra að foreldrahlutverkinu sýna að neikvæð viðhorf og litlar væntingar annarra geta haft veruleg áhrif á velferð fjölskyldna. Með tilliti til valdeflandi og valdskerðandi eiginleika internetsins og þess að á netinu er rými fyrir ólíka hópa til að viðra hugsanir sínar og skoðanir ákváðum við að greina birtingarmyndir fötlunar og foreldrahlutverks í netumræðu. Markmiðið var að öðlast skilning á því hvað einkenndi orðræðu fatlara foreldra annars vegar og orðræðu annarra um fatlaða foreldra hins vegar í netmiðlum. Í þessum tilgangi orðræðugreindum við 1800 athugasemdir á umræðuþráðum, bloggum og öðrum netmiðlum. Niðurstöður leiddu í ljós að fatlaðir foreldrar og hreyfingar fatlaðs fólks virðast ekki hafa notað vefmiðla til að tala fyrir rétti sínum til fjölskyldu- og foreldrahlutverks. Orðræða um foreldrahlutverk einkenndist af gallaskilning á fötlun þar sem ólíkar skerðingar voru notaðar sem myndhverfingar fyrir vanhæfni, skammaryrði og til efasemda um foreldrahæfni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að veruleg þörf sé fyrir upplýsta umræðu og réttindabaráttu.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir
Kristín Björnsdóttir

Tengsl umhverfis og þátttöku frá barnæsku til unglingsára

Vaxandi þekking og viðurkenning er á því hvernig umhverfið ýmist stuðlar að eða dregur úr þátttöku fatlaðs fólks við ýmsar aðstæður. Umhverfið sjálft er reyndar mikilvægur hluti þátttöku þar sem það bæði skapar tilteknar forsendur og tækifæri, og er jafnframt eins konar sviðsmynd þar sem þátttaka á sér stað. Umhverfið hefur í gegnum tíðina mótast af þörfum ófatlaðs fólks en gott aðgengi sem byggir á algildri hönnun (*universal design*) og viðeigandi aðlögun, er lykilatriði fyrir samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og auðveldar því að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi.

Í fyrirlestrinum verður greint frá tengslum hugtakanna umhverfi, þátttaka og algild hönnun og jafnframt frá forsendum og birtingarmyndum þátttöku í ólíku umhverfi. Stuðst verður við valin dæmi úr langtímarannsókn höfundar á skólagöngu fatlaðra barna og ungmenna. Sjónum er ýmist beint að því sem börnin og ungmennin taka sér fyrir hendur (hversu oft og að hve miklu leyti) en einnig að mikilvægi auðfáanleika, aðgengileika, sveigjanleika og fýsileika, sem og því að vera samþykktur og viðurkenndur við tilteknar aðstæður.

Snæfríður Þóra Egilson

Education and Health: The Effect of School Reforms on Birth Outcomes

This study investigates the effects of schooling on the incidence of preterm births and low birth weight using secondary school reforms in Iceland. A law change in 1974 immediately affected the structure of Iceland's secondary school system and was in part implemented in 1985 when one year was added to compulsory schooling. Both changes of the secondary-school system were studied. Regression discontinuity analysis was performed on data from the Icelandic Birth Registry to compare births of female cohorts born before and after school reforms. Results show that the school reforms had statistically significant causal effects on birth outcomes. The former school reform had a positive effect on gestational age and the latter school reform had a positive effect on birth weight conditional on gestational age. These results harmonize with former research on the subject where the effects of education on various health outcomes have been studied.

Kristín Helga Birgisdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Resistant bacteria

Methicillin-resistant Staphylococcus aureus (MRSA) is a strain of the bacteria Staphylococcus aureus (SA). Methicillin is an antibiotic that is effective in treating infection caused by SA but is ineffective in treating MRSA infection. The cost of treatment and the mortality rate of MRSA infection is estimated to be higher than another strain of SA, Methicillin-susceptible Staphylococcus aureus (MSSA). In Nordic Countries and the Netherlands, health care authorities employ a Search and Destroy Policy/Program (SDP) to hinder the spread of MRSA within hospitals. However, the actual benefit from the use of SDP is almost unknown. The aim of this study is to estimate the societal cost and benefit of the SDP applied against MRSA in Iceland. The research method involves calculations based on a hypothetical scenario model. The incremental benefit of the program and the cost for each year over 50 years are calculated. Then these amounts are discounted to estimate the present value of the program. In Iceland, the net social benefit (NSB) of the SDP is worth a total of ISK 833m. The NSB of each healthy and saved life year is worth ISK 0.5m, with the internal rate of return of the program at approximately 11% for the base case. Scenario analysis indicates that in order for the NSB to be positive, the ratio of MRSA infections out of all SA infection needs to be higher than at least 17.5% and the mortality rate for MRSA infected patients needs to be at least 15.0% to 20.0% higher than the rate for MSSA infected patients. The results therefore indicate that the NSB of the Icelandic SDP is positive but is subject to differences in the consequences when compared to MSSA at a given level. Recommendations are made regarding the importance and validity of using cost-benefit methods to improve decisions and effective policies within the health care system.

Guðmundur Bergþórsson
Ólafur Guðlaugsson
Þórólfur Matthíasson

„Þátttaka á vinnumarkaði er lykillinn að þátttöku á öðrum sviðum mannlífsins“: Daglegt líf, lífsgæði og endurhæfing kvenna sem glíma við vefjagigt

Rannsóknin sem um ræðir er enn í gangi, en markmið hennar er að skoða samfélagsþátttöku og lífsgæði fólks sem glímir við fötlun eða langvinna sjúkdóma og reynslu þeirra af þverfaglegri endurhæfingu. Gögnum er safnað með eigindlegum viðtölum við þátttakendur ýmissa notendasamtaka og greining gerð samhliða gagnasöfnun. Kynntar verða niðurstöður greiningar á viðtölum við sex konur sem höfðu haft vefjagigt í alllangan tíma og sótt endurhæfingarþjónustu á ýmsum vettvangi. Allar konurnar lýstu miklum breytingum á starfsgetu sinni, hlutverkum og þátttöku. Viðamesta breytingin var að þurfa að hverfa af vinnumarkaði, en fyrir þeim var atvinnuþátttaka lykillin að þátttöku á öðrum sviðum lífsins. Sumum hafði þó tekist að bæta upp þennan missi með því að skapa sér ný eða stærri hlutverk á öðrum vettvangi, t.d. innan fjölskyldunnar eða í félags- og trúnaðarstörfum. Endurhæfing var veigamikill þáttur í lífi kvennanna og þó að sumar hefðu reynslu af heildrænni og einstaklingsmiðaðri þjónustu gagnrýndu þær almennt hversu einkennamiðuð hún var og án tengsla við daglegt líf, samfélagsþátttöku og lífsgæði. Flestar konurnar lýstu fordómum frá umhverfinu þar sem skerðing þeirra var lítt sýnileg og þeim fannst velferðarkerfið vera flókið og jafnvel niðurlægjandi. Helstu bjargráð þeirra byggðust á innri styrk þeirra sjálfra, jákvæðni og trú á framtíðina.

Guðrún Pálmadóttir

„Þyngdin er bara einkenni“: Reynsla og lífsgæði einstaklinga með matarfíkn

Í greininni verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á lífsgæðum einstaklinga með matarfíkn. Rannsóknin var hluti af MA verkefni í félagsráðgjöf. Ekki hefur verið fjallað mikið um lífsgæði einstaklinga með matarfíkn, hvorki á erlendum né innlendum grunni og því vert að skoða lífsgæði þessa hóps.

Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í reynslu og lífsgæði einstaklinga sem telja sig haldna matarfíkn. Tekin voru eigindleg viðtöl við átta konur. Þær voru á aldrinum 27–56 ára og höfðu allar sótt sér aðstoð vegna matarfíknar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að upplifun kvennanna á matarfíkn hafi veruleg áhrif á daglegt líf þeirra. Allar konurnar upplifðu einhver einkenni fíknar, meðal annars fráhvörf og sterka löngun í vissar fæðutegundir. Einnig hafði fíkn þeirra og þyngdaraukning áhrif á félagslega líðan, en ofþyngd og offita eru taldar algengustu birtingarmyndir matarfíknar. Hægt er að draga þá ályktun af niðurstöðunum að taka þurfi tillit til matarfíknar í íslensku heilbrigðiskerfi vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á lífsgæði einstaklinga og taka til skoðunar aðra nálgun í baráttunni við ofþyngd.

Ragna Dögg Þorsteinsdóttir

Seigla fólks: Atviksathugun

Markmið umfjöllunarinnar er að átta sig betur á fræðilegri umræðu á alþjóðavettvangi um seiglu fólks og gefa dæmi um seiglu einstaklings hérlendis. Greint verður frá þróun rannsókna á seiglu og stöðu þekkingar nú. Seigla hefur verið skilgreind sem ferli sem lýsir hæfni fólks til að aðlagast á farsælan hátt í samspili við styðjandi umhverfisþætti, þrátt fyrir að búa við ögrandi aðstæður, áföll eða andstreymi. Tvennt þarf að vera til staðar til að hægt sé að tala um seiglu. Annars vegar það að einstaklingur eða barn hafi reynslu af eða búið við einhvern áhættuþátt (t.d. óreglu foreldra) sem getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir barnið í samtíð og framtíð, t.d. félagslega eða námslega. Hins vegar þarf að vera til staðar að barninu gengur almennt vel og hefur aðlagast prýðilega þegar til lengri tíma er litið þrátt fyrir að hafa búið við slíkar aðstæður. Velt verður upp spurningunni: En hvenær getum við sagt að einhver sé þrautseigur? Hvað er að ganga vel, hvar eru mörkin? Í framhaldi verður greint frá niðurstöðu þemagreiningar viðtals við konu um fertugt sem lítur til bernsku sinnar og skoðar hvaða þættir styrktu hana til að takast á við hörmulega lífsreynslu heima fyrir í uppvexti sínum.

Sigrún Aðalbjarnardóttir

Ekkert svar er svar í sjálfu sér

Svarhlutfall hefur augljóslega mikil áhrif á alhæfingagildi rannsókna. Spurningar um hæð og þyngd eru oft viðkvæmar fyrir unglinga og gefa lækkun í svarhlutfalli. Nýlegar rannsóknir hafa hins vegar sýnt að því fer fjarri að auð gildi komi fram með tilviljunarkenndum hætti.

Gögnunum var safnað árið 2010 þegar staðlaður spurningalisti var lagður fyrir nemendur í sjötta, áttunda og tíunda bekk í 161 íslenskum skóla. Svör bárust frá 11.583 nemendum eða 87% þýðisins.

Hlutfall unglinga sem ekki svara þessum spurningum er lægra en í flestum sambærilegum rannsóknum erlendis. Drengir virtust frekar sleppa spurningum um hæð á meðan stúlkur virtust frekar sleppa spurningum um þyngd. Unglingar sem höfðu lakari líkamsmynd og hreyfðu sig minna voru líklegri til að sleppa því að svara. Það sama átti við um yngri þátttakendur.

Niðurstöðurnar benda til þess að þeir sem ekki svöruðu ákveðnum spurningum um hæð og þyngd höfðu ákveðin einkenni sem nota má til frekari túlkana og rannsókna. Auk þess má velta fyrir sér gildi þess að notast við sjálfsmat unglinga á eigin hæð og þyngd í rannsóknum.

Friðgeir Andri Sverrisson
Ársæll Már Arnarsson

Sjónvarpsveruleiki íslenskra ungmenna
Innihaldsgreining á rafrænu sjónvarpsefni

Sjónvarpsefni sem vinsælast er meðal íslenskra ungmenna er skoðað og greint hvaða veruleika sjónvarpið sýnir og hvernig sá veruleiki er samanborið við okkar eigin raunveruleika. Þar sem að ungmenni eru líklegri til að nálgast sjónvarspefni sitt í rafrænu formi voru vinsælustu sjónvarpsþættir og kvikmyndir á fjölmiðlavefsíðu skoðað í eina viku. Skoðað var hvernig sjónvarpsefni endurspeglar kyn, aldur og útlit einstaklinga og ofbeldi þeirra á milli miðað við það sem tíðkast ætti í raunveruleika upprunalands sjónvarpsefnisins sem og raunveruleika okkar Íslendinga. Í innihaldsgreiningunni var skráð kyn sjónvarpspersóna, aldur þeirra og útlit auk þess sem líkamsþyngd var áætluð. Þá var einnig athuguð tíðni líkamsárása, innbrota, hótanna og morða í þessu sjónvarpsefni. Í ljós kemur að sjónvarpið sýnir okkur mjög skekta mynd af raunveruleikanum og má ætla að slík brenglun í raunveruleika geti hugsanlega haft einhver áhrif á þá sem á efnið horfa í miklu mæli.

Andri Már Sigurðsson

Innritun nýnema í framhaldsskóla
Félagsleg aðgreining á frjálsum skólamarkaði?

Jafnrétti til náms hefur verið meginstef skólastarfs frá setningu grunnskólalaganna 1974 og með fjölgun framhaldsskóla eftir þann tíma. Innritun nýnema í framhaldsskóla eru mikilvæg tímamót í skólagöngu íslenskra ungmenna sem flest hafa verið í heildstæðum grunnskóla í hverfinu sínu við skyldunám. Nemendur hafa frjálst val um framhaldsskóla og skólarnir eru tiltölulega frjálsir um val á nýnemum. Í erindinu verður spurt hvort líta beri á skilin milli náms í grunnskóla og framhaldsskóla sem frjálsan skólamarkað þar sem jafnræði á grunni námshæfileika er tryggt. Sú spurning vaknar hvort markmið menntaumbótanna náist á sama tíma og gangvirki skólamarkaðarins ráða för. Gætir félagslegrar aðgreiningar í skólakerfinu á skilum skyldunáms og framhaldsskólanáms? Verða nemendahópar einsleitari? Lýst verður tengslum innritunar nýnema í einstaka skóla, félagslegs uppruna og fyrri námsárangurs. Sagt verður frá aðhvarfsgreiningu á sambandi þessara breyta. Einnig verður með fjölstigagreiningu athuguð breyting á samhengisáhrifum félagslegs uppruna skólafélaga og námsárangurs við innritun í framhaldsskóla. Notuð verða gögn frá Námsmatsstofnun og Hagstofu Íslands um árganginn sem lauk grunnskólagöngu og innritaðist í framhaldsskóla 2006.

Þorlákur Axel Jónsson

Ungmenni sem eru hvorki í skóla né vinnu

Í erindinu verður fjallað um að hvaða marki ungmenni á aldrinum 16–34 ára eru hvorki í skóla né vinnu á Íslandi og helstu ástæður þess. Markmiðið er að auka skilning á stöðu ungmenna frá skóla til vinnu og sérstaklega þeirra sem eru óvirkir á vinnumarkaði. Niðurstöður byggja á eigin úrvinnslu höfundar úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands árin 2006–2008 og á öðrum árs-fjórðungi 2009. Niðurstöður sýna að mörg ungmenni eru í hlutastörfum og með tímabundna ráðningu, bæði fyrir og eftir efnahagshrunið sem varð í október 2008. Starfsleitaraðferðir breyttust við efnahagshrunið og fleiri sóttu um störf til opinberra vinnumiðlana. Þau ungmenni sem hafa ekki lokið framhaldsskólaprófi standa verr en hin. Meginástæða þess að hætta í síðasta starfi er mismunandi og kemur fram áhugaverður munur fyrir og eftir efnahagshrunið. Karlar eru líklegri en konur til að hverfa frá námi, hins vegar eru konur líklegri til að búa við óöryggi á vinnumarkaði almennt en karlar á tímum efnahagsþreninga. Niðurstöður benda til að mikilvægt sé að ungmenni fái störf við hæfi í upphafi starfsferilsins og að úrræði þurfi að taka mið af hverjum einstaklingi og mismunandi ástæðum sem legið geta að baki óvirkni á vinnumarkaði.

Jóhanna Rósa Arnardóttir

Researching immigrant populations
The case of Iceland

Just until the year 2000, foreign citizens were less than 3% of the Icelandic population. The economic boom accompanied with big constructions projects, and followed by a growing labour shortage caused unprecedented and rapid immigration to the country. The inflow increased even more when Iceland opened its labour market for the new member states of the EU in May 2006. Only within four years the immigrant population more than doubled, accounting already for 9% of the total population. Consequently, there is a growing need to learn more about this group of the society. Thus far, only a few surveys have been conducted among immigrants. These surveys employed different methods for both sampling and the research itself. For example, the first one was a mail survey, which used a sample based on official registry. Another one was conducted in the workplaces, were the questionnaire was introduced, delivered and then collected. In summer 2010 RDS (*Respondent Driving Sampling*) survey was carried out with Polish immigrants in the capital area. Moreover, several smaller surveys were done either through the internet or by telephone. Building on experiences from these previous studies, the purpose of our presentation is to compare and evaluative the different methodologies used, discuss their shortcomings and advantages.

Anna Wojtyńska
Kristín Erla Harðardóttir

Asískar konur! Fjarri því að vera einsleitur hópur

Á Íslandi hefur verið tilhneiging til að setja allar konur frá Asíu undir sama hatt og oft lítill greinarmunur gerður á konunum hvort sem þær koma frá Filippseyjum, Víetnam eða Tælandi. Fræðilegar rannsóknir sýna flóknari mynd en þó einblína þær gjarnan á innflytjendakonur frá Asíu sem fórnarlömb hnattrænna ferla svo sem fórnarlömb mansals, undirgefnar eiginkonur eða umönnunaraðila. Í fyrirlestrinum er fjallað um þessar viðteknu hugmyndir um asískar konur og þær bornar saman við niðurstöður rannsókna þar sem beitt er eigindlegum aðferðum með þátttökuathugunum og viðtölum meðal kvenna frá Filippseyjum og Nepal. Skoðaðar eru ólíkar hliðar flutninga þeirra til Íslands og fjallað um margbreytilega reynslu þeirra og stöðu. Lögð er áherslu á að skoða atbeini þeirra, en þó með hliðsjón af hnattrænu samhengi fátækra landa og ríkra. Með því að bera saman reynslu kvenna frá ólíkum löndum; Filippseyjum og Nepal, er sýnt fram á hve villandi alhæfingar um asískar konur eru og hvernig þessar einföldu myndir stangast á við raunveruleika flestra þeirra.

Ása Guðný Ásgeirsdóttir
Unnur Dís Skaptadóttir

Gender differences in the situation of foreigners in Akureyri

In a survey of 194 foreigners living in Akureyri, which was conducted in autumn 2012, respondents were asked about the main reason for living in Iceland. While 44% of the women say that one of the main reasons they live in Iceland is that they have an Icelandic partner, this applies to only 12% of the men in the sample. The men however overwhelmingly cite work as the main reason for living in Iceland (71% compared to 39% of the women).

The results indicate that the women are more likely than the men to report that their proficiency in speaking Icelandic is good. The women (this applies specially to women from countries outside Europe) are also more likely than the men to have a low family income (300 thousand or less). However, the women are more likely than the men to say that overall they are happy living in Akureyri. In this presentation we will further explore gender differences in the data.

Markus Meckl
Kjartan Ólafsson

Foreigners at the end of the fjord: Inhabitants of foreign origin in Akureyri*

Between 2000 and 2011, the number of foreigners living in Akureyri increased from 200 to over 450 and seems to be constantly rising. With the increasing number of foreigners, the community of Akureyri will face new challenges and experience from other Nordic countries has shown that these changes can lead to a series of problems. In the autumn of 2012 a total of 194 foreigners living in Akureyri participated in a survey answering a range of questions on their living conditions and attitudes.

This study looked into the language skills of the foreign population in Akureyri in order to find out if the knowledge of Icelandic is the essential criteria for successful integration. The results show that the vast majority of the respondents are satisfied overall living in Akureyri with 36% saying that they are very satisfied and 46% that they are rather satisfied. Somewhat surprisingly the knowledge of Icelandic does not correlate with happiness and general satisfaction. However, gender seemed to play a much bigger role defining differences in the foreign community of Akureyri. Language is often named as an essential tool for a successful integration and the key to enter the community.

Kjartan Ólafsson
Markus Meckl

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Hindranir í útflutningi – Reynsla íslenskra útflytjenda

Rannsóknin fjallar um reynslu íslenskra útflytjenda á hindrunum í útflutningi. Markmiðið með henni var að svara rannsóknarspurningunni um hverjar væru helstu hindranir íslenskra fyrirtækja og að sýna niðurstöðurnar eftir innri og ytri hindrunum í þeim tilgangi að auðvelt sé að nýta þær til umbóta.

Rannsóknin var unnin með fyrirbærafræðilegri aðferð og hálfstöðluð viðtöl tekin við fulltrúa átta íslenskra framleiðslufyrirtækja. Viðtalsrammi var hafður til hliðsjónar en hann var gerður út frá flokkun Leonidas Leonidou á útflutningshindrunum eftir innri og ytri þáttum. Rannsóknargögnin voru unnin samkvæmt þremur stigum fyrirbærafræðilegrar aðferðar; lýsingu, samþættingu og túlkun. Fyrirbærafræðin gerði rannsakanda kleift að skyggnast inn í reynsluheim viðmælenda, öðlast dýpri skilning á þeim hindrunum sem þeir höfðu mætt og svara þannig rannsóknarspurningunni.

Niðurstöðurnar voru þær að helstu hindranirnar voru eftirfarandi: fjármagnsskortur, mannekla, menningarmunur, ólíkir viðskiptahættir, hár flutningskostnaður, mikil ferðalög starfsfólks, flókin og tímafrek tollamál og pappírsvinna, óhagstætt rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja, miklar gengissveiflur íslensku krónunnar og hörð samkeppni.

Framlag rannsóknarinnar er þríþætt. Niðurstöður um innri hindranir eiga erindi við stjórnendur en niðurstöður um þær ytri við stjórnmálamenn og rannsakendur fá hvatningu til frekari rannsókna á útflutningshindrunum. Það er hvorki eðli fyrirbærafræðinnar né markmið rannsóknarinnar að alhæfa út frá niðurstöðunum en það er von rannsakanda að hún nýtist ofangreindum hagsmunahópum útflutnings og rannsóknarefnið veki áhuga þeirra í framtíðinni með það að leiðarljósi að bæta og auka útflutning íslenskra fyrirtækja.

Áslaug Þorbjörg Guðjónsdóttir
Gunnar Óskarsson

The Icelandic Seafood Exporting Sector: Structure and main Characteristics of the Exporting Companies*

The seafood industry has played an important role for the Icelandic nation and in its economic development. It has been one of its most valuable export sectors. The main objective of this research is to describe the current structure of the Icelandic seafood exporting sector and the main characteristics of the export companies. A secondary objective is to compare it to findings made by Dr. Arnar Bjarnason from 1994. To reach the aims of the study both qualitative and quantitative methods were used.

The principal findings were firstly that in year-end 2012 only 26 out of the 60 firms in Arnar Bjarnason's study were still operating the same way as in 1992. Secondly, most of the firms in this study were located in or around the capital area of Iceland and were between 10 and 29 years of age. Most would be considered to be small or medium sized and had less than 5 employees involved in direct marketing. Furthermore, most of them had initiated their exporting activities within the first year of operations. The majority of these firms were owned by 3 owners or less. Most of the participating companies had had an ongoing relationship with their longest lasting customer for between 11–20 years. As to how firms were reaching customers, most used various methods though intriguingly enough 73% claimed that the customer reached out for them and not vice versa. The vast majority further stated that they could receive new clients. Less than half of the participating firms were only in the business of exporting or 22 out of 57.

Nína Björg Sæmundsdóttir
Ingjaldur Hannibalsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Implications of electricity sector liberalization on marketing decisions*

Marketing in energy markets is an increasingly significant theme as the provisions of electricity, in most European countries, is now subjected to traditional competition following the liberalization of electricity markets. In this paper, the focus is on consumers' attitudes towards the liberalization in an attempt to evaluate its effects on the company's marketing function. The paper draws on findings from a qualitative study that used 11 focus groups to gather consumers' insights from five European countries. The paper argues that consumers' attitudes can be categorized and separated into five constructs that have an impact in all or majority of the countries researched. The identified constructs are: Higher price, corruption, monopoly, regulation and powerlessness. The paper concludes by suggesting that the increased level of complexity in marketing electricity, due to resent liberalization, needs to be acknowledged and addressed before taking on traditional marketing functions such as product development and image building. In doing so, assessing the exact impact of the identified constructs is a helpful initial step.

Friðrik Larsen

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Rafmagnaður raforkusölumarkaður
Viðskiptavina-grundað vörumerkjavirði*

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig neytendur meta ímynd þriggja stærstu raforkusölufyrirtækjanna á Íslandi; Orkuveitu Reykjavíkur, Orkusöluna og HS- Orku hf., út frá hugmyndafræði vörumerkjastjórnunar. Í sögulegu samhengi hefur vörumerkjastjórnun haft takmarkaðan tilgang í sölu rafmagns en með með tilskipun frá Evrópusambandinu sem kom til framkvæmda á Íslandi árið 2006, skal ríkja samkeppni á raforkumarkaði í Evrópu. Framkvæmd var megindleg rannsókn. Sendur var út spurningalisti sem byggði á sex víddum í píramída Kellers 2001 þar sem raforkusölumarkaðurinn er metin út frá viðskiptavinagrunduðu vörumerkjavirði.

Helstu niðurstöður eru þær að þátttakendur höfðu hvorki víðtæka þekkingu á raforkusölufyrirtækjum né uppbyggingu markaðarins og töldu að samkeppnin væri ekki virk. Þátttakendur töldu verð skipta mestu máli varðandi val á raforkusölufyrirtæki. Orkuveita Reykjavíkur var talin leiðtogi á markaði og viðskiptavinir fyrirtækisins voru ólíklegri til að skipta um fyrirtæki en viðskiptavinir annarra raforkusölufyrirtækja. Orkusalan var talin nýjungagjörn og HS Orka tæknileg. Þá voru þátttakendur sammála um að tækni og áreiðanleiki væri mikilvægur eiginleiki hjá öllum raforkusölufyrirtækjunum. Þrátt fyrir að þátttakendur hefðu takmarkaðan áhuga á starfsemi orkufyrirtækja, er viðbúið að það breytist í framtíðinni eins og gerst hefur í tilviki símafyrirtækja og banka sem voru í svipaðari stöðu í kjölfar frjálsrar samkeppni. Rannsókn af því tagi sem hér er gerð, gefur góða innsýn inn í stöðuna eins og hún er núna og er góður vegvísir inn í framtíðina. Raforkusölufyrirtækin ættu því markvist að byggja upp jákvæða ímynd, huga betur að viðskiptavinum sínum og greina hvaða þjónustuþættir skipta þá mestu máli.

Elín Hrönn Geirsdóttir
Friðrik Rafn Larsen

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Viðhorf og væntingar blaðamennskunema til blaðamennsku

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf og afstöðu nemenda í fjölmiðlafræði og blaða- og fréttamennsku hér á landi til fagsins og menntunarinnar og bera þau saman við viðhorf blaðamennskunema annars staðar á Norðurlöndum. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn sem gerð var meðal nemenda í blaðamannaháskólum á Norðurlöndum. Þetta er í þriðja sinn sem könnun af þessu tagi er lögð fyrir norræna blaðamennskunemendur, en í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt.

Margt hefur breyst í fjölmiðlun undanfarin ár, ekki síst fyrir áhrif tækniþróunar, og sér ekki fyrir endann á þeim breytingum enn. Það er því mikilvægt að kortleggja áhrif þeirra á viðhorf blaðamennskunema, hugmyndir og væntingar um fagið.

Nemendur í 26 skólum á Norðurlöndum svöruðu spurningakönnun sem lögð var fyrir í lok árs 2012. Hér á landi var könnunin lögð fyrir nemendur í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands og nemendur í grunnnámi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Háskólinn í Bergen hafði umsjón með könnuninni og þar var gögnum safnað og þau kóðuð. Svarhlutfallið var mismunandi eftir löndum og skólum, en hæst á Íslandi eða 68%.

Niðurstöður liggja ekki fyrir en ljóst að talsverður munur er á viðhorfum blaðamennskunema eftir löndum til hlutverks blaðamanna í samfélaginu.

Valgerður Anna Jóhannsdóttir
Birgir Guðmundsson
Þorbjörn Broddason

Heimsmynd frétta sjónvarps: Samanburður á erlendum fréttum Ríkisútvarps - Sjónvarps og Stöðvar 2*

Fjölmiðar hafa mikil áhrif á þá mynd sem við höfum af veröldinni og skilning okkar á atburðum sem við höfum litla eða enga persónulega reynslu af. Það á ekki síst við atburði í fjarlægum löndum. Í erindinu er gerð grein fyrir niðurstöðum megindlegrar innihaldsgreiningar á erlendum fréttum í aðalfréttatímum Sjónvarpsins og Stöðvar 2 á fimm vikna tímabili á árunum 2011–2013 með hliðsjón af umfjöllunarefni og landfræðilegum uppruna. Reifaðar eru kenningar og rannsóknir á fréttamati/fréttavali og niðurstöður okkar ræddar í ljósi ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið á uppruna erlendra frétta sjónvarpsstöðva í öðrum löndum. Þá er sjónum beint að þýðingu og framtíð erlendra frétta á tímum hnattvæðingar og fjölbreyttari miðlunarleiða en um leið síharðnandi samkeppni fjölmiðla.

Ragnar Karlsson
Valgerður A. Jóhannsdóttir
Þorbjörn Broddason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

The good, the bad and the innocent: Abortion in the British press*

In 2008 abortion rights were under attack in the UK from those who opposed the current time limit of 24 weeks, and tried to implement changes through the Human Fertilisation and Embryology Bill. Those attempts tried to bring about a more restrictive abortion law and focused on three key arguments; a reduction of the 24 week time limit, an end to confidentiality for under sixteen year olds and compulsory counselling about the mental health 'risks' of abortion. This research examined how the abortion debate was constructed in British newspapers, and which discourses about women were being (re)produced. By employing discourse analysis this research revealed the ways in which the foetus has assumed subject status at the expense of the pregnant woman and how the discourse of "foetal viability" has set the parameters of the abortion debate. The ideological assumption that motherhood is a "natural" role for women influences the discursive distinction made between "good" and "bad" mothers which the anti-abortion movement capitalizes on. The myth of the "good-mother" is used to discourage women from having abortions whilst disciplinary power normalizes motherhood and creates or reinforces negative discourses around "not motherhood."

Sunna K. Símonardóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

The Informal Economy as a Source of Water in Luanda, Angola: A Blessing or a Curse?

After decades of war and a steady influx of internally displaced people to Luanda, basic public infrastructure and services are sorely lacking. The city's public water infrastructure, built for a colonial city of less than 500,000 inhabitants, has not been able to keep up with Luanda's major population boom. In order to fill this gap, a thriving informal water market has emerged in the city. This paper explains how the informal water market has become the accepted source of water in Luanda's peri-urban areas where the majority of the population lives, to the extent that even some development projects in Luanda have adopted the structures and methodologies of this informal water market and authorities see it as a viable alternative to a public water system.

Water brought into informal areas by water trucks has become a commodity which is sold on a competitive market. The paper describes how the price of water fluctuates based on availability in the area as well as accessibility to the areas in question, adhering to the market principles of supply and demand. However, although an alternative to a dysfunctional public water system, it is also a non-sanitary, unsustainable, unstable and undependable source of water.

Pétur Waldorff

What Am I Doing Here? The sustaining and shaping of Western identities in multilateral military peace interventions

The ways in which war and peace are understood and framed are closely related to the stories we tell on ´who we are and who we are not´. It is therefore of interest to explore how participation in military peace interventions builds on and shape Western identification processes. In my research I will do so by using the Icelandic Crises Response Unit´s (ICRU) civilian participation in NATO/ISAF military intervention in Afghanistan as a case study.

I conducted a participant observation as a ICRUs civilian peacekeeper in a NATO/ISAF/Norwegian led Provincial Reconstruction Team in Afghanistan (June 2009 – August 2010). My study is a multisided ethnography (Marcus) and I use auto-ethnography to reflect on my own experience as a civilian peacekeeper. This method is combined with interviews with peacekeepers and discourse analyses of official documents. I am neither studying up, nor down, but ´sideways,´ as I consider myself an insider of the group which is the subject of my study.

In my presentation I will discuss my methodology and the dilemmas of being a civilian, both in the role of a researcher and an employee, within a military structure and how it affects my research.

Helga Þórólfsdóttir
Kristín Loftsdóttir

Different Nations, Shared Experiences
The Baltic Countries and Iceland

Unitas Foundation in Estonia and The Occupation Museum Association of Latvia have undertaken an EU-supported research project, "Different Nations — Shared Experiences". One of the subjects covered is how much is taught in Swedish and Finnish schools about the Baltic experience of totalitarianism, mainly the occupation by Nazis and communists, lasting until 1991. It turns out that the historical awareness in the two Nordic countries of their Baltic neighbours is very weak. In this research project, the analysis is extended to Iceland. Textbooks in history and politics in Icelandic grammar schools or senior high schools are surveyed, for what there is said about the Baltic experience. The conclusion is that the information provided on this is minimal. This would seem surprising in light of the special relationship between Iceland and the Baltic countries. However, since textbooks are revised regularly, something can be done about this.

Helena Rós Sturludóttir
Hannes H. Gissurarson

Hinsegin innflytjendur á Íslandi
Afhjúpun, sjálfsmynd og að tilheyra

Miklir lagalegir ávinningar hafa átt sér stað á síðastliðnum áratugum er varða málefni hinsegin fólks á Íslandi, sem og hefur viðhorfum landsmanna til þessa hóps tekið stakkaskiptum. Innflytjendum hefur fjölgað mikið á Íslandi undanfarin 15 ár, og þrátt fyrir efnahagshrunið hefur hlutfall íbúa með erlent ríkisfang aðeins lækkað lítillega. Rannsóknin leitast við að skoða reynslu og sýn hinsegin innflytjenda Íslandi, og hvort það viðhorf sem mætir þeim í íslensku samfélagi geri þeim auðveldara fyrir að takast á við kynhneigð sína. Rannsóknin skoðar hvernig kyn, kynþáttur, kynhneigð og þjóðerni skarast og móta reynslu hinsegin innflytjenda. Rannsóknin byggir á kenningum um skörun og þverþjóðleika, sem og á skrifum um búferlaflutninga hinsegin fólks. Þátttakendur í rannsókninni er fólk með mismunandi uppruna, sem skilgreinir sig á einhvern hátt sem hinsegin og eru innflytjendur. Rannsóknin er framkvæmd á Íslandi og eru eigindlegar aðferðir notaðar, tekin voru viðtöl, ásamt þátttökuathugunum og textagreiningu. Rannsóknin mun stuðla að betri skilningi á sjálfsmynd hinsegin innflytjenda, lýsa hvernig þverþjóðleg tengsl, etnískur uppruni og kynhneigð móta einstaklinginn og tilfinningu viðkomandi fyrir því að tilheyra í mismunandi samfélagshópum. Í fyrirlestrinum verða kynntar fyrstu niðurstöður úr viðtölum.

Linda Sólveigar-Guðmundsdóttir

„Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“ Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla*

Fjöldi rannsókna hefur beint sjónum sínum að mótun karlmennsku. Nálgun þeirra flestra er í anda félagslegrar mótunarhyggju. Karlmennska og kvenleiki eru því lærð hegðun og styrkt í sessi í félagslegum samskiptum einstaklinga og innan stofnana og verður með tímanum að ríkjandi viðmiði um karlmennsku eða kvenleika.

Hugmyndin um hið ríkjandi viðmið um karlmennsku á rætur sínar að rekja til hugtaksins „ríkjandi karlmennska“ sem karlafræðingurinn Connell setti fyrst fram. Ríkjandi karlmennska eru ýktar birtingarmyndir af staðalmyndum um hinn fullkomna karlmann. Hann á að vera sterkur og virkur og umfram allt gagnkynhneigður. Kvenleiki í fari karla eða eitthvað fráhvarf frá hefðbundinni karlahegðun eða útliti er oft tengd samkynhneigð, sem fellur alls ekki að ríkjandi karlmennskuímynd.

Ungir hinsegin karlmenn geta oft á tíðum átt erfitt með að samræma ríkjandi karlmennskuhugmyndir að hinsegin sjálfsmynd sinni og veruleika. Ríkjandi orðræða, býr til ákveðnar staðalmyndir og jaðarsetur þá á karlmennskuásnum.

Í erindinu spyrjum við tveggja meginspurninga: a) hvaða viðhorf hafa ungir hinsegin karlmenn til karlmennsku og b) hvernig laga þeir hana að hinsegin sjálfsmynd sinni? Fara þeir aðrar leiðir í þeim efnum eða reyna þeir eftir fremsta megni að laga sig að ríkjandi karlmennskuhugmyndum? Erindið byggir á viðtalsrannsókn við hinsegin unga karlmenn.

Jón Ingvar Kjaran
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Unga fólkið og kynhlutverkin; ögra, gera og vera

Samfélagsleg staða og möguleikar karla og kvenna eru allt aðrir við upphaf 21. aldarinnar en við upphaf hinnar 20. Konur hafa haldið inn á flest svið sem áður voru einvörðungu fyrir karla og karlar hafa haldið inn á nokkur kvennasvið þó það sé í mun minna mæli. Ef til vill má segja að launavinnan og framinn hafi bæst við hið kvenlega og náin umhyggja eigin barna hafi bæst við hið karlmannlega. Hvaða afleiðingar hefur þetta haft á hugmyndir ungs fólks um möguleika sína sem karlar og konur?

Rannsóknin byggir á viðtölum við nokkra tugi ungmenna á höfuðborgarsvæðinu, þar sem meðal annars er spurt um karlmennsku- og kvenleikahugmyndir. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir útvíkkun kynjahlutverka hafa hugmyndir ungmenna um kvenleika og karlmennsku ekki kollvarpast. Þeim finnst að allt ætti að mega, en upplifun þeirra er þó sú að sumt er meira viðeigandi en annað. Karlmennska er enn tengd ákveðinni hörku og líkamlegum styrk á meðan kvenleiki er tengdur umhyggjusemi og mýkt.

Ásta Jóhannsdóttir
Ingólfur V. Gíslason

Brjóstastækkanir í fegrunarskyni
Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapúða

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun og viðhorf kvenna sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð og hafa þá sameiginlegu reynslu að hafa fengið í brjóst sín falsaða brjóstapúða frá franska fyrirtækinu Poly Implant Prothése (PIP). Niðurstöður rannsóknarinnar veita mikilvæga innsýn í það af hvaða ástæðum konur kjósa að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð, upplifun þeirra af slíkri aðgerð, ásamt upplifun þeirra af því að vera með falsaða brjóstapúða. Mikilvægi liggur einnig í því að bætt er í þann litla þekkingargrunn sem er til staðar hér á landi um þetta málefni. Framkvæmd var eigindleg viðtalsrannsókn þar sem tekin voru viðtöl við tíu konur á miðjum þrítugsaldri fram á fimmtugsaldur. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að konur velji að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð af ólíkum ástæðum og upplifun þeirra og viðhorf kunni að vera ólík eftir því hvað leiði til þess að þær gangist undir aðgerð. Þá virðist þráin eftir kvenleika hafa verið helsti hvati þess að konurnar leituðust eftir að gangast undir brjóstastækkunaraðgerð og var áberandi vanlíðan og óánægja viðmælenda í garð brjósta sinna fyrir aðgerð. Flestir viðmælendur töldu sig hafa öðlast bætt sjálfsálit í kjölfarið og voru ánægðir með útkomuna fyrst um sinn. Svo virðist vera að það að vera með falsaða brjóstapúða taki á tilfinningalífi kvenna og leiði til mikillar óvissu. Það sé einnig afar erfitt að standa frammi fyrir því að láta fjarlægja brjóstapúða sem veitt hefur einstaklingnum mikið félagslegt öryggi á liðnum árum. Að lokum kom fram í viðtölunum að konurnar upplifi fordóma fyrir brjóstastækkunum á samfélagslegum grundvelli.

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir
Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Bayesísk matsaðferð fyrir ARMA líkan í samfelldum tíma*

Bayesískar aðferðir hafa á síðustu árum orðið algengari nálgun í tölfræðilegum ályktunum. Þessa þróun má að miklu leyti þakka framförum í tölvutækni. Mörg ferli þróast í tíma og því nauðsynlegt að vinna með tímaraðalíkön. Bayes aðferðir krefjast þess að a priori dreifing sé skilgreind. Mikilvægt er að a priori dreifingin sé túlkanleg. Í þessari grein er útfærð a priori dreifing sem byggir á því að spectral fall viðkomandi líkans sé slétt (*smooth*). Sýnd verður útfærsla sem byggir á leifareikningi (*residue calculus*).

Helgi Tómasson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Er CAPM brothætt eða and-brothætt?*

Meira en fimmtíu ár eru frá liðin því kenningar um aðferðir til verðlagningar fjármálaeigna komu fram hjá Treynor, Sharpe, Lintner og Mossin og notaðar eru til samhliða kenningum Sharpe, Markowitz og Miller við stýringu eignasafna. Flestar kennslubækur sem og bolur fjármálafræði hefur stuðst við framangreindar kenningar, þó með nokkuð óbragð í munni, þar sem þeir sem reyna að beita þessum kenningum uppgötva fljótt að þær virðast betri á blaði en borði. Á síðustu 20 árum hefur komið fram gagnrýni á beitingu þessara kenninga en sú gagnrýni kemur úr ólíkum áttum og byggir á ólíkum forsendum. Þannig hafa gagnrýnendur CAPM aðferðafræðinnar ekki náð að benda á hvað skuli koma í stað CAPM að því gefnu að samþykkt sé að aðferðin sé illa nothæf. Nýlega hefur Nassim Taleb sett fram kenningu um eignasöfn og sér í lagi brothætt og and-brothætt eignasöfn. Í þessari grein verður leitast við að varpa ljósi á hugmyndafræði brothættra og and-brothættra eignasafna og svara spurningunni hvort um sé að ræða leið út úr vandamálum vegna takmarka CAPM líkansins.

Ársæll Valfells

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Modelling imprecise and sometimes incorrect information for assessing derived values for units of labour*

When constructing derived values from erroneous information, or dirty data in any form, the problem at hand is to minimise the amount of error which the outcome inherits from the input. This research focuses on units of labour, where the ideal unit of measure is hours actually worked, but closely related is paid hours of work. In addition there is usual hours of work and normal hours. A measure of employment ratio, as the fraction of hours a given employee is contracted to work relative to full time employment, can be converted to hours paid. This is an observed figure, but fraught with errors. Another unit of measure is the amount workers are compensated for their labour input. The ideal unit of measure in this context is hourly rates, but often more accurately measured are weekly-, monthly- or annual income and/or wages. By utilising the connections between these different measures it is possible to construct a model which combines multiple sources of different types to assess the probability of a given observation or measure being an accurate estimate.

Eyjólfur Sigurðsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Fyrstu áhrif Héðinsfjarðarganga á samfélög Fjallabyggðar og Mið-Norðurlands

Þegar Héðinsfjarðargöngin opnuðu haustið 2010 hafði íbúum Ólafsfjarðar og Siglufjarðar fækkað jafnt og þétt um langt skeið. Brottflutningar höfðu verið svipaðir því sem gerðist í öðrum byggðarlögum en fækkunin skýrðist af lágu hlutfalli aðfluttra íbúa. Á síðasta áratug fyrir opnun ganganna hafði meðalaldur íbúanna hækkað um rúmlega sex ár og börnum fækkað um nærri helming. Þá hafði ungum konum fækkað hlutfallslega mest og kynjahlutfall Fjallabyggðar skekkst verulega af þeim sökum. Vonir stóðu til að byggð á þessu svæði styrktist verulega vegna samlegðaráhrifa af sameiningu sveitarfélaganna, tengingu Siglufjarðar við atvinnusvæði Eyjafjarðar og þeirra margvíslegu möguleika sem sköpuðust á svæðinu við opnun hringleiðar um Tröllaskaga. Fyrir opnun ganganna voru 62 kílómetrar á milli byggðakjarnanna um Lágheiði að sumarlagi og 232 kílómetrar á milli þeirra um Öxnadalsheiði að vetrarlagi. Eftir opnun Héðinsfjarðarganganna urðu hins vegar 15 kílómetrar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar allan ársins hring. Greining á mannfjöldabreytingum á fyrstu þremur árunum eftir opnun ganganna leiðir margvísleg batamerki í ljós. Þannig hefur fækkun barna og ungmenna stöðvast að mestu, kynjahlutfall jafnast og hægt verulega á öldrun mannfjöldans. Þá hefur samgöngumynstur á norðanverðum Tröllaskaga breyst verulega frá því fyrir göng. Þessar jákvæðu breytingar eru talsvert umfram væntingar í ljósi erfiðrar stöðu svæðisins fyrir opnun ganganna.

Þóroddur Bjarnason

Kynjuð Fjallabyggð: Áhrif samgöngubóta stöðu kynjanna í Fjallabyggð

Þó breytingum á samgöngukerfi sé yfirleitt fyrst og fremst ætlað að vera til bóta fyrir íbúa tiltekinna samfélaga benda rannsóknir til að þess að þær geti ýtt undir hefðbundin kynhlutverk einkum vegna þess að kynin nota samgöngukerfið á ólíkan hátt. Í kjölfar samgöngubóta er til að mynda líklegt að atvinnusvæði karla stækki meira en kvenna því ábyrgð á heimili og börnum gæti í sumum tilvikum komið í veg fyrir að sömu áhrifa gæti á líf þeirra þar sem þær virðast líklegri til að skipuleggja líf sitt í nágrenni við heimilið og skóla barnanna. Haustið 2010 voru opnuð jarðgöng um Héðinsfjörð sem tengja byggðarlögin Ólafsfjörð og Siglufjörð í hinu sameinaða sveitarfélagi Fjallabyggð. Auk þess að eiga að snúa við búsetuþróun í byggðarlögunum er ljóst að ein röksemdarfærslan fyrir gerð ganganna var sú að með tilkomu þeirra mætti leita eftir aukinni hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins og allri stjórnsýslu þess. Slíkar breytingar geta vissulega haft ófyrirséð áhrif á störf og stöðu kvenna og karla í hinu sameinaða sveitarfélagi. Þá geta samgöngubætur haft áhrif á verkaskiptingu kynjanna. Hér verða kynntar niðurstöður rannsókna á samfélagslegum áhrifum gangagerðarinnar og sérstaklega horft til áhrifa þeirra á daglegt líf karla og kvenna í Fjallabyggð og þau skoðuð út frá stöðu kynjanna í sveitarfélaginu og þær breytingar sem göngin hafa haft á stöðu þeirra eru kortlagðar.

Andrea Hjálmsdóttir

Fémæti ferðaþjónustu: Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu*

Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu er yfirskrift þriggja ára rannsóknarverkefnis sem hófst í september 2012 í samstarfi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Þekkingarnets Þingeyinga.

Erindið fjallar í meginatriðum um tilurð og afmörkun rannsóknarefnisins auk þess sem rannsóknaraðferðunum verða gerð skil. Verkefnið byggir á samvinnu fjölda aðila á svæðinu; ferðaþjónustuaðilum, opinberum stofnunum, þjónustufyrirtækjum, rannsóknastofnunum o.fl. Samstarfi við þessa aðila verður lýst og hvernig tekist hefur að búa til ramma og farveg um verkefnið.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að leggja mat á hagræn áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu. Verkefnið er tvíþætt þar sem annars vegar verða lögð drög að svæðisbundnum ferðaþjónustureikningum í Þingeyjarsýslu og niðurstöður þeirra bornar saman við niðurstöður Hagstofunnar á landsvísu og hins vegar verða margföldunaráhrif ferðaþjónustunnar könnuð á sama svæði.

Í grunninn fylgir rannsóknaraðferðin sömu alþjóðlegu stöðlum og forskrift og notuð er við gerð Ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands, en töluverð vinna hefur verið lögð í staðfærslu og upplýsingaöflun vegna smæðar landsins og skorts á tölulegum gögnum. Greining gagna felst í því að tefla saman fyrirliggjandi gögnum og viðtalsgögnum (þ.á.m. ársreikningagreiningu) með það að markmiði að meta heildaráhrif ferðaþjónustunnar á fyrirtæki í ólíkum tegundum ferðaþjónustu.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir
Edward H. Huijbens

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Lífsstíll eða lifibrauð
Þróun fyrirtækja í hestamennsku á Íslandi

Íslenski hesturinn er mikilvægur þáttur í ímynd Íslands. Útbreiðsla hans er umtalsverð á heimsvísu og þrátt fyrir mikinn hrossafjölda hérlendis eru mun fleiri íslensk hross haldin erlendis. Fjöldi ferðamanna sækir landið heim í þeim tilgangi einum að upplifa íslenska hestinn í sínu náttúrulega umhverfi. Vart er blöðum um það að fletta að hesturinn og hestamennska eru grundvöllur fjölbreyttrar atvinnustarfsemi hérlendis. Lítið er þó vitað um það með hvaða hætti fyrirtæki í greininni hafa þróast í gegnum tíðina.

Í rannsókn þessari er rýnt í með hvaða hætti fyrirtæki í hestamennsku hafa verið byggð upp, hver hvatinn er og hvernig rekstraraðilar sjá sín fyrirtæki í samhengi við aðra atvinnustarfsemi í greininni. Meginrannsóknarspurningin er: „Hvað einkennir fyrirtæki í hestamennsku á Íslandi og uppbyggingu þeirra?“ Beitt er eigindlegum aðferðum í rannsókninni. Tekin eru viðtöl við rekstraraðila fyrirtækja í hestamennsku. Þar á meðal fyrirtækja sem byggja á ræktun, tamningum, þjálfun, hestaferðum og hestasýningum.

Frumniðurstöður rannsóknarinnar benda til að fyrirtæki í hestamennsku séu oft á tíðum fjölskyldufyrirtæki. Þau eru að jafnaði stofnuð út frá áhugamáli eigenda og bera mörg einkenni lífstílsfyrirtækja. Rekstrarumhverfið virðist vera erfitt og er algengt að eigendur stundi vinnu utan heimilis eða hafi tekjur af annarri atvinnustarfsemi.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Að bjóða gestum heim
Landslag og siðferði ferðaþjóna

Erindið byggir á rýni markaðsátaka í íslenskri ferðaþjónustu, þar sem sérstaklega var horft til þess hvernig landslag er nýtt í markaðssetningu og kynningu. Erindið mun fjalla um hvernig landslag gefur færi á sér til slíkra nota og hvað það er í eðli landslagsins sem gerir það að verkum. Hugtök grannfræðinnar verða virkjuð til að skýra hvað það er sem gerist þegar markaðsöflin toga landslagið til í gjaldgengt form kynningar. Samhliða er spurt hvað þessar aðgerðir fela í sér er kemur að gestrisni og siðferði þess að bjóða fólki heim. Getum við tekið á móti öllum án skilyrða eða þurfum við að draga einhver mörk og þá hvernig. Innblástur fólks af landslagi gæti verið leiðarstef þegar þessi mörk eru dregin og mun erindið leggja áherslu á að virðing fyrir þeim innblæstri sem landslag veitir fólki er forsenda siðferðislega ásættanlegra heimboða. Erindið mun í niðurstöðum sínum draga saman hvernig gestrisni í íslenskri ferðaþjónustu sem byggði á virðingu fyrir innblæstri fólks af landslagi gæti litið út og byggir þar á hugmyndum um vist-ferðamennsku (*eco-tourism*).

Edward H. Huijbens

Cosmopolitan and localist attitudes towards the environment in Iceland

Changes in the way people make sense of their relation to "place" and "the global" have been one of the puzzles that social scientists in the age of globalization have sought to explain. The aim is to evaluate dimensionality of transnationalistic attitudes (localist vs. cosmopolitan) and the relationship between those dimensions and environmental concern. The slogan "think global, act local" is emblematic of how complexities in orientation towards place and community have played out within the environmental movement. Therefore, it is anticipated that an empirical examination of such orientations, with particular emphasis on their relation to environmental concern, will prove fruitful. For this purpose, Icelandic survey data from the 2012 International Social Survey Programme's module on attitudes towards the environment will be analysed. Supplementary items capturing cosmopolitan and localist attitudes were added to the questionnaire. The analysis will show how environmental concern ties into current sociological understanding of localist vs. cosmopolitan attitudes.

Sara Sigurbjörns-Öldudóttir

Tourism in drifting landscapes: Tourists´ perception and utilization of glacial landscapes in Iceland

Landscape and scenery are the most important reasons for tourists to visit Iceland. Especially, glacial landscapes that typify the Icelandic scenery become increasingly popular among participants of various types of tourism (e.g. site-seeing, hiking, adventure tourism). Simultaneously, these landscapes are extremely fragile and dynamic, particularly due to the effects of climate change. However, despite of the growing popularity and the continuous mutations of the Icelandic glacial landscapes there is, till now, hardly any research conducted that examine how tourists perceive and utilize glacial landscapes, nor tourists' attitudes towards the highly dynamic nature of these natural sites. This research explores tourists´ perception, preferences and utilizations of glacial landscapes in Iceland and examines which features and functions of glacial landscapes are important determinants of their appeal to tourists. This research uses in-depth interviews with tourists and field observation at different glacier landscapes sites in Iceland, together with a literature review to collect relevant data for analysis. The results of this study contribute to a better understanding of the reciprocal relationship between tourism and glacial landscapes and provide valuable inputs to investigate the potential implications of climate change on glacier tourism in Iceland.

Johannes T. Welling

Virkjun frumkraftanna
Ferðamennska eða virkjun í Skaftárhreppi?*

Skaftárhreppur er fámennt sveitarfélag í austurhluta Vestur Skaftafellssýslu. Hreppurinn hefur átt undir högg að sækja í atvinnumálum og fólkfækkun er viðvarandi. Helsti atvinnuvegurinn er hefðbundinn landbúnaður, en undanfarin ár hefur ferðaþjónusta orðið mikilvægur vaxtarbroddur í sveitarfélaginu. Landslag er enda mjög fjölbreytilegt og ber merki um miklar náttúruhamfarir af völdum jökulhlaupa og eldgosa þar á meðal vegna Skaftárelda. Jökulvötnin sem renna um sveitarfélagið hafa sett mikinn svip á landslag og mannlíf sveitarinnar og oft á tíðum ógnað tilvist íbúanna. Nú eru uppi hugmyndir um að virkja sum þessara jökulfalla. Í þessari grein er fjallað um áhrif virkjunar Hólmsár á ferðamennsku og útivist á þessum slóðum. Gerð var spurningakönnun meðal ferðamanna við Öldufell og við Eldgjá og fengust um fimmhundruð svör. Einnig voru tekin viðtöl við um 40 ferðamenn. Rannsóknin leiddi í ljós að fögur og óspillt náttúra er aðal aðdráttarafl svæðisins. Flestir viðmælendur í rannsókninni voru andvígir virkjuninni og nefndu sem ástæðu að þá yrði ekki lengur um ósnortna náttúru að ræða og sjónræn áhrif yrðu neikvæð en við það missir svæðið sjarma sinn. Þar með töldu þeir að minna áhugavert yrði að ferðast um svæðið ef af framkvæmdum yrði. Öldufellssvæðið er enn tiltölulega lítið nýtt af ferðaþjónustunni en með síaukinni umferð um norður hluta Fjallabaks, sér í lagi í Landmannalaugar, er líklegt að syðri hluti Fjallabaks muni gegna auknu hlutverki fyrir ferðaþjónustuna til framtíðar litið.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Glíman við nútímann: Líkamsstaða, karlmennska, og íslenski þjóðarlíkaminn við upphaf 20. aldar

A traditional form of folk wrestling formalized as a new national sport in the early 20th century, glíma offers an interesting vantage point on the formation of the modern national subject. On the basis of written and visual documents about glíma – pamphlets, rules, newspapers, memoirs, photographs and film footage – this presentation focuses on the physical discipline and body techniques involved in forming the modern national subject with an eye on that subject's reflexive relationship to its own practices. I'm interested in particular in the stress on posture in glíma training, competitions, and visual representations of the masculine body and in the democratization of body language that once was a marker of distinction across Europe for noble bodies.

The research presented in this paper is a work-in-progress. It forms part of a larger collaborative project investigating the body of heritage: how it is constituted, disciplined, carried, experienced, and placed in relation to other bodies and objects; how the past is made corporeally present; how temporal relationships are inscribed on bodies; the body as a site of past-present articulation, a medium of performance, a site of heritage experiences, as well as a tool of investigation.

Valdimar Tr. Hafstein

Íslenski líkaminn í orðræðu millistríðsáranna

Markmið rannsóknarinnar er að greina líkamlegan táknheim í vísindalegri og fræðilegri umræðu um einkenni og eiginleika Íslendinga eins og þau birtast í völdum tímaritum og bókum ætluðum almenningi á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Þessi orðræða er greind bæði sem staðlandi að því sem snýr að umræðu um hinn eðlilega líkama og sem forskrift að hegðun og hátterni, þ.e. sem leiðbeiningar um hvernig sérhver geti agað sína líkamlegu framkomu til þess að bæta sig og þroska sem siðmenntaðan Íslending. Fjallað er um helstu einkenni þessara forskrifta og jafnframt gerð grein fyrir umræðu um meintar ógnir þjóðlegrar líkamsmenningar. Greiningin er hugmyndasöguleg og byggir á fræðilegri umræðu um lífvald og stjórnvaldstækni. Niðurstaðan bendir til þess að umræða sem skírskotaði til vísindalegrar eða gervi-vísindalegrar orðræðu um þjóðbundið líkamseðli (mannbóta-, höfuðlags-, svipfræða o.fl.) hafi gegnt mikilvægu hlutverki í því skilgreina sjálfsmynd Íslendinga m.t.t. þess hvar og hvernig Íslendingar staðsettu sig gagnvart öðrum þjóðum. Jafnframt hafi þessi sýn á „íslenska líkamann“ haft afgerandi áhrif á skoðanir manna á því hvað tilheyrði þjóðlegri siðmenningu og hvað menn skilgreindu sem framandi ógnir.

Ólafur Rastrick

Klámnotkun fullorðinna Íslendinga

Á undanförnum árum hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á klámnotkun íslenskra ungmenna en minna er vitað um klámnotkun fullorðins fólks hér á landi. Markmið rannsóknarinnar var því að kanna viðhorf fullorðinna einstaklinga til kláms og notkun þeirra á klámi.

Lögð var fyrir netkönnun sem dreift var í gegnum Facebook, en spurningalistinn var byggður á lista sem notaður var í samnorrænni rannsókn á klámnotkun unglinga. Ekki var því um tilviljunarúrtak að ræða en alls tóku tæplega 500 manns þátt í könnuninni.

Niðurstöðurnar sýndu m.a. að nánast allir þátttakendurnir, eða 96%, höfðu séð klám og algengast var að klám væri skoðað á klámvefsíðum. Rúmlega 40% höfðu séð klám gegn vilja sínum. Yfirleitt skoðuðu þátttakendurnir klám í einrúmi heima hjá sér til sjálfsfróunar og kusu að sjá klámefni sem sýndi karl og konu í samförum. Þriðjungur taldi að klám bætti kynlíf fólks og tæplega helmingur hafði prufað hluti sem þeir höfðu séð í klámi og fundist það spennandi. Sex af hverjum tíu töldu að klám ætti að vera löglegt en með takmörkunum. Einnig fannst helmingi svarenda klám vera skemmtilegt.

Í hnotskurn má segja að niðurstöður rannsóknarinnar hafi verið í talsverðu samræmi við niðurstöður norrænu rannsóknarinnar á klámnotkun unglinga sem gerð var árið 2005.

Guðbjörg Hildur Kolbeins

Ósamþykktar stelpur

Samþykki er nokkuð sem unglingsstúlkur á Íslandi eru í sífelldri leit eftir. Þetta kom skýrt í ljós í gagnvirkri þátttökuathugun á svigrúmi unglingsstúlkna til að tjá reiði sem fram fór síðastliðið sumar sem meistararannsókn í mannfræði. Viðhorf stelpnanna til reiði voru almennt neikvæð, ekki síst í garð stelpna sem láta reiði sína í ljós. Stelpurnar í rannsókninni neita sér um að reiðast, skammast sín fyrir það og dulbúa sem pirring. Ástæða þessa virðist fyrst og fremst vera sú að ef þær reiðast hljóta þær ekki samþykki meðal jafningja, foreldra og yfirvalda. Samþykki þetta, sem byggir á sífelldum samanburði við stráka og hvernig stelpur eiga að vera andstæðar við þá, er mikilvægt tæki til þátttöku og viðurkenningar í samfélagi stelpnanna. Til að öðlast þetta samþykki er nauðsynlegt að haga sér eftir settum reglum, sem þó eru síbreytilegar og því erfitt að fylgja þeim. Sé þessum reglum framfylgt í hvívetna er næsta víst að félagsleg staða stelpna styrkist, en fari þær yfir strikið í leit sinni verða þær auðveld skotmörk eineltis. Á sama tíma og þessi sífellda leit eftir samþykki á sér stað, reyna stelpurnar einnig að móta sjálfsmynd sína og skapa sér sérstöðu sem einstaklingar, nokkuð sem fer afar illa saman.

Esther Ösp Valdimarsdóttir

Konur í tónlist: Kortlagning á stöðu kvenna í popp- og rokktónlist á Íslandi*

Í erindinu verður farið yfir stöðu kvenna í íslenska tónlistariðnaðinum. Tónlistarkonur áttu tæplega 20% af útgefnu efni í flokknum popp og rokk árið 2012. Fimm konur en 26 karlar fengu úthlutað úr launasjóði tónskálda fyrir árið 2013 og 12 konur en 20 karlar úr launasjóði tónlistarflytjenda. Karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra sem starfa innan tónlistariðnaðarins á Íslandi hvort heldur sem er við að skapa og flytja tónlist, spila hana á útvarpsstöðvum, stjórna útgáfumálum og kynningum, skrifum í blöðin eða við tæknivinnu ýmis konar. Hér verður leitast við að svara því hvaða áhrif það hefur á stöðu tónlistarkvenna á Íslandi og markmiðið er að skoða hvort það hindri á einhvern hátt framgang kvenna. Tónlistarumfjöllun í *Fréttablaðinu* og *Morgunblaðinu* á árunum 2010–2012 var greind og skoðað með hvaða hætti fjallað er um tónlist kvenna annars vegar og karla hins vegar. Einnig voru hlutföll karla og kvenna í öllum nefndum og hagsmunafélögum tónlistarmanna á Íslandi kortlögð. Að lokum verður fjallað um leiðir til úrbóta með það að markmiði að skapa umhverfi sem gerir tónlistarkonum kleift að rækta hæfileika sína til jafns á við tónlistarkarla.

Lára Rúnarsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Það gekk auðveldlega. Við vorum tvö… ég átti ekki börnin ein!“: Um samspil vinnu og einkalífs lögreglumanna*

Rýr hlutur kvenna í lögreglunni hefur lengi verið áhyggjuefni, en í dag eru konur 12,6% allra lögreglumanna. Í umræðum um brotthvarf kvenna úr lögreglunni er því ósjaldan velt fram að konur hætti vegna þess að starfsfyrirkomulagið samræmist illa fjölskyldulífi. Í erindinu verður farið yfir stöðu kvenna í lögreglunni, brotthvarfi þeirra frá störfum og samspil vinnu og einkalífs. Leitast verður við að svara spurningunni: Hafa kröfur sem gerðar eru í vinnu og inni á heimili meiri áhrif á konur en karla, og getur þar af leiðandi útskýrt brotthvarf kvenna frá lögreglunni? Niðurstöðurnar byggjast á rannsókn á vinnumenningu og kynjatengslum lögreglunnar sem framkvæmd var á sumarmánuðum 2013. Lögð var spurningakönnun fyrir alla lögreglumenn og tekin eigindleg viðtöl við fyrrverandi lögreglukonur. Niðurstöður rannsóknarinnar sem hér er greint frá benda til að samræming vinnu og einkalífs er almennt ekki ástæða fyrir brotthvarfi kvenna frá lögreglunni.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Leyfir staðgöngumæðrun að réttur allra sé virtur?

Staðgöngumæðrun, að kona gangi með barn fyrir aðra, er ólögleg og umdeild á Íslandi. Árið 2010 var lögð fram þingsályktunartillaga um að heimila staðgöngumæðrun og í janúar 2013 var stofnaður vinnuhópur sem á að smíða lagafrumvarp. Markmið þessarar greinar er að skoða umræðuna um staðgöngumæðrum með áherslu á réttindi barnsins, staðgöngumóðurinnar og verðandi foreldra. Rannsóknin er eigindleg, framkvæmd á tímabilinu 2010–2012 með heimildavinnu, viðtölum og þátttökuathugun. Fylgst var með umræðu á opinberum vettvangi. Þeir sem eru jákvæðir til staðgöngumæðrunar vilja heimila hana á grundvelli þess að framkvæmdin sé læknisfræðileg aðstoð við ófrjósemi. Það eru t.d. félagar Staðgöngu, læknar og þingmenn. Efasemdamenn hafa áhyggjur af mannréttindum staðgöngumæðra og barnsins. Siðfræðingar, lögfræðingar og kirkjan eru áberandi í þeim hópi sem og femínistar og fleiri sem eru alfarið á móti lögleiðingu. Þeir óttast að mannhelgi kvenna og réttindi muni skerðast verulega og konur verði notaðar sem tæki fyrir aðra. Þá telja femínistar að lögleiðing muni hafa í för með sér óeðlilegan þrýsting á konur til að gerast staðgöngumæður. Mörgum spurningum og álitamálum er ósvarað, t.d. varðandi líðan og réttindi barnsins, sálarlíf kvenna sem gerast staðgöngumæður og hvernig er hægt að tryggja farsæla aðkomu allra að málinu. Ljóst er að frekari rannsókna er þörf.

Helga Finnsdóttir
Jónína Einarsdóttir

Holur kassi og grófur strengur
Viðhorf til alþýðuhljóðfæra frá 17. til 19. aldar

Sú skoðun að Íslendingar hafi ekki átt nein hljóðfæri er lífseig og er jafnvel haldið á lofti enn í dag. Við leit að heimildum um íslensku fiðluna hafa samt komið í ljós ýmsar upplýsingar um önnur alþýðuhljóðfæri sem smíðuð hafa verið og spilað á hér á síðustu öldum. Auk þess er ljóst að í heimildum er auðveldara að finna upplýsingar um innflutt hljóðfæri sem notuð voru á opinberum vettvangi, svo sem kirkjuorgelum, og þau sem heldra fólk hafði í stofum sínum, en þau sem lítið fer fyrir og mest voru notuð af alþýðufólki. Við þessa heimildarrýni hefur einnig vaknað sú spurning hvort skoðanir á hljóðfæraeign eða hljóðfæraleysi landsmanna byggist á viðhorfum til alþýðuhljóðfæra frekar en traustum heimildum. Þá hefur orðið ljós þörfin á að líta til margra ólíkra fræðigreina og nýta mismunandi heimildir sem geta gefið vísbendingar um hljóðfæri og hljóðfæraleik á Íslandi. Rýnt verður í heimildir frá mismunandi tímum og þær settar í samhengi við strauma og stefnur sem ríkjandi voru á hverju tímabili fyrir sig.

Rósa Þorsteinsdóttir

Hvað einkennir íslenska menningarstefnu?

Menningarstefnu er hægt að skilgreina á ýmsan hátt og viðfangsefni hennar eru ekki einföld. Þó má segja að opinber menningarstefna (á útlensku „kulturpolitik“ eða „cultural policy“) sýnir sig í orðum og gjörðum yfirvalda í menningarmálum. Hún er í hvað þrengstri merkingu svar við spurningunni hverskonar menningarstarfsemi er rétt að styðja með almannafé eða hvað er það í „menningararfi“ og í listum sem skiptir mestu máli að mati þeirra sem ráða.

Í erindinu er gerð grein fyrir nokkrum einkennum íslenskrar menningarstefnu og hvað gerir hana sérstaka. Helstu þættir sem litið er til er áherslur á þjóðerni, tungumál og hversu mun hærra framlag hins opinbera til menningarmála er á Íslandi en annarstaðar. Þá er stuttlega farið yfir áherslubreytingar íslenskra stjórnvalda á undanförnum árum og átök um merkingu hugtaksins „menningarstefna“. Þá er gerð grein fyrir nokkurum lykilhugtökum sem einkenna átakalínur í menningarpólitík dagsins s.s. þjóðmenning, upplifun, þátttaka og skapandi greinar.

Njörður Sigurjónsson

Ísland í hugrenningum íslensk ættaðra Brasilíubúa*

Hátt í 40 Íslendingar fluttust búferlum frá norðurlandi á seinni hluta 19. aldar og settust að í suðurhluta Brasilíu. Í dag er fjöldi afkomenda Brasilíufaranna á huldu en áætlað er að þeir geti skipt hundruðum. Samkvæmt frumniðurstöðum yfirstandandi doktorsverkefnis míns virðist íslenskur uppruni vera afkomendunum þýðingarmikill og er áhrifaþáttur í mótun menningarlegrar sjálfsmyndar þeirra. Í því tilliti eru hugmyndir afkomendanna um Ísland og Íslendinga mikilvægar og í senn áhugaverðar.

Í þessari grein verður sjónum beint að þeim hugmyndum sem Brasilíubúar af íslenskum uppruna hafa um Ísland, hvar uppspretta hugmyndanna er að finna og hvar áhrifa þeirra gætir. Sérstaklega verður litið til samtímans og meðal annars spurt hvort efnahagshrunið árið 2008 hafi að einhverju leyti endurskapað hugsmíð afkomendanna, sérstaklega þeirra sem viðhalda tengslum við land og þjóð í gegnum veraldarvefinn.

Stuðst er við gögn frá þátttökuathugunum meðal afkomenda Íslendinga í Brasilíu og viðtölum.

Eyrún Eyþórsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Grenndaraðferð og grunnþættir menntunar „Samræða“ í rúma öld

Grenndaraðferð og grenndarkennsla eru nýleg hugtök sem taka á marga lund til gamalkunnra hugmynda um nám og kennslu. Á árum áður voru þau gjarnan tengd við átthagafræði. Margir skólar nota margvíslegar aðferðir af þessum toga með frumlegum hætti nú á dögum og hver lærir af öðrum.

Í málstofunni verður litið til baka og kannað hvort og hvaða hugmyndir íslenskir skólamenn höfðu um grenndaraðferðina á um hálfrar aldar skeiði, 1880 til 1930. Greint verður frá nýrri rannsókn sem beindist að því hvað þeir einstaklingar sem lögðu grunn að núverandi skólaskipulagi hérlendis höfðu til málanna að leggja á þessu sviði. Meðal niðurstaðna má nefna að á óvart kemur hversu margir höfðu ákveðnar skoðanir um málefnið og jafnframt hversu ítarlega þeir studdu afstöðu sína. Sumir gerðu það á þjóðræknisgrunni, aðrir með uppeldisfræðilegum rökum. Meðal þeirra sem koma við sögu eru Einar Ásmundsson í Nesi, Ögmundur Sigurðsson frá Bíldsfelli, Guðmundur Finnbogason frá Arnstapa, Jónas Jónsson frá Hriflu og Steingrímur Arason frá Þverá. Sérstaklega verður staldrað við framlag þess síðastnefnda þar sem hann veltir fyrir sér námskrárgerð og hve mikilvægt er að hún taki mið af áhugasviðum barna. Athyglisvert er að bera skoðanir hinna gengnu hugmyndasmiða saman við þær hugmyndir er nútíminn lofar sem grunnþætti menntunar í nýjum aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Bragi Guðmundsson
Ruth Margrét Friðriksdóttir

Foreldrar sem vannýtt auðlind í skólastarfinu? Um mæðrun, foreldrasamstarf og sjálfboðaliðastörf í skólum á tímum samkeppni og kreppu

Í því samkeppnisumhverfi sem grunnskólar starfa í hafa kröfur um sjálfboðaliðastörf foreldra aukist og orðræðan um foreldra sem „vannýtta auðlind í skólastarfi“ hefur numið land. Umfangsmikið sjálfboðaliðastarf skólaforeldra hefur tíðkast í löndum sem hafa veikara velferðarkerfi en Ísland og leggja minna fjármagn í skólakerfið. Sögulega hefur hið kynhlutlausa hugtak foreldrasamstarf þó aðallega snert mæður sem eru heimavinnandi, í hlutastarfi eða sveigjanlegu millistéttarstarfi. Í þessu erindi verður sagt frá tilviksrannsókn í bandarísku skólaumdæmi þar sem ákveðið var að endurskipuleggja skólahverfi þannig að hópi millistéttarnemenda var beint í skóla þar sem nánast engir slíkir voru fyrir, m.a. með það í huga að fá inn í skólann fleiri mæður sem hefðu tök á sjálfboðavinnu fyrir skólann og þannig bæta árangur skólans og auka fjölbreytni í nemendahópnum. Foreldrum þessara barna var fylgt eftir og áhrif þeirra á skólann könnuð í gegnum vinnuframlag þeirra, samskipti þeirra við kennara og skólastjóra, áhrif þeirra á skólalíf nemenda og breytingar sem urðu á skólanum sem stofnun. Þá verður rætt hvernig önnur samfélagskerfi Í BNA og hugmyndir um mæðrun, kvenleika og karlmennsku mótuðu aðstæður foreldra og „val“. Niðurstöðurnar eru settar í samhengi við íslenska menntastefnu og svo í víðara fræðilegt samhengi um stéttaaðgreiningu, kynjajafnrétti, markaðsvæðingu og skólaval.

Berglind Rós Magnúsdóttir

Orðin og efnið

Undanfarin ár hefur umræðan um læsi og lesskilning íslenskra barna borið nokkuð hátt. Árangur í alþjóðlegum samanburði, t.d. PIRLS og PISA benda ekki aðeins til þess að lesskilningi íslenskra barna fari aftur heldur hafi það neikvæð áhrif á námsárangur þeirra, t.d. í stærðfræði- og náttúrufræðihluta PISA. Þar sem lesskilningur gegnir mikilvægu hlutverki í námi barna, unglinga og fullorðinna er mikilvægt að rannsaka til hlítar hvað það er sem veldur því að úr honum dregur og reyna að snúa þeirri þróun við.

Á málstofunni verður rætt um orðaforða og gildi hans fyrir lesskilning og lestur til náms. Samband orðaforða og lesskilnings er sterkt og góður orðaforði og lesskilningur haldast því gjarnan í hendur. Þegar orðaforðinn er ríkulegur og lesskilningur góður eru líkur á velgengni í námi miklar en ef ekki má lýsa skilyrðum til náms sem eins konar vítahring. Á málstofunni verður fjallað um helstu leiðir til að efla orðaforða og lesskilning nemenda og verður sjónum sérstaklega beint að þróunarverkefninu *Orði af orði* sem hefur að markmiði að efla orðaforða og lesskilning nemenda í grunnskóla. Lykilhugmyndir verkefnisins verða kynntar í máli og myndum og gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á áhrifum verkefnis á orðaforða nemenda.

Guðmundur Engilbertsson

Tölvan, sjónvarpið eða foreldrarnir? Leitin að sökudólgnum í stóra bókleysismálinu

Áhugi barna á bóklestri er ekki nærri eins mikill nú og hann var fyrir fjórum áratugum. Það er áhyggjuefni fyrir skólafólk enda hefur PISA rannsóknin staðfest að ánægja af bóklestri tengist mjög árangri í lesskilngi og þar með námsárangri. En hvað veldur minnkandi áhuga barna á bóklestri og hvernig er hægt að snúa vörn í sókn? Í erindinu verður fjallað um niðurstöður tveggja nýlegra rannsókna á lestrarvenjum barna og viðhorfum þeirra til bóklestrar. Sjónum verður beint að bakgrunni barnanna, einkum þætti foreldra og umhverfis í mótun lestrarvenja. Aðferðafræði evrópsku ESPAD rannsóknarinnar (2011) og íslensku rannsóknarinnar Lestrarvenjur ungra bókaorma (2012) er gjörólík, annars vegar er um spurningalistakönnun að ræða sem um 4000 íslenskir nemendur í tíunda bekk tóku þátt í en um 100.000 evrópskir nemendur alls. Hins vegar er um að ræða rýnihópaviðtöl við nemendur úr þriðja og fjórða bekk á Akureyri. Rannsóknirnar gefa þó sams konar niðurstöður hvað varðar áhrif foreldra á lestraráhuga barna sinna. Fjárhagur fjölskyldunnar og menntun foreldra skipta máli en það skiptir ekki síður máli að foreldrarnir séu góðar lestrarfyrirmyndir, sýni áhuga á lestri bóka og kenni börnunum að umgangast bækur. Þegar leitað er leiða til að efla lestraráhuga barna og unglinga þarf því að skoða foreldrahópinn ekki síður en börnin sjálf. Þar þarf að virkja bæði feður og mæður ef marka má þær niðurstöður sem hér verður rætt um.

Brynhildur Þórarinsdóttir

Þarf opinbert eftirlit til verndar atvinnuleyndarmálum?

Í 16. gr. c laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er að finna reglur um vernd atvinnuleyndarmála. Reynt hefur á ákvæðið í talsverðum mæli á undanförnum árum, ýmist fyrir dómstólum eða á stjórnsýslustigi. Þannig eru ýmis dæmi um að aðilar hafi byggt einkaréttarlegar kröfur sínar á því að brotið hafi verið gegn ákvæðinu, en úr ágreiningi um slíkar kröfur er leyst fyrir dómi. Þar sem Neytendastofa hefur lögbundið eftirlit með því að farið sé að lögum nr. 57/2005 og getur gripið til allsherjarréttarlegra úrræða ef brotið er gegn þeim hefur einnig reynt á ákvæðið í stjórnsýsluframkvæmd Neytendastofu, sem og fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála, en ákvarðanir Neytendastofu eru kæranlegar til hennar. Af þessu leiðir að sú vernd sem felst í ákvæðinu hefur að nokkru leyti sérstöðu miðað við ýmis önnur bannákvæði að því leyti að henni virðist fylgt nokkuð jöfnum höndum eftir í einkamálum fyrir dómi og í stjórnsýslumálum hjá Neytendastofu.

Ætlunin er að gefa stutt yfirlit um þá vernd sem í ákvæðinu felst. Í kjölfarið verður vikið nánar að því hvernig deilur um ákvæðið eru reknar og að álitamálum sem tengjast rekstri slíkra mála á stjórnsýslustigi. Að endingu verður hugað að því hvort núverandi skipan mála geti talist heppileg.

Eiríkur Jónsson

Vistun skjala og upplýsinga sem verða til við fjarvinnu hjá eftirlitsstofnunum ríkisins*

Könnun var framkvæmd um skjalamál eftirlitsstofnana ríkisins. Markmið hennar var að gefa heildarmynd af skjalastjórn stofnananna. Notuð var megindleg aðferðarfræði og spurningalisti sendur til þátttakenda. Hér verður kynntur einn hluti rannsóknarinnar sem snýst um hvort starfsmenn stunduðu fjarvinnu og ef svo reyndist, hvernig farið var með upplýsingar sem urðu til í starfi á vettvangi eða heima. Möguleikinn á að vinna fjarri skrifstofu hefur aukist með tilkomu tækja eins og fartölva, spjaldtölva og snjallsíma. Samkvæmt lögum, sem snúa að skjalastjórn, þurfa opinberar stofnanir að varðveita til frambúðar öll skjöl sem varða stofnunina. Kannað var hvort starfsmenn gátu skráð og vistað skjöl sem urðu til við fjarvinnu í rafræn skjalastjórnarkerfi viðkomandi stofnunar, hvort stofnunin hefði sett verklagsreglur varðandi slíkt og hvort fylgst hefði verið með því að starfsmenn skráðu slíkar upplýsingar. Þá var kannað hvort fyrir hefði komið að skjöl hefðu glatast vegna þess að skráning og vistun skjala hefði misfarist. Niðurstöður gefa til kynna að meginþorri stofnananna gerðu starfsmönnum kleift að stunda fjarvinnu, hjá rúmlega helmingi þeirra gátu starfsmenn vistað og skráð upplýsingar í rafrænt skjalastjórnarkerfi en einungis liðlega fjórðungur þeirra hafði sett verklagsreglur varðandi vistun og skráningu. Einungis tæp 40% stofnananna hafði eftirlit með vistun og skráningu en sjaldgæft var að upplýsingar sem urðu til við fjarvinnu glötuðust.

Árni Jóhannsson
Jóhanna Gunnlaugsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Eyjar í norðri, hugmyndir um Ísland og Grænland

Frá öndverðu hafa hugmyndir um Ísland og Grænland verið fullar af andstæðum. Í erindinu er ætlunin að draga fram hvers eðlis þessar andstæður hafa verið og hvernig þær hafa birst. Einnig verður leitast við að skýra hvernig á því stendur að þessum stóru eyjum í norðri var iðulega annað hvort lýst sem sælueyjum eða djöflaleyjum, ríkum eða snauðum, villimannlegum eða siðmenntuðum. Í því samhengi verða tekin til umræðu hugtökin eyja og norðrið og sett fram sú tilgáta að hugmyndaleg átök, ef svo má segja, um ímyndir þessara landa birtist í andstæðunum á milli þessara hugtaka. Eyjan er þá oft birtingarmynd þess sem er jákvætt og gott en norðrið andstæða þess. Þó verður að hafa fyrirvara á þessari tilgátu sem einnig mun koma til umræðu.

Sumarliði R. Ísleifsson

Tilkall til norðursins

Erindið beinir sjónum sínum að hinu vestnorræna menningarsvæði sem nú er í stöðugri mótun. Einkum verður horft til Íslands og Grænlands og tekist á við ímyndasköpun svæðisins, sögu- og menningarlegar mýtur sem og svæðisbundnar og þjóðernislegar frásagnir. Þar á meðal verða skoðaðar framsetningar þar sem framandgerving norðursins (norðurhyggja) er í öndvegi svo og tengsl hennar við nýtilkomin hreyfanleika hópa. Í rannsókn þeirri sem erindið byggir á er sjónarhorni eftirlendu- og dullenduhyggju beitt á svæðið og lögð til gagnrýnin sýn á hugtök á borð við menningararf, þjóðernislegar- og svæðisbundnar sjálfsmyndir, menningarlega sjálfbærni og samfélagslegt öryggi. Það eru hugtök sem oft heyrast í umræðunni um hið „nýja norður" og í tengslum við þær breytingar sem þar eiga sér stað. Þar er ekki síst mikilvægt að skoða áhrif loftslagsbreytinga og alþjóðastjórnmála á vestnorræn þjóð- og kyngervi og menningarpólitík. Má þar nefna víðtækt tilkall til norðurslóða í tengslum við menningararf, ferðaþjónustu og auðlindanýtingu. Að auki við opinbera orðræðu og stefnumótun er lögð áhersla á að skoða óopinbera menningu og hversdagslega framsetningu og iðkun hennar.

Kristinn Schram
Katla Kjartansdóttir

Afmörkuð og óafmörkuð hafsvæði á milli nágrannaríkja á Norðurskautinu

Deilur um afmörkun hafsvæða aðlægra og mótlægra strandríkja (nágrannaríkja) eru af og til í umræðunni. Hafsvæðin sem um ræðir eru landhelgin, efnahagslögsagan og landgrunnið. Ef lögmætar kröfur tveggja eða fleirri strandríkja til hafsvæða skarast er nauðsynlegt að afmarka þau til að botn fáist í hvaða ríki fari með lögsögu og fullveldisrétt/réttindi yfir þeim. Á þetta við um Norðurskautið sem og önnur hafsvæði.

Í erindinu verður farið yfir þau hafsvæði sem nágrannaríki á Norðurskautinu hafa tekist að afmarka með endanlegum hætti og þau svæði sem ekki hefur tekist að afmarka. Leitast verður við að skýra hvaða reglur gilda um afmörkun hafsvæða og hvernig hægt er að leysa úr deilum um slík svæði. Farið verður stuttlega yfir þær meginreglur sem hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1982 og aðrar reglur þjóðaréttar sem koma við sögu í þessu samhengi. Markmiðið með erindinu er að skýrari mynd fáist af nokkrum þáttum sem tengjast Norðurskautinu og eru oft til umræðu í fjölmiðlum.

Bjarni Már Magnússon

Samfélagslegt öryggi á norðurslóðum

Á síðustu áratugum hafa áherslur í öryggismálum tekið miklum breytingum. Á tímum kalda stríðsins var mesta áherslan á hernaðarlegar ógnir sem steðjuðu að ríkjum, frá öðrum ríkjum. Undir lok þess breyttist umræðan og áherslurnar með. Þá fóru aðrir öryggisþættir að vega þyngra svo sem umhverfisöryggi og samfélagslegt öryggi, en það síðastnefnda er umfjöllunarefni þessa erindis. Samfélagslegt öryggi fjallar um daglegt öryggi borgarana og hvernig þeir verða fyrir áhrifum af ólíkum þáttum svo sem fátækt, hamförum, mengun, takmörkuðum auðlindum, fólksflutningum, hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og netógnum. Hér munu þessir þættir verða settir í samhengi við þróunina á norðurslóðum, svo sem hlýnun loftslags og hnattvæðingu. Þó ber að hafa í huga að þótt gagnlegt geti verið að taka út ákveðna öryggisþætti og skoða þá sérstaklega eins og gert er hér, þá tengjast þessir þættir allir sterkum böndum og hafa áhrif hver á annan. Sem dæmi um slík tengsl má nefna að skapist umhverfisógn getur sú ógn haft áhrif á samfélagslegt öryggi sem svo aftur getur skapað ógn eða spennu í samskiptum ríkja, í ætt við hefðbundnari ógnir eins og við upplifðum á tímum kalda stríðsins.

Margrét Cela

Samfélagsleg ábyrgð 50 stærstu fyrirtækja Íslands: Fylgja efndir orðum?

Markmið rannsóknarinnar var að skoða samfélagslega ábyrgð hjá 50 stærstu fyrirtækjum Íslands, en umræða um slíka ábyrgð hefur verið að aukast þar sem þekking og skilningur hefur aukist að undanförnu. Ekki er lengur eingöngu átt við styrki til góðgerðarmála, íþróttastarfsemi og menningarmála, heldur hafa áherslur á kröfur og væntingar frá ýmsum hagsmunahópum einnig komið til sögunnar.

Í rannsókninni var kannað birting upplýsinga á vefsíðum um samfélagslega ábyrgð hjá 50 stærstu fyrirtækjum á Íslandi. Rannsakað var í fyrsta lagi hvort fyrirtækin birti stefnu sína eða gildi á vefsíðum og hvort þar sé að finna ákvæði um samfélagslega ábyrgð. Í öðru lagi var tekið saman yfirlit um birtingu upplýsinga á vefsíðum fyrirtækjanna um efndir á stefnu um samfélagslega ábyrgð og úr þeim upplýsingum var síðan unnið yfirlit um helstu áherslur fyrirtækjanna í samfélagslegri ábyrgð.

Rannsóknin tók mið af erlendri fyrirmynd þar sem farið var í gegnum skýrslur 50 stærstu fyrirtækja heims um samfélagslegu ábyrgð þeirra. Í erlendu rannsókninni voru teknar saman upplýsingar út frá níu viðmiðum sem áttu sér stoð í viðmiðum UN Global Compact annars vegar og úr leiðbeiningum frá Global reporting Initiative.

Helstu niðurstöður um 50 stærstu fyrirtæki á Íslandi voru að um 66% fyrirtækjanna hafa ákvæði um samfélagslega ábyrgð í einhverri mynd í stefnu sinni. Fylgni var á milli þess að hafa stefnu í slíkum málum og svo að birta upplýsingar um efndir. Samkvæmt því sem fyrirtækin birta á vefsíðum sínum þá eru helstu áherslur fyrirtækjanna á viðskiptavini, mannauðsmál og umhverfismál.

Dagný Leifsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

Spilling og tryggð í bankakerfinu*

Í október 2008 urðu þrír stærstu bankarnir á Íslandi gjaldþrota. Markmið rannsóknarinnar er að draga fram skýringu á því að þrátt fyrir að traust til bankakerfisins hafi minnkað verulega í kjölfar bankahrunsins þá virðist fólk ekki skipta um viðskiptabanka. Nokkrar ástæður hafa verið dregnar fram svo sem eins og að viðskiptavinir séu í einhverju skilningi „fastir" í viðskiptum við viðkomandi banka og að um almennt hrun hafi verið að ræða sem gerir það að verkum að viðskiptavinir sjá ekki aðra betri kosti. Í rannsókninni er varpað upp þriðja sjónarhorninu sem er að ein ástæðan, og kannski sú veigamesta, fyrir því að fólk skiptir ekki um banka sé einfaldlega sú að það treystir sínum banka betur en öðrum. Spurt er: Treystir fólk sínum viðskiptabanka betur en öðrum og útskýrir það af hverju fólk skiptir ekki um viðskiptabanka þrátt fyrir aukið vantraust?

Rannsóknin byggir á þremur könnunum. Fyrsta könnunin var framkvæmd í mars 2008, eða nokkrum mánuðum fyrir bankahrunið og tóku 512 þátt í henni. Könnun tvö var gerð í febrúar 2011 og tóku 533 þátt í henni og þriðja könnunin var gerð í febrúar 2013 og tóku 570 þátt í henni.

Niðurstöður sýna að viðskiptavinir eru líklegri til að tengja traust við eigin banka en aðra. Út frá því má álykta að þeir treysti sínum banka betur en öðrum þó svo að úr því hafi verulega dregið strax eftir hrunið.

Þórhallur Guðlaugsson
Sandra María Sævarsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Áhrif Þjóðarsáttarsamninganna á íslenskt samfélag*

Árið 1990 markaði ákveðin tímamót á íslenskum vinnumarkaði og í íslensku efnahagslífi þegar hinir svokölluðu Þjóðarsáttarsamningar voru gerðir. Verkfallstíðni á Íslandi á almennum vinnumarkaði var mjög mikil fyrir 1990 en hefur lækkað mikið síðustu 20 ár. Það er óhætt að segja að með þessum Þjóðarsáttarsamningum hafi hafist nýtt skeið í samskiptum á milli aðila vinnumarkaðarins sem byggðist á trausti og gagnkvæmum skilningi á kröfum hvors annars. Í kjölfarið jókst samráð aðila vinnumarkaðarins og þeir urðu samhuga um að bindast höndum um að tryggja hagsmuni launþega, vinnuveitenda og þjóðarbússins. Eftir efnahagshrunið hefur verið mikill þrýstingur á aðila vinnumarkaðarins að gera kjarasamninga til styttri tíma m.a. vegna mikillar óvissu og óstöðugleika í efnahagsmálum. Samtök atvinnulífsins hafa nú lagt á það áherslu að kjarasamningar verði gerðir til fimm ára með hóflegum kauphækkunum og tryggingu kaupmáttar.

Þessi rannsókn dregur fram hvaða áhrif Þjóðarsáttarsamningarnir höfðu á íslenskan vinnumarkað og íslenskt samfélag. Fjallað er almennt um hagþróun á Íslandi síðustu áratugi og varpað ljósi á hvaða þjóðfélags- og efnahagsleg áhrif Þjóðarsáttinn hafði, bæði til lengri og skemmri tíma m.t.t. atvinnuleysis, folksflutninga, kaupmáttar og verðbólgu. Meginmarkmiðið er að draga fram hvort sá ávinningur sem Þjóðarsáttinn hafði í för með sér styðji ekki við þær hugmyndir sem uppi eru um nýja Þjóðarsátt. En aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt á það áherslu að næstu kjarasamningar taki mið af kjarasamningum nágrannalandanna þar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Sveinn Agnarsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd

Hugmyndafræði sjálfbærrar ferðamennsku felur í sér viðurkenningu á því að ferðamennska og uppbygging ferðaþjónustu geti haft neikvæð áhrif á áfangastaðinn. Til að ná fram markmiðum sjálfbærrar ferðamennsku þarf því að stýra uppbyggingunni. Þetta á ekki síst við um uppbyggingu ferðamennsku í og við friðlýst svæði. Nýting friðlýstra svæða til ferðamennsku krefst þannig að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri skipulagningu, uppbyggingu og stjórnun ferðamennsku. Til að svo megi verða er mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komi að skipulagningu svæðisins. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að greina færni hagsmunaaðila til að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í uppbyggingu og þróun ferðamennsku innan friðlanda með því að meta: i) viðhorf hagsmunaaðila til uppbyggingar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði; ii) þekkingu hagsmunaaðila á verndar- og stefnuáætlunum Vatnajökulsþjóðgarðs; iii) viðhorf og skynjun hagsmunaaðila á umhverfisstjórnun; og iv) þekkingu og skilning hagsmunaaðila á sjálfbærni og sjálfbærri ferðamennsku. Vefkönnun var send út til allra ferðaþjónustuaðila, opinberra stjórnsýsluaðila, og starfsmanna á norður- og vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Svarhlutfall vefkönnunar var 63%. Til að fá dýpri innsýn í viðhorf og skynjun þátttakenda var vefkönnuninni fylgt eftir með viðtölum. Megin niðurstöður sýna að þátttakendur þekkja ágætlega vel til hugtaksins sjálfbær ferðamennska en telja hins vegar umhverfisstjórnun fyrst og fremst standa fyrir boð og bönn. Niðurstöðurnar gefa ennfremur til kynna að hagsmunaaðilar telja flestir að betri tengingu vanti á milli þjóðgarðsins og nærumhverfis hans og að betri samvinnu vanti á milli allra hagsmunaaðila.

Rannveig Ólafsdóttir

Caught in the Net: Governance-Networks in the Management of the Vatnajökull National Park in Iceland

Northern periphery tourism thrives largely on the wildness of the natural environment and often takes place in ecologically sensitive areas. In such areas sustainable tourism is vital, to ensure environmental protection and economic prosperity. However, conflicts in the management of protected areas (PAs) have hitherto often lead to unsustainable use of natural resources. Icelandic tourism seems to be at certain crossroads. There is currently no sign of stagnation in visitor numbers to Iceland and environmental degradation, and hence there is an eminent threat to Icelandic tourism industry and rural development.

Managing PAs with the aim of sustainable tourism is however a complex endeavour in a dynamic environment. Many stakeholders form a complex network of actors. The complexity of such a network can easily constrain sustainable management practices. To overcome these constrains, the very first step is to understand the complex interrelations between the different stakeholders by examining the network of actors, describe it, and analyse the flow of information between different actors.

PAs management does not stand in an administrative and social vacuum. Rules and regulations are important to frame the use of natural resources and ensure their sustainable use. However, current PAs management approaches seem to be unable to meet the needs. This research assesses the governance-network of the Vatnajökull National Park to illustrate the application of actor-network theory to support sustainable tourism management.

Harald Schaller

Sustainable Nordic Tourism: Improving Icelandic niche market profitability while maintaining its sustainability

In the past decades, foreign visitor revenue for Iceland has experienced an outstanding growth concomitant astounding growth in visitor figures. Though the destination has maintained the characteristics of a niche market internationally, tourism domestically has become one of the main pillars of Icelandic economy. The industry faces the dilemma of maintaining its international marketing position at the same time facing common challenges of small island tourism such as high seasonality and high concentration of visitors at few attractions, potentially undermining Icelandic market position. This research examines foreign market opportunities for airlines and models visitor behavior in Iceland (choice of attraction and sensitivity to congestion) focusing on tourism regions and, in particular, Northern Iceland. The evaluation of inbound tourism combines the marketing-based opportunity index with an economic-based gravity model. A sample of effective factors on Icelandic tourism is identified and used to perform market segmentation. Source markets are ranked based on factors and their estimated weights. We then use discrete choice modeling for analyzing tourists' preferences for various attraction attributes, capturing current levels of congestion and visitors' sensitivity to congestion in Icelandic regions. Community members, policy-makers and airlines and other stakeholders will be able to draw strategic lessons from our findings.

Alda Metrass-Mendes

Stuðningur og áhugi stjórnenda skipta máli fyrir heilbrigt starfsumhverfi, starfsánægju og gæði þjónustu

Endurskipulagning heilbrigðisstofnana hófst ekki við efnahagshrunið 2008, heldur hefur verið viðvarandi frá því í lok 20. aldar og óánægja heilbrigðisstarfsfólks með ófaglegar ákvarðanir tengdar breytingunum hefur vaxið. Rannsóknir sýna að vinnuaðstæður, samskipti starfsfólks og stjórnenda, hafa áhrif á starfsánægju og þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er og margítrekaðar kröfur um hagræðingu, sparnað og nýtt skipulag hafa áhrif. Einnig nefna hjúkrunarstjórnendur að möguleikar þeirra til áhrifa sem málsvarar hjúkrunar og umönnunar hafa minnkað. Álag hefur aukist og haft neikvæð áhrif á starfsánægju og væntingar starfsfólksins til stjórnunar.

Rannsóknin var lýsandi spurningakönnun meðal allra (410) hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og aðstoðarfólks í hjúkrun á 14 hjúkrunardeildum meðalstórra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar árið 2009. Svarhlutfall var 74%. Tengsl starfsánægju, líðanar og stjórnunarlegra þátta var til staðar og munur var á landshlutum en minni eftir starfsstéttum. Tilfinningaþrotum tengdust þættir eins og ímynd stofnunar, ánægja með stofnun, ákvörðun um að vera áfram á vinnustað næstu tvö árin, ánægja með núverandi vinnuaðstöðu, von um starfsframa, hvort vart hefði orðið ágreinings milli starfsfólks og yfirmanns og hvort stjórnunarhættir næsta yfirmanns yllu vanlíðan í vinnu. Jákvæð ímynd stofnunar og góð vinnuaðstaða virtust draga úr tilfinningaþrotum, en neikvæðir þættir í stjórnun og samstarfi innan deildar auka tilfinningaþrot. Þriðjungur svarenda hafði orðið var við einelti.

Hallfríður Eysteinsdóttir
Hermann Óskarsson
Ragnheiður Harpa Arnardóttir

Virkni forstjóra í nýsköpun og áhrif á árangur

Virk aðkoma forstjóra að stjórnun nýsköpunar er talin mikilvæg fyrir árangur. Í þessari rannsókn er leitað svara við tveimur spurningum: Hvort forstjóri taki virkan þátt í nýsköpun innan fyrirtækisins og hvaða áhrif hefur virk aðkoma forstjóra á árangur af nýsköpunarstarfinu. Til að svara rannsóknaspurningunum var leitað til íslenskra fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri. Svarhlutfallið er 75%. Niðurstöður sýna að ríflega helmingur forstjóra koma með virkum hætti að nýsköpun í fyrirtækjum sínum og í fyrirtækjum þar sem forstjórar eru virkir í nýsköpunarstarfinu er árangur betri en í hinum þar sem virkni þeirra er minni.

Eiríkur Hilmarsson
Gunnar Óskarsson

Hvatar og ávinningur starfsfólks fjármálafyrirtækja af námi með vinnu

Umræðan um ævinám (*lifelong learning*) og mikilvægi þess að viðhalda starfshæfni (*employability*) og starfsþróun (*job development*) virðist nokkuð sterk og ýmsar vísbendingar um að kröfur um formlega menntun á vinnumarkaði séu vaxandi. Í samræmi við það má t.d. sjá vísbendingar um hækkandi menntunarstig í fjármálageiranum. Menntunarsjóður Samtaka starfsfólks í fjármálafyrirtækjum (SSF) var stofnaður árið 1999 og fá félagsmenn sem stunda nám með starfi fjárhagslegan styrk til náms að eigin vali á framhalds- eða háskólastigi.

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða lykilhvata starfsfólks í fjármálafyrirtækjum til að hefja nám samhliða vinnu og hvort upplifun á ávinningi sé í samræmi við þá hvata og væntingar sem lagt er upp með. Lögð var fyrir rafræn könnun á vordögum 2013 meðal 610 styrkþega úr Menntunarsjóði SSF á árunum 2010-2013. Alls svöruðu 287 og svarhlutfallið því 47%. Niðurstöður sýna að helstu hvatar til náms tengdust væntingum um að efla færni, áhuga á efni námsins, von um hærri laun og að vilja auka sjálfstraust sitt. Starfsfólk upplifir aukið sjálfstraust ásamt aukinni starfsánægju í góðu samræmi við væntingar sem lagt var upp með, en einnig upplifir það óvæntan ávinning af því að kynnast nýju fólki. Væntingum virðist þó síður mætt um hærri launum og stöðuhækkunum.

Dagmar Björnsdóttir
Ingvar Breiðfjörð Skúlason
Arney Einarsdóttir

Samband frumkvöðlahneigðar og árangurs íslenskra fyrirtækja*

Frumkvöðlastarfsemi er virðisskapandi ferli, þar sem komið er auga á tækifæri og meðvitað er tekin áhætta við að skapa eitthvað nýtt. Innan fyrirtækja þar sem frumkvöðlastarfsemi er stunduð er sögð ríkja frumkvöðlahneigð. Frumkvöðlahneigð samanstendur af nýsköpun, frumkvæði og áhættusækni, auk þess sem ýmsir hafa viljað bæta við víddunum sjálfstæði einstaklinga annars vegar og samkeppnislegri ágengni hins vegar. Rannsóknir hafa sýnt, ýmist bein eða óbein, tengsl frumkvöðlahneigðar og árangurs fyrirtækja. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl frumkvöðlahneigðar og einstaka víddar hennar við ýmsa árangursmælikvarða. Spurningalisti, sem mæla átti bæði frumkvöðlahneigð og árangur, var sendur á ráðandi aðila innan íslenskra fyrirtækja og bárust svör frá 167 fyrirtækjum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að tengsl séu á milli frumkvöðlahneigðar og árangurs. Sér í lagi benda niðurstöðurnar til tengsla á milli sjálfstæði einstaklinga og vaxtar annars vegar og nýsköpunar og vaxtar hins vegar. Niðurstöðurnar eru gagnlegar stjórnendum í fyrirtækum af öllum stærðargráðum, enda er frumkvöðlahneigð ekki bundin við fyrirtæki af ákveðinni stærð, þó umfjöllun og rannsóknir á viðfangsefninu hafi óneytanlega beinst meira að minni fyrirtækjum. Miðað við niðurstöður rannsóknarinnar leggja árangursrík fyrirtæki áherslu á sjálfstæði starfsmanna við að hrinda hugmyndum í framkvæmd ásamt því að ýta undir sköpunargáfu, þróun og nýjungar.

Anna Sigríður Pétursdóttir
Auður Hermannsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Endurskoðunarnefndir Starfsumhverfi og umfang*

Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, eru gerðar kröfur um að tilteknir lögaðilar, einingar tengdar almannahagsmunum, skv. lögum nr. 79/2008, setji á stofn endurskoðunarnefnd. Tilgangur endurskoðunarnefnda er að tryggja það að gæði og áreiðanleiki fjárhagsskýrslna og fjárhagsupplýsinga sé sem mestur, hvort sem um er að ræða skýrslur til stjórnenda félagsins eða til hagsmunaaðila utan félagsins. Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, er kveðið á um að stjórn skipi endurskoðunarnefnd. Í lögum er ekki fjallað um umfang verkefna í tímum eða hvað hve oft fundir skulu vera í endurskoðunarnefnd. Í rannsókn (*survey*) verður reynt að komast að því hvernig endurskoðunarnefnd er samsett, hversu miklum tíma er varið í nefndarstörf, menntun nefndarmanna og fleira sem gefur innsýn í starfsumhverfi endurskoðunarnefnda.

Gerð verður grein fyrir könnun meðal stærstu fyrirtækja og stofnana landsins (sem falla undir skilgreininguna „einingar" tengdar almannahagsmunum) um hvernig þessum málum er háttað, þ.e. samsetning og umfang endurskoðunarnefnda, og er þetta gert til þess að varpa ljósi á þær aðstæður sem eru á markaðinum í dag. Vonast er til að niðurstöðurnar varpi ljósi á aðstæður og umfang endurskoðunarnefnda sem kann að leiða til þess að breytinga er þörf, t.d. á löggjöf. Þetta er fyrsta rannsókn sinnar tegundar þar sem sérstaklega er horft til endurskoðunarnefnda.

Einar Guðbjartsson
Jón Snorri Snorrason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Ímynd stjórnmálaflokka
Tengsl ímyndar og árangurs*

Viðfangsefni greinarinnar er mat á staðfærslu stjórnmálaflokka og hvernig ímynd og staðfærsla tengjast faglegu markaðsstarfi, samkeppnishæfni og árangri. Fjallað er um niðurstöður rannsóknar þar sem lagt er mat á staðfærslu stjórnmálaflokka. Þekkt sjónarmið úr vörumerkjastjórnun er að til að ná árangri þurfi vörumerki að hafa sterka, jákvæða og einstaka stöðu í huga eða minni markhópsins. Skoðað er hvort þetta sjónarmið eigi við þegar um stjórnmálaflokka er að ræða og hvort niðurstöður gæfu þá vísbendingu um niðurstöður kosninganna en könnunin fór fram í febrúar 2013. Rannsóknarspurningarnar eru tvær: Hver er ímyndarleg staða stjórnmálaflokka í febrúar 2013? Gefa niðurstöður einhverjar vísbendingar um úrslit kosninganna þá um vorið?

Könnunin var framkvæmd í febrúar 2013 og svöruðu 417 henni. Niðurstöður sýna að sex flokkar virðast ná manni á þing, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Samfylkingin, Vinstri grænir, Björt framtíð og Píratar. Sjálfstæðisflokkurinn er sá flokkur sem tengir sig sterkt við atvinnulíf og efnahagsmál en síður við traust, jafnrétti, velferðarmál og umhverfismál. Vinstri grænir tengja sig sterkt við umhverfismál og velferðarmál en síður við atvinnulíf og efnahagsmál. Píratar þykja nútímalegur flokkur sem og Björt framtíð. Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn hafa óljósa stöðu. Samfylkingin hallast þó í sömu átt og Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn í sömu átt og Sjálfstæðisflokkurinn.

Sandra María Sævarsdóttir
Þórhallur Guðlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Fulltrúahlutverk frambjóðenda og samhljómur innan stjórnmálaflokka

Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið á að greina fulltrúahlutverk stjórnmálamanna og algengt er að þeir séu flokkaðir í þrjá hópa; þeir sem líta svo á að þeir eigi að fylgja; a) eigin sannfæringu (*trustees*), b) fylgja vilja kjósenda sem vörsuaðilar (*delegates*) eða c) fylgja stefnu flokksins sem flokksmenn (*partisans*). Lítið hefur hingað til verið rannsakað hvort og þá hvaða afleiðingar ólík fulltrúahlutverk hafi fyrir samhljóm stjórnmálaflokka. Í þessu erindi verður tekið fyrir hvort að stjórnmálamenn sem líta svo á að þeir eigi fyrst og fremst að fylgja eigin sannfæringu séu misleitari hópur innan hvers stjórnmálaflokks, samanborið við þá sem eru flokksmenn eða vörsluaðilar. Notuð verða gögn úr Íslensku frambjóðendakönnuninni sem var framkvæmd eftir Alþingiskosningarnar 2009. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þeir sem líta svo á að þeir eigi að fylgja eigin sannfæringu hafi mun ólíkari innbyrðis afstöðu til ýmissa málefni á vettvangi stjórnmála, svo sem efnahags- og umhverfismála, samanborið við flokksmenn.

Eva Heiða Önnudóttir

Nýir miðlar – ný stjórnmál?
Pólitísk boðmiðlun fyrir alþingiskosningarnar 2013*

Fjölmiðlalandslag og möguleikar íslenskra stjórnmála til að koma pólitískum málflutningi til almennings og eiga lýðræðislega rökræðu við almenning hafa gjörbreyst frá því um um síðustu aldamót. Annars vegar hefur markaðsmiðlun með tilheyrandi fagvæðingu (*professionalism*) í fjölmiðlum að stærstum hluta tekið dagskrárvald þjóðmálaumræðunnar af stjórnmálafólki og fært hana fjölmiðlafólki sem ekki tekur mið af „faglegum" sjónarmiðum í dagskrárákvörðunum sínum en ekki flokkspólitískum sjónarmiðum. Hins vegar hefur hin svokallaða „stafræna bylting" gjörbreytt fjölmiðlaumhverfi með tilkomu margfalt fleiri fjölmiðlagátta, samfélagsmiðla, netmiðla og stafrænna útvarp- og sjónvarpssendinga. Þessar miklu tæknibreytingar hafa skapað sóknarfæri fyrir ný stjórnmálaöfl, bæði hvað varðar skipulag og póltitíska boðmiðlun og samhliða hafa hefðbundnir flokkar tekið tæknina í sína þjónustu. Í þessari rannsókn er leitað svara við því hvort merkjanlegur munur sé milli fjölmiðlanotkunar gamalgróinna stjórnmálaflokka á Íslandi og nýrra framboða. Jafnframt eru kannaðar áherslur frambjóðenda á mikilvægi mismunandi miðla. Rannsóknin byggir á rafrænni viðhorfskönnun meðal efstu manna allra framboða í öllum kjördæmum í kosningabaráttunni sl. vor. Niðurstöður benda til að munur sé á fjölmiðlanotkun og mati á mikilvægi fjölmiðla eftir því hvort um gamalgróin eða ný framboð er að ræða. Athygli vekur að á meðan hefðbundnir miðlar eru enn í lykilhlutverki er mjög almenn meðvitund hjá öllum frambjóðendum um gildi netsins og samfélagsmiðla, einkum Facebook.

Birgir Guðmundsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Lýðræðið og átökin um kvótakerfið

Í erindinu verður fjallað um langvarandi átök um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða frá 1990 eru fiskistofnarnir eign íslensku þjóðarinnar. Ráðherra ákveður heildarafla fyrir hvert fiskveiðiár sem svo skiptist á milli kvótahafa í samræmi við hlutdeild þeirra í heildarkvótanum. Kvóta má kaupa, leigja, selja og veðsetja að ýmsum skilyrðum uppfylltum.

Meðal almennings hafði gætt nokkurrar óánægju með kerfið. Telja sumir að það hafi gefið ákveðnum hópi forréttindi og ýtt undir misskiptingu auðs. Stuðningsmenn kerfisins hafa hins vegar bent á að kvótakerfið tryggi efnahagslega hagkvæmni og nýtist öllu þjóðarbúinu.

Frá stjórnmálahagfræðilegu sjónarhorni eru átökin um fiskveiðistjórnunarkerfið afar áhugaverð því þau varpa ljósi á gangverk lýðræðisins á Íslandi. M.a. varpa þau ljósi á stjórnmálalegan styrk þingmeirihlutans og stjórnkerfisins gagnvart öflugum hagsmunasamtökum. Einnig má skoða átökin út frá kenningum um samráðsstjórnmál (*neo-coroporatism*) og stéttastjórnmál þar sem gerendur (*actors*) eru skipulögð samtök hagsmunaaðila, stéttir og ríkisvaldið. Almenningur sem á óbeina hagsmuni að málinu hefur hins vegar ekki haft aðkomu að ákvarðanatöku á þessu sviði nema í gegnum stjórnmálaflokka. En vera má að breyting kunni að verða þar á í kjölfar kröfu um beint lýðræði.

Stefanía Óskarsdóttir

Fólk, flokkar og Facebook
Viðhorf stjórnmálaflokka til samfélagsmiðla í aðdraganda Alþingiskosninga 2013

Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við fulltrúa þeirra sex stjórnmálaflokka sem tóku sæti á Alþingi að loknum kosningum í apríl 2013, auk greiningar á Facebook-síðum flokkanna. Viðtölin voru tekin nokkrum vikum fyrir kosningar, auk þess sem sama fólk var beðið um að svara skriflegum spurningalista að loknum kosningum. Tilgangurinn var að kanna hvort stjórnmálaflokkar líti á samfélagsmiðla, þá aðallega Facebook, sem tæki til lýðræðislegrar umræðu og samskipta við kjósendur. Viðhorf flokkanna var afar misjafnt og endurspeglar að vissu leyti hversu opnir þeir eru fyrir hugmyndum um beint lýðræði og aðkomu almennings að ákvarðanatöku.

Á undanförnum árum hafa kenningar um nýmiðla og netlýðræði ýtt undir þá skoðun margra að rödd almennings heyrist betur en áður. Rökin eru gjarnan þau að auðveldara sé fyrir einstaklinga og hópa að hafa samskipti sín á milli og þrýsta á stjórnvöld um leið. Facebook hefur verið nefnd sem einn þeirra miðla sem auka vald fólksins gagnvart hefðbundnum valdastofnunum. Íslenskir stjórnmálaflokkar virðast fyrst og fremst líta á Facebook sem tæki til að koma eigin boðskap á framfæri en að einhverju leyti sem hentuga leið til að svara spurningum kjósenda. Lýðræðisleg umræða milli fólks og flokka virðist hins vegar ekki fara fram á samfélagsmiðlum og þá virðist sem flokkarnir séu ekki reiðubúnir til að endurskoða eigin stefnu, eða taka upp ný mál, eftir ábendingar á Facebook.

Rannsóknir á notkun Íslendinga á Facebook eru á algjöru byrjunarstigi og því getur þessi rannsókn aldrei svarað öllum spurningum um þennan miðil. Henni er aðeins ætlað að vera eitt skref í þá átt að skilja betur þá breytingu sem er að verða á pólitískum samskiptum á 21. öldinni.

Baldvin Þór Bergsson

Sameining sveitarfélaga
Reynsla íbúa af þjónustu og lýðræðislegri stöðu

Sveitarfélögum á Íslandi hefur fækkað verulega á síðustu 20 árum. Frá árinu 1993 hefur þeim fækkað úr 196 í 74 eða um 62%. Flestar urðu sameiningar sveitarfélaganna fram til ársins 2006 en hægt hefur á ferlinu síðan. Reynsla íbúa af sameiningum hefur áður verið rannsökuð, m.a. í bókinni *Sameining Sveitarfélaga. Áhrif og afleiðingar* frá árinu 2002. Síðan þá hafa einungis staðbundnari og minni athuganir verið gerðar á reynslunni af sameiningum. Í fyrirlestri þessum hyggjast höfundar greina frá niðurstöðum könnunar á reynslu og mati íbúa átta sameinaðra sveitarfélaga á áhrifum af sameiningunum bæði hvað varðar þjónustu við íbúana og hvað varðar þróun lýðræðis í sveitarfélögunum. Könnun þessi stendur yfir um þessar mundir og mun ljúka í haust. Í fyrri rannsókninni voru niðurstöðurnar að flest þjónusta hafi batnað við sameininguna en að fólk upplifði almennt talsverðan lýðræðishalla, sérstaklega fólki á þeim svæðum sveitarfélagsins sem áður voru lítil sveitarfélög. Rúmlega áratugur er síðan þessi rannsókn var gerð og því ætti að vera forvitnilegt að gera aðra slíka rannsókn, ekki síst þar sem kröfur almennings til búsetuskilyrða hafa aukist og aukinheldur kann efnahagshrunið frá árinu 2008 að hafa haft áhrif á viðhorf fólks, en í kjölfar hrunsins kom upp nokkur umræða um að hagræða þyrfti með stækkun og fækkun sveitarfélaga. Þessar hugmyndir má einnig sjá í skýrslu Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi. Þá hefur veruleg þróun orðið í átt til aukins og efldsíbúalýðræðis í sveitarfélögunum og kann slíkt einnig að hafa valdið breyttum viðhorfum fólks í kjölfar sameininganna.

Grétar Þór Eyþórsson

Ástæður slælegrar upplýsingagjafar stjórnvalda Skoðanir almennings*

Könnunin varðar viðhorf almennings til upplýsingagjafar stjórnvalda. Spurningalisti var sendur á 1.898 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá í mars 2012. Svarhlutfall var 66,9%. Könnunin grundvallaðist fræðilega á rannsóknum um traust til stjórnvalda og áhrif upplýsingalaga á upplýsingagjöf. Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf almennings til upplýsingagjafar og gegnsæis um tiltekna málaflokka, þ.e. almannahagsmuni og opinber útgjöld, og hvers vegna svarendur teldu að stjórnvöld leyndu slíkum upplýsingum. Svörin reyndust fjölmörg og viðamikil en spurningarnar voru: (1) Hverjar telur þú vera meginástæður þess að opinberir aðilar leyni upplýsingum sem eiga erindi við almenning og varða almannahagsmuni (umhverfis-, velferðar-, heilbrigðis- og menntamál)? (2) Hverjar telur þú vera meginástæður þess að opinberir aðilar leyni upplýsingum sem eiga erindi við almenning (skattborgara) og varða opinber útgjöld, þ.e. úthlutun á almannafé (styrki og fjárveitingar, verksamninga til opinberra verkefna o.þ.h.)? Niðurstöðurnar voru margbrotnar og fjölbreyttar. Meðal annars má nefna að svarendur töldu að opinberir aðilar leyndu upplýsingum vegna einkahagsmuna, pólitískra sérhagsmuna, spillingar, slælegra vinnubragða, dómgreindarleysis, fákunnáttu, forsjárhyggju, leyndarhyggju, hroka, vantrausts, siðblindu, valdafíknar og virðingarleysis.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Gefa viðbrögð við eldgosi innsýn í krísustjórnun Dæmi frá Icelandair

Eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 hafði víðtæk áhrif á íslenskt samfélag, ekki síst á flugsamgöngur vegna öskuskýsins sem myndaðist við það. Truflanir á flugi teygðu anga sína um stóran hluta Evrópu þannig að flugleiðir lokuðust og farþegar komust ekki leiðar sinnar. Icelandair fór ekki varhluta af ástandinu og stóð frammi fyrir miklum erfiðleikum við að halda uppi þjónustu við farþega sína. Viðfangsefni þessarar greinar er að skoða hvort og hvernig raundæmi frá Icelandair, þar sem viðbrögð félagsins eru rakin þegar truflanir vegna gossins voru mestar, gefi innsýn í krísustjórnun. Um könnunarrannsókn er að ræða og tilgangurinn er að átta sig á ýmsum breytum og áhrifaþáttum krísustjórnunar og draga fram áhugaverðar spurningar til frekari skoðunar. Gerð er grein fyrir hugtökunum krísa og krísustjórnun, atburðarás og viðbrögð Icelandair eru rakin, og niðurstöður dregnar saman í svörum við rannsóknarspurningunum sem lagðar eru fram. Helstu niðurstöður eru í fyrsta lagi að skilgreina má ástandið sem skapaðist hjá Icelandair í kjölfar gossins sem krísuástand. Í öðru lagi að krísuteymi, upplýsingamiðlun og samstarf við hagsmunaaðila hafi verið veigamiklir þættir í viðbrögðum félagsins. Í þriðja lagi að viðbrögð Icelandair hafi vegna sérstöðu krísunnar verið byggð á reynslu og þekkingu félagsins og að framvinda athafna hafi verið um margt sjálfsprottin.

Regína Ásdísardóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

„Stelpurnar í eldhúsinu“ Viðhorf og aðgerðir á sviði umhverfismála

Fyrirtæki taka á umhverfismálum vegna utanaðkomandi þrýstings, eða vegna innri hvata, s.s. siðferðilegra sjónarmiða og/eða væntinga um fjárhagslegan ávinning. Hluthafa- og hagsmunaaðilakenningar, svo og viðhorf leiðtoga, eru taldar geta skýrt aðgerðir/aðgerðaleysi fyrirtækja á sviði umhverfismála. Í greininni er fjallað um viðhorf leiðtoga og sjónarmið til hluthafa- og hagsmunaðila sem fram komu í rannsókn um áhuga og framlag norrænna skaðatryggingafélaga á úrlausn umhverfislegra vandamála. Rannsóknin sem er tilviksrannsókin leiðir í ljós ólík viðhorf til umhverfismála innan tveggja tilvikshópa, þ.e. fyrirtækja í eyjasamfélagshópnum annars vegar (Álandseyjar, Færeyjar og Ísland), og fyrirtækja í meginlandshópnum hins vegar (Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð). Helstu niðurstöður eru þær að aðgerðir á sviði umhverfismála voru takmarkaðar í eyjasamfélagshópnum þar sem umhverfisstefnur voru ekki til staðar, en þar var afstaða til umhverfismála fremur neikvæð, auk þess sem afkomusjónarmið ráða för. Aðgerðir fyrirtækja í meginlandshópnum byggðu á umhverfis- og/eða loftslagsstefnum, en í þeim hópi var umræða um umhverfismál almennt jákvæð, auk þess sem þrýstingur frá hagsmunaaðilum var breiður og tók bæði til ytri og innri hvata.

Lára Jóhannsdóttir
Snjólfur Ólafsson
Brynhildur Davíðsdóttir

Samband markaðshneigðar og viðkiptavinamiðaðra gilda hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum*

Markaðshneigð er ákveðin tegund fyrirtækjamenningar sem byggist á því að þarfir viðskiptavina eru hafðar að leiðarljósi í allri starfseminni. Rétt eins og aðrar tegundir fyrirtækjamenningar kristallast markaðshneigð meðal annars í sameiginlegum gildum sem hafa áhrif á ákvarðanir og aðgerðir innan fyrirtækisins. Innan viðskiptavinamiðaðs fyrirtækis er lögð áhersla á að skilja og uppfylla þarfir einstakra viðskiptavina, fremur en að áherslan sé á hóp viðskiptavina. Fyrirtæki sem tileinkar sér viðskiptavinamiðuð gildi leggur mikla áherslu á þarfir viðskiptavinarins, vandaða þjónustu og einstaklingsmiðaðar lausnir. Ýmsar tegundir gilda hafa verið skilgreindar, en lýsandi gildi eru talin endurspegla hugarfar og áherslur æðstu stjórnenda og talin endurspegla raunverulega menningu fyrirtækja. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort tengsl væru á milli lýsandi viðskiptavinamiðaðra gilda og markaðshneigðar íslenskra fjármálafyrirtækja. Sex fjármálafyrirtæki tóku þátt í rannsókninni. Við mat á markaðshneigð var notast við mælitækið MARKOR en við mat á því hversu viðskiptavinamiðuð lýsandi gildi fyrirtækjanna voru var beitt innihaldsgreiningu á opinberum gögnum frá fyrirtækjunum. Niðurstöðurnar benda til þess að tengsl séu á milli viðskiptavinamiðaðra gilda og markaðshneigaðar fyrirtækja á íslenskum fjármálamarkaði. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að samband sé á milli markaðshneigðar og árangurs. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja við fyrri rannsóknir um mikilvægi markaðshneigðar þegar kemur að árangri. Jafnframt veitir rannsóknin gagnlegar upplýsingar fyrir stjórnendur um mikilvægi þess að leggja áherslu á viðskiptavinamiðuð gildi.

Anna Sigríður Pétursdóttir
Auður Hermannsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Straumlínustjórnun*

Hvort sem verið er að leita eftir gæðum á vörum, góðri þjónustu eða sérhæfðri þekkingu og kunnáttu þá er ljóst að árangur næst ekki nema með góðu starfsfólki. Eitt af markmiðum stjórnunar er að hlúa að starfsfólki svo að það verði ánægt í starfi og geti nýtt starfshæfni sína á sem árangursríkastan máta.

Aðferðir straumlínustjórnunar eru í vaxandi mæli notaðar til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Aðferðafræðin á rætur sínar að rekja til framleiðslufyrirtækja en þjónustufyrirtæki hafa í auknum mæli nýtt sér hana. Hugmyndafræðin tekur á og kemur í veg fyrir sóun vinnu sem fyrirfinnst í fyrirtækjum og framleiðslu þeirra. Reynt er að bæta flæði starfseminnar með því að kortleggja ferli og tæki til að ná markmiðum með straumlínustjórnun, og auðvelda þar með alla vinnu við að ná settum markmiðum.

Meginmarkmið þessarar greinar er að kynna niðurstöðu rannsóknar þar sem kannað var hvort hægt sé að ná betri árangri í íslenskum fyrirtækjum með því að beita aðferðum straumlínustjórnunar.

Eðvald Möller
Snorri Fannar Guðlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Eingyðistrú eða fjölgyðis? Var almenn trú um samfélag guða á Norðurlöndum fyrir kristnitöku?*

Almennt er viðurkennt, að miklu leyti byggt á grundvelli vitnisburðar Grímnismála, Vafþrúðnismála, Völuspár og Snorra Eddu (auk fyrirmynda úr grískum og rómverskum trúarbrögðum) að fornnorræn trú, oft lýst sem einni heild trúar og helgisiða sem ná yfir stórt svæði í rúmi og tíma, hafi samanstaðið af samfélagi guða sem bjuggu á einum tilteknum stað (á Ásgarði) undir stjórn Óðins (föður þeirra). Undanfarin ár hafa sífellt fleiri fræðimenn lýst yfir efasemdum um þessa skilgreiningu á norrænni trú og benda á að form hennar og áherslur hafi verið breytilegar miðað við stað og tíma, allt eftir félagslegum, landfræðilegum, stjórnarfars-, efnahags- og umhverfislegum aðstæðum hverju sinni. Einnig virðist ljóst að víða, og á ólíkum tímum þess tímabils sem hér um ræðir hafi Óðinn ekki verið álitinn æsti guðinn. Þetta virðist einkum eiga við á Íslandi og stórum hluta Noregs þar sem Þór virðist hafa skipað hærri sess.

Í þessum fyrirlestri langar mig að efast enn frekar og varpa fram þeirri spurningu hvort hugmyndin um samfélag guða á tilteknum stað undir stjórn Óðins hafi verið síðari tíma tilbúningur og hvort hið sama geti átt við um aðra almennt viðurkennda hugmynd (Dumezils) um að fólk velji sér guði með tilliti til stöðu sinnar í samfélaginu. Að minnsta kosti virðast guðir eins og Freyr (bókstaflega „Lávarður“) og Þór (sem er í forystu guða samkvæmt lýsingu Adams frá Brimum um „hofið“ í Gömlu Uppsölum) ásamt „öðrum helmingum“ sínum hafa í raun verið eins konar allra handa guðir fullkomlega færir um að koma öllum (óháð stétt og stöðu) til hjálpar og stjórna einir án þess að hafa þörf fyrir hóp guða „jafningja“ sína sér til fulltingis. Hugmyndina um hóp guða undir stjórn Óðins mætti skoða sem raunhæfa viðleitni Óðinsmanna til að taka yfir gömlu trúna án þess að þurrka hana út.

Terry Gunnell

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Grasalækningahefð á Íslandi
Um vísindi, forlagatrú og menningararf

Þetta erindi byggir á nýlokinni 60 eininga meistaraprófsritgerð í Þjóðfræði um grasalækningahefð á Íslandi fyrr og nú. Leitast er við að varpa ljósi á þá þróun sem hefur átt sér stað varðandi grasalækningar og ekki síst gerð grein fyrir stöðu grasalækninga í samtímanum. Ólík viðhorf menntaðra grasalækna og grasalæknafjölskyldu einnar, sem hefur numið þekkingu sína af eldri kynslóðum langt aftur í ættir, verða borin saman til þess að kanna stöðu grasalækningahefðar í samtímanum. Frásagnir viðmælenda verða svo settar í samhengi við kenningar um hópa, sjálfsmynd, hefð og menningararf.

Í ljós kom að grasalæknar sem starfa á Íslandi í dag skiptast í tvo ólíka hópa. Annar hópurinn er menntaður frá opinberum háskólastofnunum erlendis, hefur BSc gráðu og tengir sig við vísindarannsóknir og undirstöðu í læknisfræði og lyfjafræði. Hinn hópurinn telur afkomendur hvað þekktustu alþýðu- og grasalækna hér á landi, svo sem Grasa-Þórunnar, Erlings Filippussonar og Ástu grasalæknis. Í ætt þeirra hafa reynsluvísindi borist milli kynslóða um aldir og þekking þeirra numin frá barnæsku. Áður fyrr var orðspor alþýðulækna og sagnir af þeim þeirra „prófskírteini“ en svo virðist sem grasalæknafjölskyldan hafi á síðustu árum, með tilkomu menntaðra grasalækna, endurskilgreint sig sem menningararf. Þannig öðlast þau nýja rödd sem er tekin marktæk í samfélagi sem einkennist af vísindahyggju og markaðsöflum.

Elsa Ósk Alfreðsdóttir

Fylgjur í íslenskri þjóðtrú

Fyrirlesturinn byggist á meistararitgerð minni í þjóðfræði en rannsókn mín snýst um einstaklingsfylgjur í íslenskri þjóðtrú. Markmið rannsóknar er að skoða reynslu nútímafólks af fylgjum, á hvaða hátt og undir hvaða kringumstæðum fólk verður þeirra vart og hvaða hlutverk fólk eignar fylgjum. Stuðst er við eigindlega rannsóknaraðferð, þ.e. viðtöl sem tekin voru við 16 manns, bæði konur og karla, sem flest voru valin úr tæplega 1000 manna úrtaki sem tóku þátt í *Könnun á þjóðtrú og trúarviðhorfum* sem Erlendur Haraldsson prófessor í sálfræði og Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði gerðu á árunum 2006–2007. Aðrar íslenskar frumheimildir eru einkum viðtöl og spurningalistar sem varðveittar eru í Þjóðminjasafni Íslands og á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Trú á fylgjur hefur fylgt Íslendingum síðan land byggðist og athyglisvert er að þrátt fyrir gjörbreytt samfélag nútímans þá lifir fylgjutrú enn góðu lífi. Rannsóknin sýnir að fólk lítur á nálægð fylgjunnar sem fyrirboða þess að fjölskyldumeðlimur (stundum gestur) sé rétt ókominn. Fólk skynjar fylgjur á mismunandi vegu, sem eru einkum þeir að umgangur heyrist við dyr, lykt finnst sem einkennir hinn ókomna eða svipir (lifandi) manna sjást á undan komu þeirra. Fólk skynjar einnig fyrirboðann á líkamlegan hátt, með þreytu og svefnhöfga, sem kallast aðsókn. Það sem einkennir viðmælendur mína er hversu viljugir og ófeimnir þeir eru að deila reynslu sinni með öðrum.

Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir

„Annars ber ég ekki mjög sterkar tilfinningar til dauðra hluta“ – Tengslamyndun fólks við hluti og þáttur þeirra í sköpun heimilisins

Hlutirnir og heimilið skapa umgjörð um líf fólks. Heimilið, lýsingin, lyktin, fjölskyldumyndirnar og plöntunar geta verið mikilvægir þátttakendur í gleði og sorgarstundum, þeir geta kætt og grætt, huggað og hlýjað. Of náin tengsl við dauða hluti eru þó oftar en ekki talin óæskileg. Slíkar hugmyndir má eflaust rekja til orðræðu um efnishyggju (*materialism*) þar sem skil milli hluta og fólks eru skörp og ofgnótt fjöldaframleiddra hluta í kapitalísku samfélagi er gagnrýnd. Tengsl við hluti eru þó oft tilfinningaþrungin og þeir gegna mikilvægu hlutverki í sköpun heimilisins.

Með hliðsjón af niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar á búsetu og sköpun heimilis á stúdentagörðum er markmiðið að skoða tengslamyndun fólks við hluti og þátt þeirra í sköpun heimilisins. Þeir hlutir og húsgögn sem virðast skipta máli tjá tengsl milli fólks, þeir fela í sér nærveru og tímadýpt, hafa áhrif á líðan og vekja upp hugmyndir um þægindi og öryggi. Tilfinningaleg tengsl við hluti snúast í fæstum tilfellum um útlit eða fagurfræði hlutarins heldur um sambandið við þá. Dauðir hlutir eins og bækur, ísskápar, myndir, sófar, eldhúsborð og rúm flækjast saman við óáþreifanlega þætti sem gefa þeim aukna dýpt og gera þá að virkum þátttakendum í lífi fólks.

Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir
Valdimar Tr. Hafstein

Barneignir tveggja fæðingarárganga íslenskra kvenna í norrænum samanburði

Lækkuð fæðingartíðni hefur haft víðtæk áhrif á aldurssamsetningu íbúa í Evrópu undanfarna áratugi. Börnum fækkar hlutfallslega jafnt og þétt og öldruðum fjölgar að sama skapi. Hin mikla lækkun fæðingartíðni sem kennd hefur við Second Demographic Transition og hófst á sjöunda áratug síðustu aldar. Lækkunin var framan af meiri á Norðurlöndum en flestum öðrum Evrópulöndum enda var atvinnuþátttaka kvenna á barneignaraldri þar meiri en annars staðar í álfunni. En þótt lækkunin hafi hafist snemma í þessum löndum hefur fæðingartíðni þar haldist nokkuð stöðug frá því um 1980 og nú er svo komið að fæðingartíðni á Norðurlöndum er hærri en annars staðar í Evrópu. Þessi háa fæðingartíðni hefur m.a. verið skýrð með því að markvisst hefur verið unnið að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og á heimilum. Opinberir leikskólar og langt fæðingarorlof þar sem foreldrar njóta greiðsla sem samsvara á bilinu 75-90% launa hefur verið liður í því að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldulíf og starfsframa.

Ísland nýtur nokkrar sérstöðu meðal Norðurlandanna. Þar til um aldamótin 2000 var fæðingarorlof hér styttra en í nágrannalöndunum. Engu að síður hefur fæðingartíðni verið nokkru hærri en þar. Í erindinu er sjónum beint að þessum mun í fæðingartíðni milli Íslands og hinna Norðurlandanna. Barneignir tveggja fæðingarárganga íslenskra kvenna verða til athugaðar, þ.e. kvenna sem fæddust hér á landi árin 1960 og 1975. Kannaður verður barnaeignaferill kvenna í þessum tveimur fæðingarárgögnum og sjónum einkum beint að því hvort munur er á því hvenær þessir tveir árgangar hófu barneignir og hvort munur er á uppsöfnuðu frjósemishlutfalli milli þessara árganga. Áhersla verður lögð á að skoða áhrif menntunar á barneignir en einnig kannað hvort búseta erlendis hafði áhrif á barneignir kvennanna en um 30% kvenna í báðum fæðingarárgögnum hafa einhvern tímann búið erlendis.

Ólöf Garðarsdóttir
Guðjón Hauksson

Fyrsta barn, fæðingarorlof og umönnun
Hlutverk feðra og mæðra

Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif fæðingarorlofstöku á það hvernig foreldrar deila með sér ábyrgð á umönnun barna sinna. Lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi árið 2000, en þau hafa það að markmiði að tryggja barni umönnun beggja foreldra. Árið 2001 var gerð könnun á atvinnuþátttöku og tilhögun umönnunar meðal foreldra barna sem áttu sitt fyrsta barn árið 1997, áður en hin nýju lög komu til framkvæmda. Könnunin var endurtekin árið 2007 meðal foreldra barna sem áttu sitt fyrsta barn árið 2003, eftir að lögin höfðu komið að fullu til framkvæmda. Feður barna sem voru fædd árið 1997 áttu að jafnaði ekki sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs en feður barna sem voru fædd árið 2003 áttu rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi. Samanburður á hlutdeild feðra í umönnun barna sýndi að feður juku umtalsvert þátttöku sína í umönnun barna sinna. Spurningakönnun meðal foreldra sem eignuðust fyrsta barn 2009 var framkvæmd í júní 2013 og henni er ætlað að sýna hvort enn frekari breytingar hafa orðið á því hvernig foreldrar haga umönnun barna sinna.

Ásdís Arnalds
Guðný Björk Eydal

Aldraðir Íslendingar og aðstandendur þeirra
Hindranir við öflun upplýsinga*

Fjallað verður um eigindlega rannsókn þar sem megin markmiðið er að afla þekkingar á upplýsingahegðun eldri borgara sem eru búsettir í heimahúsi og í þörf fyrir aðstoð. Ennfremur er athugað hvernig aðstandendur styðja við upplýsingahegðun þeirra. Alþjóðlega eru mjög fáar rannsóknir til um upplýsingahegðun eldri borgara þar sem tekið er mið af þeim breytingum sem verða á heilsufari og aðstæðum þeirra við hækkandi aldur. Jafnframt er afar lítil vitneskja til um það hvernig aðstandendur þeirra styðja við upplýsingahegðun þeirra. Því er brýnt að auka þekkingu á þessu sviði. Í erindinu og greininni verður lögð áhersla á það á hvaða formi og eftir hvaða leiðum aldraðir og aðstandendur þeirra kjósa að fá upplýsingar auk þeirra hindrana sem þeir töldu sig upplifa við upplýsingaöflun. Niðurstöður byggja á greiningu á opnum viðtölum við 29 þátttakendur sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu, í dreifbýli og í kaupstað úti á landi. Í hópi þátttakenda voru 15 aðstandendur, níu konur og sex karlar á aldrinum 37–74 ára, og 14 aldraðir einstklingar, níu konur og fimm karlar á aldrinum 70–90 ára. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Á hvaða formi og eftir hvaða leiðum velja aldraðir og aðstandendur þeirra að afla upplýsinga? Hvaða hindranir upplifa aldraðir og aðstandendur þeirra við upplýsingaöflun?

Ágústa Pálsdóttir
Sigríður Björk Einarsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Jöfn umgengni í framkvæmd*

Fjölmörg börn á Íslandi búa ekki hjá báðum foreldrum sínum. Á síðustu áratugum hefur verið lögð vaxandi áhersla á ábyrgð beggja foreldra á uppeldi barns og rétt barns til að njóta tengsla við báða foreldra sína óháð fjölskyldugerð. Hér reynir á að móta hugtök eins og forsjá, búsetu og umgengni. Lögð hefur verið áhersla á sameiginlega forsjá beggja foreldra en jafnframt að barn eigi lögheimili hjá öðru þeirra og njóti umgengni við það foreldri sem barnið býr ekki hjá. Jafnhliða hefur þó verið viðurkennt að foreldrar geti samið um jafna umgengni, eða að umgengni barns verði jöfn þeim tíma sem barnið er hjá lögheimilisforeldri sínu. Frá og með 1. janúar 2013 liggur einnig fyrir skýr lagaheimild til að úrskurða eða dæma jafna umgengni þegar sérstaklega stendur á.

Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður rannsóknar sem gerð var á inntaki umgengni samkvæmt staðfestum umgengnissamningum og umgengnisúrskurðum Sýslumannsins í Reykjavík á árinu 2004 og árabilinu 2008–2012. Markmiðið er að skoða nánar hvort og hvernig samið hefur verið eða úrskurðað um jafna umgengni á undanförnum árum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda meðal annars til þess að samningum af þessu tagi hafi fjölgað jafnt og þétt.

Helga Sigmundsdóttir
Hrefna Friðriksdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Barnafjölskyldur í kjölfar kreppu
Lífskjör og foreldrahæfni*

Hér er spurt um áhrif efnahagskreppu á lífskjör og líðan barnafjölskyldna á Íslandi í kjölfar kreppu. Lífskjör barnafjölskyldna eru skoðuð út frá ólíkum heimilisgerðum og tekjum, lífskjör þeirra borin saman við lífskjör barnlausra auk þess sem tengsl lífskjara og lífsgæða barnafjölskyldna eru skoðuð.

Fyrri rannsóknir á afleiðingum efnahagskreppna sýna að fjárhagserfiðleikar og óvissa sem oft fylgir í kjölfar þeirra geta haft neikvæð áhrif á foreldrahæfni og staða þekkingar varðandi áhrif efnahagserfiðleika á fjölskyldulíf verður reifuð í stuttu máli.

Hér er lögð til grundvallar rannsókn sem Ragnheiður Guðrúnardóttir vann vegna MA ritgerðar sl. haust þar sem unnið var með fyrirliggjandi gögn frá Hagstofu Íslands, Capacent Gallup og Embætti landlæknis um lífskjör fjölskyldna. Ný gögn Hagstofu Íslands og Eurostat verða einnig notuð m.a. til að bera stöðu íslenskra barnafjölskyldna saman við stöðu barnafjölskyldna í völdum Evrópulöndum.

Hérlendis hafa stjórnvöld brugðist við neikvæðum afleiðingum efnahagskreppunnar með ýmsum aðgerðum sérstaklega með það að markmiði að vernda viðkvæma hópa, s.s. barnafjölskyldur. Þó sýna niðurstöður að lífskjör foreldra hafa verið lakari en annarra hópa í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Guðný Björk Eydal
Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Ferða*

Atvinnugreinin ferðaþjónusta og fræðasviðið ferðamál eru í örum vexti hérlendis og vextinum fylgir þroski. Hluti af þroska fræðasviða og atvinnugreina er að móta lykilhugtök, mynda málvenjur og orðfæri sviðsins. Mótunin er óhjákvæmilega undir miklum alþjóðlegum áhrifum, einkum þegar um er að ræða atvinnugrein byggða á fjölþjóðlegum samskiptum.

Það má segja að orðaforði ferðamála á íslensku sé af þrennum toga; slettur þ.e. erlend orð með íslenskum framburði, íslensk orð endurnýtt og/eða endurskilgreind og í þriðja lagi beinar þýðingar á orðfæri úr ensku. Skoðun á þessum orðsifjum er áhugaverð greining á þroskaferli ferðamála. Hér verður fjallað um hugtakanotkun í opinberri orðræðu um ferðamál á Íslandi í upphafi 21. aldar, gerður samanburður við ensku og bent á dæmi um orðfæri sem er órökrætt og/eða ógagnsætt íslenskt mál.

Orðræðan um ferðamál eins og önnur félagsleg fyrirbæri felur í sér gjafaforsendur, t.d. um þann sem ferðast. Ferðamaðurinn er staðalmynd þar sem kyn, aldur, uppruni og tilgangur ferðar er gjarnan tekinn sem gefinn. Áhrif gjafaforsendna og upptöku orðfæris úr ensku á mótun orðræðunnar um ferðamál verða rædd og bent á hugtök, sem þurfa nánari skoðun og skýrari merkingu. Slík rýni er mikilvæg fyrir fagmennsku í atvinnugreininni, stefnumótun stjórnvalda og brýna nauðsyn á sviði rannsókna í ferðamálum.

Guðrún Helgadóttir

Af jaðrinum
Samfléttun slóða og staða*

Oft er fjallað um dreifbýli á Íslandi og víðar sem jaðarsvæði í tengslum við skilgreinda miðju höfuðborgar og annarra stærri þjónustukjarna. Yfirleitt eru jaðarsvæði skilgreind með tilliti til fjarlægðar eða samgangna, t.d. hversu langan tíma það tekur að ferðast frá miðju til viðkomandi staðar. Í þessum fyrirlestri er ætlunin að ræða um þýðingu hugtaksins jaðars út frá kenningum sem leggja áherslu á tengsl sem skapandi afl. Þessi áhersla sýnir fram á að skilgreining jaðarsvæða er háð margbreytilegum tengslum í tíma og rúmi og að miðjan er aldrei gefin fyrirfram. Ekki er nóg að hugsa aðeins um kílómetra eða malbik heldur verður að huga að því hvernig sérhver staður er afurð sögulegs, félagslegs og menningarlegs staðsetningarferlis. Strandir á norðanverðum Vestfjörðum eru yfirleitt skilgreindar sem jaðarsvæði. Eitt af því sem undirstrikar jaðarstöðu Stranda í dag í hugum fólks eru slæmir vegir. Um leið eiga þeir þátt í að skapa seiðmagnað andrúmsloft svæðisins sem laðar ferðafólk hvaðanæva að. Ferðamennska er afl sem kemur hreyfingu á Strandir og hefur áhrif á afstöðu miðju og jaðars bæði innan svæðisins og í landfræðilegu samhengi. Í þessum fyrirlestri munum við greina hvernig ferðamennska hefur áhrif á stöðu Stranda í samhengi miðju og jaðars með samfléttun samgangna og samskipta í sögulegu samhengi. Strandir sem áfangastaður verður því til á þannig þátt í að gera Strandir að ákveðinni miðju eða áfangastað sem ávallt er háð skilgreiningu Stranda sem jaðarsvæði.

Katrín Anna Lund
Gunnar Þór Jóhannesson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Sjálfbær fegurð/fagurfræði ferðaþjónustumannvirkja

Hvaða máli skiptir fegurð/fagurfræði mannvirkja fyrir sjálfbærnimat á ferðaþjónustubyggingum? Rýnt var í alþjóðlega matstaðla fyrir sjálfbærni bygginga. Kannað var hvort og þá hvaða hlutverki fagurfræði gegndi innan þeirra. Markmið rannsóknar er að rýna í og bera saman viðmið nokkurra alþjóðlegra matsstaðla um sjálfbærni bygginga og skoða hvernig hugtök eins og fegurð/fagurfræði og græn fagurfræði birtast í þeim.

Slíkir staðlar skilja fagurfræði yfirleitt útundan, þrátt fyrir mikilvægi í öllum arkitektúr og þá áherslu sem svokallaður „grænn" arkitektúr hefur lagt á fagurfræði. Samkvæmt nýlegum rannsóknum frá m.a. Svíþjóð kemur fram að bæði ferðamenn og rekstraraðiliar leggi áherslu á fegurð þegar kemur að því að meta upplifun við gistingu í ferðaþjónustubyggingum. Þessir aðilar virðast því meta fegurðina í ferðaþjónustubyggingum, svo sem á gististöðum.

Rætt verður um hvaða skilaboð rekstraraðilar ferðaþjónustumannvirkja á Íslandi geta tekið til sín út frá þessari umræðu og hvort og þá hvernig fagurfræði spilar sitt hlutverk í að styðja við sjálfbæra ferðaþjónustu hérlendis.

Kjartan Bollason

Nostalgia and Nature
Popular Music in Iceland

The paper explores aspects of memory in the film *Heima* by the Icelandic indie rock band Sigur Rós. *Heima* is the Icelandic word for home and as the title suggest it offers an insight into the band's homeland; Iceland. During the concerts the viewers are shown landscape imagery which appears to be local to each venue, thus offering an understanding of the place. The film presents a world unspoiled from modernisation and globalization. It is the world of people who live in the middle of nowhere in isolated peace with nature. Both nature and people are 'unspoiled' and the old musical and cultural traditions are alive and thriving. It is a nostalgic representation of Iceland, which can possibly be seen a dissidence to a changing and modernised world. Arguably, the film 'others' the nation and landscape and the result is a strange, archaic, but aesthetically pleasing world which becomes appealing to the international gaze. The Icelandic national identity is affected by this and arguably distorted by the nostalgic images. In economic terms, the idea of the unspoilt wilderness of Iceland seems to be the strongest selling point of the tourist industry in Iceland.

Þorbjörg Daphne Hall

.

Máttur hugans
Læknar, hjúkrunarfræðingar og heildræn heilsa

Í erindinu verður farið í stef úr rannsókn meðal lækna og hjúkrunarfræðinga á Íslandi sem eru að taka heildrænar áherslur inn í sýn sína á heilsu og starf sitt. Eins og annað heilbrigðisstarfsfólk leggja þátttakendur rannsóknarinnar áherslu á það að fólk hreyfi sig reglulega, borði hollan mat og reyki ekki til að viðhalda góðri heilsu en einnig á mátt hugans. Hér verður kafað í hugmyndir þeirra um lyfleysuáhrifin, sköpun nýrra taugabrauta, líkamsminni, *The Secret*, fyrirgefninguna, orkustíflur, mannlegar ruslatunnur, andlegar vorhreingerningar og smitandi fýlupúka.

Tekin voru viðtöl við lækna og hjúkrunarfræðinga sem tileinka sér ýmsar heildrænar áherslur og eru að reyna að koma þeim inn í starf sitt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að heildræn sýn á heilsu er að hafa mikil áhrif á hugmyndafræði þátttakandanna og hvernig þeir vilja meðhöndla skjólstæðinga sína í framtíðinni.

Sveinn Guðmundsson

Viðhorf sjúkraþjálfara til gagnreyndra vinnubragða

Stigvaxandi áhersla er á að sjúkraþjálfarar, og aðrir velferðarstarfsmenn, veiti gagnreynda þjónustu (*evidence-based practice*). Í því samhengi er víða kallað eftir breyttum vinnubrögðum þannig að ákvarðanir um íhlutun séu alltaf teknar í ljósi bestu fáanlegu rannsóknarniðurstaðna hvers tíma. Tilmæli um slíkar breytingar geta fallið í misjafnan farveg meðal fagfólks og því er afar mikilvægt að þekkja og vinna með viðhorf þeirra ef innleiða á breytingar á farsælan máta. Markmið þessarar könnunar var að rannsaka viðhorf sjúkraþjálfara til gagnreyndra vinnubragða og hvort finna megi tengsl á milli viðhorfa og valinna persónu- og umhverfisþátta.

Rafræn könnun var send til allra í Félagi sjúkraþjálfara (FS) í maí 2013. Þátttakendur voru 211 og þátttökuhlutfall 40%. Meðalaldur hópsins var 43 ár (*sf* = 10,5) og 75% hans voru konur. Viðhorf til gagnreyndra vinnubragða voru metin með staðlaða spurningalistanum Evidence-based practice attitude scale (EBPAS). Línuleg aðhvarfsgreining var notuð til að rannsaka tengsl EBPAS við; aldur, kyn, starfsaldur við sjúkraþjálfun, framhaldsmenntun, starfssvið innan sjúkraþjálfunar, starfshlutfall og stærð vinnustaðar. Í kynningunni munum við lýsa bakgrunni þátttakenda ásamt niðurstöðum þeirra á EBPAS. Þá munum við kynna niðurstöður aðhvarfsgreiningar á EBPAS.

Sólveig Ása Árnadóttir
Þjóðbjörg Guðjónsdóttir

Viðhorf félagsráðgjafa til gagnreyndra vinnubragða

Á síðustu tveimur áratugum hefur talsverð umræða verið um fagmennsku innan velferðargeirans og þá hvernig megi viðhalda og þróa þekkingu í síbreytilegum heimi. Settar hafa verið fram hugmyndir að vinnulagi með það að markmiði að auka fagmennsku, nota bestu þekkingu hvers tíma og mæta kröfum um mælanleika og mat. Í þessu samhengi hafa verið þróaðar vinnuaðferðir sem byggðar eru á gagnreyndri þekkingu. Vinnuaðferðirnar byggja á þremur megin þáttum og samspili þeirra þ.e. hagsmunum og þörfum notenda, markvissri leit og notkun nýjustu þekkingar úr niðurstöðum rannsókna og fagþekkingu sem er beitt á markvissan hátt.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf félagsráðgjafa til gagnreyndra vinnubragða og byggir á rafrænni spurningakönnun sem framkvæmd var haustið 2012. Notaður var staðlaður og forprófaður spurningarlisti EBPAS. Þátttakendur voru félagsráðgjafar á netfangalista í Félagsráðgjafafélagi Íslands. Svarhlutfall var um 40%. Gögnin voru unnin í SPSS og greind með línulegri fjölbreytu aðhvarfsgreiningu þar sem rannsökuð voru áhrif kyns, menntunar, starfsaldurs og vinnuumhverfis á viðhorf félagsráðgjafa til þess að breyta vinnuaðferðum sínum og beita gagnreyndum vinnubrögðum.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að þeir fagmenn sem starfa sjálfstætt eða hjá sjálfseignarstofnunum hafa marktækt neikvæðara viðhorf til gagnreyndra aðferða heldur en þeir fagmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélagi.

Hervör Alma Árnadóttir
Halldór S. Guðmundsson
Sigrún Júlíusdóttir

Íslensk viðmið ASEBA matslista fyrir fullorðna á aldrinum 18–59 ára

Í íslensku samfélagi er miklum fjármunum varið í félagslega og heilsufarslega þjónustu, þegar upp kemur tímabundinn eða varanlegur vandi fullorðinna einstaklinga. Krafa er um aukin gæði í þjónustunni samhliða skilvirkum og tímasparandi vinnuaðferðum. Samhliða vaxandi kröfum eru viðfangsefnin stöðugt fjölbreyttari, m.a. vegna þess að íbúar samfélagsins eru af mörgum þjóðernum. Þess vegna er mikilvægt að notast sé við staðlaða spurningalista sem fólkið sjálft getur svarað, bæði við upplýsingaöflun og gagnasöfnun, sem er grunnur að þarfagreiningu og stuðningi. Þá er einnig er mikilvægt að skimunar- og matslistar séu aðgengilegir á öðrum tungumálum. Með rannsókninni er aflað viðmiða fyrir íslenska útgáfu tveggja matslista ASR (*Adult Behaviour Self-Report*) og ABCL (*Adult Behaviour Checklist*) sem ætlaðir eru til að leggja mat á aðlögunarfærni, styrkleika, og veikleika fullorðinna á aldrinum 18–59 ára. Rannsóknin er jafnframt hluti af fjölþjóðlegu verkefni 30 þjóða um fjölmenningarleg viðmið.

Íslenska úrtakið var tvískipt tilviljunarúrtak úr þjóðskrá, 800 manna (vegna ASR) og 600 manna (vegna ABCL). Kynningarbréf ásamt spurningalista var sent í pósti og við ítrekun var gefinn kostur að svara á netinu. Rannsóknin var framkvæmd af Félagsvísindastofnun HÍ og var svarhlutfall 48% (ASR) og 56% (ABCL).

Í greininni er lýst niðurstöðum rannsóknarinnar með meðaltölum, staðalfrávikum safnþátta og undirþátta eftir kyni og aldurshóp, ásamt innri áreiðanleika. Megin niðurstöður sýna að íslensk viðmið fyrir skimunarlista ASEBA 18–59 ára eru að jafnaði lítillega lægri en hin bandarísku, nema á einstökum þáttum hjá yngri konum. Með tilkomu íslenskra viðmiða á styrkleikum og veikleikum, stöðu og samskiptum fullorðins fólks á aldrinum 18–59 ára, er lagður grunnur að áreiðanlegra matstæki til að nota í félags- og heilbrigðisþjónustu hér á landi sem er líka aðgengilegt á mörgum tungumálum.

Halldór S. Guðmundsson
Atli Hafþórsson
Hervör Alma Árnadóttir

„Æ sér gjöf til gjalda“

Í erindinu mun ég fjalla um Al-Anon fjölskyldudeildirnar, en samtökin hafa þann eina tilgang að hjálpa þeim sem orðið hafa fyrir áhrifum af vímuefnaneyslu annarra. Al-Anon eru byggð á 12 reynslusporum og 12 hefðum Alcoholics Anonymous (AA) og voru upphaflega hluti þeirra. Al-Anon er fyrsta afsprengi AA, sem á aftur rætur sínar að rekja í heimspekilega og trúarlega hugmyndafræði og miðar að gagnkvæmum skilningi, sem gildi í tjáskiptum manna. Álit þátttakenda í Al-Anon er að þeir þurfi að öðlast bata frá þeim samskiptum sem vímuefnaneysla annarra veldur. Þátttaka í Al-Anon byggir að miklu leyti á fundasókn þar sem hver og einn segir reynslusögu sína og hlustar á aðra segja sína sögu. Reynslusögurnar virðast stuðla að breyttri sjálfsmynd og hafa bætandi áhrif á þátttakendur.

Í erindinu hyggst ég velta fyrir mér hugtaki mannfræðingsins Marcel Mauss um gjöfina, þar sem hver reynslusaga er gjöf, sem kallar á skylduna að gefa, skylduna að þiggja og skylduna að endurgjalda. Ég mun sýna fram á að hver og einn þátttakenda finnur sig knúinn til að endurgjalda reynslusögu með annarri reynslusögu, sem verður þá að eins konar hringrás.

Björk Guðjónsdóttir

The information needs and information behaviour of informal caregivers of disabled children

The purpose of this study is to examine the information behaviour of parents or other close relatives who provide care for disabled children. Tom Wilson (2000) defines information behaviour as every behaviour towards channels and sources of information. The purpose of the study is to get a good view of the information behaviour of parents (relatives) who have disabled children so that it can be shared with specialists in the field, such as doctors, nurses and people who diagnose disabilities, as well as with people who normally mediate information to the parents, for example social workers and library staff. The study is done by use of qualitative methods. Semi-structured interviews and focus groups will be conducted. The findings of the study may further our knowledge of how parents (or relatives) of disabled children take advantage of the information that is available about the disability, the quality of life and the rights of disabled children and their families. A better understanding of the factors that relate to people's information behaviour can make information sharing easier. Hopefully this can make life a little easier for the parents and give them and their children a possibility of a better life.

Sigríður Björk Einarsdóttir
Ágústa Pálsdóttir

Að vinna úr kerfislægu og menningarbundnu ofbeldi: Reynsla fatlaðs fólks af notendastýrðri persónulegri aðstoð

Baráttan fyrir innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar á Íslandi hefur sprottið upp vegna vaxandi óánægju, vanlíðan og valdaleysis fatlaðs fólks í núverandi þjónustukerfi líkt og hjá nágrannaþjóðunum og endurspeglar ríka þörf fyrir nýja hugsun í þjónustu. Fatlað fólk hefur nær einungis val um að búa í stofnanabundnum úrræðum eins og sambýlum og þjónustukjörnum þar sem þjónustan er í engum takti við raunverulegar þarfir fólks eða að búa á eigin heimili og vera háð maka, foreldrum, systkinum eða vinum við framkvæmd allra daglegra athafna. Fötluðum börnum er nær einvörðungu boðið upp á úrræði sem felast í að aðgreina þau frá fjölskyldum sínum, t.d. með liðveislu, stuðningsfjölskyldu, skammtímadvöl eða sérstökum sumardvölum fyrir fötluð börn. Árið 2011 var farið af stað með tilraunaverkefni um notendastýrðri persónulegri aðstoð sem kveðið er á um í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 53/1992 til að bregðast við ákalli fatlaðs fólks um breytingar á stöðu sinni, því ofbeldi sem felst í kerfislægum og menningarbundnum þáttum í samfélaginu og niðurlægjandi viðhorfum og samskiptum sem virðast stuðla að því að fatlað fólk fari að innbyrða skilaboð um að það sé gallað, sjúkt og óhæft til að hafa skoðanir, taka ákvarðanir og stjórna eigin lífi. Í greininni verður fjallað um tilraunaverkefnið og hvernig notendastýrð persónuleg aðstoð hefur reynst því fatlaða fólki sem hefur tekið þátt í því. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða hvort notendastýrð persónuleg aðstoð breyti valdastöðu fatlaðs fólks og kerfisins og þeim hugmyndum sem fatlað fólk hefur innbyrt af ríkjandi þjónustuformi og hefðum samfélagsins. Greinin byggir á eigindlegum viðtölum við fatlaða frumkvöðla notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og við greiningu gagna er stuðst við kenningar um kerfislægt og menningarbundið ofbeldi, hugmyndafræði mannréttinda um sjálfstætt líf og fræðileg skrif um áhrif kenniga um fatlandi samfélag (*ableism*) á þróun sjálfsmyndar fatlaðs fólks.

Vilborg Jóhannsdóttir
Freyja Haraldsdóttir

Skapandi sveigjanleiki*

Segja má að fagstjórnendur hafi ekki orðið til á Íslandi fyrr en á síðasta áratug síðustu aldar. Ástæðurnar liggja í ytri aðstæðum, óðaverðbólgu, tíðum verkföllum, gengisfellingum og öðru sem gerði það að verkum að stjórnendur gátu ekki gert langtímaáætlanir, svo neinu skipti, fyrr en eftir þjóðarsátt í upphafi tíunda áratugarins. Innganga í Evrópska efnahagssvæðið gerði það að verkum að fjármálamarkaður á Íslandi tók hröðum framfaraskrefum inn í fullvaxta peningahagkerfi. Eftir að íslenskir stjórnendur gátu farið að beita sér, m.a. með langtímaáætlunargerð og stefnumótun, breyttust aðstæður í íslenskum fyrirtækjum. Íslenskur vinnumarkaður hefur verið mjög sveigjanlegur í samanburði við evrópska vinnumarkaði. Það hefur ýtt undir skjót viðbrögð við kreppum. Ein niðurstaða rannsóknar sem gerð hefur verið er að íslenskir stjórnendur séu betri í að takast á við kreppu en þenslu. Í þessari grein er fjallað um, og gerður samanburður á, hvernig stjórnendur hafa verið að takast á við kreppur undanfarna áratugi. Fjallað verður um rannsóknir á stjórnendum en tekin eru ítarviðtöl við þá og þau greind. Tilviksrannsókn var unnin á tveimur fyrirtækjum þar sem greindar eru leiðir sem æðstu stjórnendur hafa farið í nýjustu kreppunni þ.e. frá 2008 og gerður samanburður á gögnum frá kreppunni 1993-1995. Helstu niðurstöður benda til þess að íslenskir stjórnendur séu mjög aðhaldssamir og agaðir þegar kemur að viðbrögðum við kreppum.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Jón Guðjónsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

After economic collapse
What happened to human resources in Iceland?*

The purpose of this study was to understand the effects of the 2008 economic collapse on the role of the human resources function (HR), derived from the premises that the HR profession is sensitive to outside conditions and its continuous search for legitimacy and power. It utilizes a qualitative research method, comprising semi structured in-depth interviews with Icelandic HR directors responsible for HR during the 2008 economic collapse. Analyzing the data by coding it by major themes, unusual single events or issues, allows valuable insight into the HR role in times of economic turbulence. Key findings are the following: 1) The HR profession's search for status and power is apparent in the focus on having a seat on the organization's board, persistently shown to be the profession's ultimate goal. 2) A variety of retrenchment methods were utilized during the collapse. Interestingly, lowering salaries was deemed unsuccessful, appearing to affect long-term recovery. 3) Role changes: While the HR directors appeared to gain input and power during swift and far-reaching cost-cutting, Ulrich´s (1997) 'employee champion' role became dominant and an enhanced sense of responsibility for employee wellbeing. Furthermore, HR directors assumed responsibilities traditionally outside the realm of HR. The findings demonstrate the continued vulnerability of the HR profession to external conditions.

Sigríður Guðlaugsdóttir
Arwen Raddon

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Þróun félagsaðildar VR 1991–2012*

VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 29.000 félagsmenn sem er um 18% allra launþega á íslenskum vinnumarkaði. Tilgangur og hlutverk VR er að efla og styðja hag verslunar og skrifstofufólks með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara félagsmanna. Árið 1991 voru fullgildir félagar í VR um 10.121 eða um 16,2% af félagsmönnum innan vébanda ASÍ. Árið 2012 var þetta hlutfall komið í 26,8%. Í þessari grein er rakin þróun stéttarfélagsaðildar innan VR frá árinu 1991 til ársins 2012. Félagsaðild VR hefur vaxið jafnt og þétt á sama tíma og almennt hefur fækkað í stéttarfélögum. Sérstökum sjónum er beint að áhrifum efnahagshrunsins á félagsaðild innan VR. En félagið hefur gengið í gegnum nokkur átök síðustu ár og hafa á síðustu fimm árum verið kosnir fjórir formenn en á árunum 1980–2009 voru formennirnir tveir. Í greininni er gerð grein fyrir þeim þáttum sem geta skýrt þessa aukningu á félagsaðild VR. VR hefur markvisst unnið að því að skapa sér sérstöðu meðal annarra stéttarfélaga hér á landi og með stefnumarkandi ákvörðunum hefur félaginu tekist að laða til sín nýja félagsmenn og vaxið talsvert. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur atvinnuleysi aukist, atvinnuþátttaka minnkað og þeim hefur fækkað sem eru starfandi á vinnumarkaði. Þrátt fyrir þessa þróun þá hefur VR haldið stöðu sinni þegar kemur að félagsaðild. Félagsmönnum fækkaði lítillega á milli áranna 2008 og 2009, fór úr 28.776 í 28.065. Þrátt fyrir þessa fækkun þá jókst hlutfall VR félagsmanna sem hlutfall af starfandi á vinnumarkaði úr 16,7% í 16,9%. Árið 2011 var þetta hlutfall orðið 17,2% og hefur hækkað úr 7,4% frá árinu 1991. Þannig hefur VR vaxið stöðugt og efnahagshrunið hefur ekki haft merkjanleg áhrif á félagsaðildina hjá VR.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Stjórnarherbergið – fyrir og eftir hrun

Skipan, verkefni og starfshættir stjórna fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands á tímabilinu 2005 til 2013 hafa breyst marktækt. Konur sátu ekki í stjórnum 2005 en nú eru þær 50% stjórnarmanna. Verkefni stjórna einkennast af þáttum er lúta að stefnumörkun, eftirliti og framfylgni. Þær eru mun virkari en áður, kalla eftir meiri og betri upplýsingum, eru gagnrýnni og veita framkvæmdastjórn meira aðhald. Vinnubrögð hafa orðið markvissari, formfesta aukist, vinnureglur, starfsreglur og stjórnarhættir verið skerptir. Breytingar á fyrirtækjunum sjálfum hafa kallað á meiri þekkingu og fagmennsku í stjórnarherberginu. Efnahagshrunið haustið 2008 hafði margvíslegar afleiðingar í för með sér og teygði anga sína inn í stjórnarherbergin. Hrunið er greinilega hvati breytinga, bæði beint og óbeint. Í kjölfar þess hefur orðið hugarfarsbreyting sem hefur leitt til meiri ábyrgðar og árvekni í stjórnarherberginu.

Jón Steindór Valdimarsson
Helgi Þór Ingason
Haukur Ingi Jónasson

Útvistun í íslenskum þjónustufyrirtækjum

Í erindinu verður kynnt framhaldsrannsókn á stöðu útvistunar í íslenskum þjónustufyrirtækjum. Bornar verða saman kannanir frá árunum 2009 og 2013 og leitað svara við eftirfarandi spurningum: Hver er staða útvistunar í íslenskum fyrirtækjum? Hafa þau fylgt eftir erlendum fyrirtækjum og boðið út hluta af þjónustustarfsemi sinni? Hvaða verkefnum hefur verið útvistað og hver hefur reynsla fyrirtækjanna verið af því? Í báðum tilvikum er um símakannanir að ræða til forstöðumanna fyrirtækja sem valin voru með slembiúrtaki úr þýðislista frá Ríkisskattstjóra. Væntar niðurstöður er að mikill meirihluti fyrirtækjanna útvisti starfsþáttum eins og tölvumálum, öryggisgæslu, mötuneyti, launamálum o.fl., að þau hafi ekki mótað stefnu um útvistun og að útvistun skili meiri árangri eftir því sem fyrirtækin eru stærri.

Ingi Rúnar Eðvarðsson

Rannsóknir á samningum kynjanna um launakjör – kerfisbundin úttekt*

Markmið greinarinnar er að vinna kerfisbundna úttekt á rannsóknum á kynjamun og samningum um launakjör. Rannsóknir verða greindar út frá aðferðafræði, þ.e. hvort um er að ræða könnun á atferli eða viðhorfi; úrtak af vinnumarkaði eða nemendur; æfingar eða raunverulega samninga; samninga sem skapa verðmæti eða skipta verðmætum; og svo hvort um samanburðarrannsóknir er að ræða. Mikill meirihluti rannsókna á samningum byggir á bandarískum rannsóknum og verður kannað hver uppruni úrtaks er og hvort menningarmunur er tekinn til greina. Einnig verða niðurstöður rannsóknanna rýndar með tilliti til flokkunar í þemu, s.s. mat á niðurstöðum, valdastöðu, staðalmynda og áhrifa viðsemjanda. Eins og á mörgum öðrum sviðum má gera ráð fyrir að rannsóknir á kynjamun séu útsettar fyrir jákvæðri bjögun, þ.e.a.s. að niðurstöður fáist frekar birtar ef fram kemur kynjamunur heldur en ef ekki finnst marktækur munur á kynjunum. Áhrif þessa á niðurstöðurnar verða rædd.

Þóra Christiansen

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

„This is not in my job description!“ Cultural interaction between Icelandic employees and their counterparts from India, Spain, France, Poland, Denmark and the Philippines

Research question: What are the cultural values and beliefs that one needs to understand in order to manage cultural misunderstanding more effectively?

The current study is a collaborative research on Icelandic culture and values and especially about intercultural communication between and among Icelanders and people from other parts of the world. Moreover, this study will shed light on Icelandic core values which can enable diverse teams in sharing information, making decisions and working more effectively within the teams across cultures. Specifically, this study examines communication interaction between Icelandic employees in three Icelandic companies and employees in their subsidiaries in India, Spain and France, and interaction between Icelanders and immigrants from Poland, Philippines and Denmark in Iceland.

Semi-structured interviews were conducted to identify misunderstandings that seem to occur due to cultural, value, and communication style differences and practical suggestions for managing their differences and misunderstandings more effectively.

The purpose of this collaboration is to develop the Cultural Detective, a cultural competency training tool which will be based on our study of Icelandic culture and values and their interaction with people from the six cultures. The cultural detective has been developed for all other Scandinavian cultures, except for Iceland. Despite the fact that Iceland is one of the Scandinavian cultures, it is different in many ways, and thus the development of this tool for Iceland is quite important. The contribution will provide an understanding of the Icelandic culture and the country´s core culture and values which can lead to more effective intercultural communication for Icelanders and their endeavors both abroad and in their home culture.

Erla S. Kristjánsdóttir
Þórunn Bjarnadóttir

Rýnt í störf þroskaþjálfa í ljósi alþjóðlegra viðmiða*

Þessi grein fjallar um þá áskorun sem nýútskrifaðir þroskaþjálfar standa frammi fyrir á fyrstu starfsárum eftir útskrift. Sjónum er beint að gengi fagstéttarinnar á fyrstu starfsárum hennar með áherslu á starfsval þeirra á breiðum vettvangi, helstu áskoranir og viðfangsefni í starfi og hvernig þeir telja sig í stakk búna að loknu námi til að mæta þeim. Jafnframt er skoðað hvaða leiðir þroskaþjálfarnir fara til að mæta þeim kröfum sem nýjar starfsskyldur gera til þeirra. Rannsóknin er byggð á eigindlegum viðtölum við nýútskrifaða þroskaþjálfa sem starfa á breiðum starfsvettvangi, þ.e. jafnt á barna- og unglingsviði og fullorðins- og öldrunarsviði. Við greiningu gagna er horft til starfsþróunarkenninga Skovholt og Rönnestad, sameiginlegrar starfskenningar þroskaþjálfa, nýrra hæfniviðmiða í menntun þeirra og til Bolognasamþykktarinnar um samevrópskt fag- og fræðasamfélag. Hæfniviðmið AIEJ, alþjóðasamtaka Social Educators sem Þroskaþjálfafélag Íslands er aðili að verða skoðuð í ljósi niðurstaðna með áherslu á að skoða hversu vel niðurstöðurnar samræmast þeim ákvæðum sem þar er að finna.

Kristín Lilliendahl
Vilborg Jóhannsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Derogations from Human Rights Obligations in the "War on Terror"

The two major international treaties protecting civil and political human rights, the European Convention on Human Rights (ECHR) and the UN International Covenant on Civil and Political rights (ICCPR), contain provisions authorising state parties to derogate from their obligations in times of public emergency. However, there are certain limitations placed upon such actions of states. The capacity to make derogations is limited to certain nature of public emergency, as it must threaten the life of a nation. Furthermore, a situation of this nature must be officially proclaimed and information on the situation must be transmitted to international control bodies. Most importantly certain fundamental rights that belong to the so-called *jus cogens* norms are never subject to derogations. This applies *inter alia* to the right to life and prohibition against torture. The research aims at analysing the interpretation of key concepts in the derogation provisions of Article 15 of the ECHR and Article 4 of the ICCPR, as they have been applied by the European Court of Human Rights and the UN Human Rights Committee. The focus will be on the increased significance of the derogation provisions during the course of the so-called "War on Terror" led by the United States and the United Kingdom since 2001. Recent development in the jurisprudence of the European Court on Human Rights related to the Anti-terrorism, Crime, and Security Act adopted in the UK in 2001 will be discussed and an assessment made to what extent the Court reviews the actions of national authorities in the time of public emergency.

Björg Thorarensen

The Responsibility of Council of Europe Member States in Extraordinary Rendition

The European Court of Human Rights has defined extraordinary rendition as "an extra-judicial transfer of persons from one jurisdiction or State to another, for the purposes of detention and interrogation outside the normal legal system, where there was a real risk of torture or cruel, inhuman or degrading treatment." Extraordinary rendition, mainly operated by the United States, could not have occurred throughout the world without the cooperation of many states. These states must be held accountable.

The aim of this research paper is to examine what is the responsibility of the Council of Europe Member States who, either knowingly or unknowingly, aid in human rights violations by assisting in extraordinary rendition. The research material includes numerous reports by the Council of Europe, European Union and several NGOs. Diplomatic immunity for individuals and aircrafts will be analysed as they play an important part in determining the rights and responsibilities of individual states. The European Convention will be examined and the role of the European Court of Human Rights, with special emphasis on the obligations most commonly violated in extraordinary renditions. Finally, the groundbreaking judgment of the European Court of Human Rights, El-Masri v The Former Yugoslav Republic of Macedonia, and its possible effect will be discussed.

Valgerður Guðmundsdóttir
Björg Thorarensen

Afstaða Bandaríkjanna til alþjóðasamstarfs á sviði þjóðaréttar

Í þessari grein er ætlunin að varpa ljósi á stöðu Bandaríkjanna sem stórveldis á vettvangi þjóðaréttar. Farið verður yfir ýmsa helstu réttarskapandi þjóðréttarsamninga og alþjóðastofnanir tengdar þeim og staða Bandaríkjanna gagnvart þeim útskýrð. Þannig blasir við að þótt Bandaríkin séu í reynd leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og leggi mikið upp úr þýðingu þjóðaréttar almennt þá hafa þau sem ríki engu að síður almennt verið afar hikandi við að fullgilda samninga og gerast með því aðilar að mikilvægum alþjóðastofnunum. Má í því sambandi nefna Stofnskrá þjóðabandalagsins, Hafréttarsamning SÞ og Rómarsamþykktina fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Að sama skapi er vert að skoða hvort Bandaríkin séu almennt opin fyrir því að undirgangast það að önnur ríki eða einstaklingar geti látið reyna á málsmeðferðarúrræði gagnvart þeim í tengslum við þær stofnanir og þá samninga sem þau eru þó aðilar að, t.d. í tengslum við alþjóðleg mannréttindi o.fl. Síðast en ekki síst verður leitast við að svara því hvort Bandaríkin skeri sig í reynd úr sem stórveldi í þessu tilliti.

Pétur Dam Leifsson

The (strange) life of ethnographers: Fiction and incorporation in anthropological knowlegde*

Ethnographers depart from a familiar environment and move to unfamiliar ones; there, they construct a new network of everyday interaction with other people, with the hope of getting familiar with their everyday lives and vision of the world.

In this paper I explain in which sense anthropological knowledge may be conceived as a metaphorical description of the world, by the means of which anthropologists try to make sense of the metaphorical description of the world produced by their so-called informants. I will also argue that metaphors are embodied, in both senses of being encoded in bodily practices and expressed in actions rather than words. This highlights the role of non-verbal information, time and processes of incorporation in fieldwork activity.

The specificity of anthropological knowledge is thus rooted in shared experience and reasoning, and in negotiations and reciprocal manipulations leading to the construction of "third worlds of meanings" shared by ethnographers and their interlocutors.

This paper invites to reflect on qualitative research, its relational character, and on fiction as key-category in the production of knowledge in social sciences – where fiction is not a deliberate invention but rather an act of giving shape to reality.

Marco Solimene

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Kúnst eða kunnátta?
Um frásagnarfræðilegt hlutverk galdurs*

Fornaldarsögur Norðurlanda, sem voru ritaðar á Íslandi á 13. og 14. öld, fjalla um hetjur og fornkonunga, einkum í Skandinavíu, fyrir landnám Íslands. Vegna fjarlægðar í tíma og rúmi er sú fortíð sem frá er sagt sveipuð þoku og dulúðin liggur aldrei langt undan. Yfirnáttúrlegar verur á borð við tröll og dverga koma þar víða við sögu, og meira fer fyrir fjölkunnugu fólki og vættum en í sögum sem eiga sér stað á Íslandi og liggja nær ritunartíma sagnanna. Í sögunum er getið um ýmis konar galdur og óhætt er að segja að hugmyndum ægi þar saman; allt eru þetta þó hugmyndir sem fólk, þ.e. höfundar sagnanna og áheyrendur, höfðu um fortíðina.

Þótt sögurnar geti í vissum tilvikum endurspeglað fortíðina, bæði efnislega og hugmyndafræðilega, eru þær fyrst og fremst bókmenntir. Vegna þessa er nauðsynlegt að skoða hugmyndir um galdur út frá hlutverki þeirra innan textans og í hvaða tilgangi höfundar sagnanna grípa til þeirra. Í fyrirlestrinum verður litið á hugmyndir um helstu tegundir galdurs innan fornaldarsagna, þær flokkaðar og skoðaðar með aðferðum frásagnarfræði. Rannsóknin kemur til með að varpa ljósi á takmarkað heimildagildi bókmenntanna, þar sem yfirleitt er gripið til galdurs í þágu framvindunnar.

Aðalheiður Guðmundsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

„An Dat´s da Peerie Story“ Rannsókn og túlkun á sögnum tveggja Hjaltlendinga*

Í þessu meistaraverkefni í þjóðfræði voru sagnasjóðir tveggja Hjaltlendinga frá seinni hluta 20. aldar teknir til rannsóknar og túlkunar. Leitast var við að draga fram heimsmynd sagnamanna og samfélags með því að rannsaka og túlka sagnir þeirra. Til grundvallar lágu hljóðritanir á stórum sagnasjóðum beggja manna, gerðar 1954 til 1982, og ný viðtöl höfundar við tvo núlifandi sagnamenn á Hjaltlandi.

Þættar voru saman aðferðir vettvangsrannsókna í þjóðfræði, sviðslistastefnu og sagnfræði til að endurskapa samhengi sagnanna og öðlast dýpri skilning á merkingu þeirra fyrir hefðarþátttakendum. Fjallað er um lífshætti á Hjaltlandi á 19. öld og sagnasjóðirnir, flutningsmáti og frásagnarbrögð greind og sagnir túlkaðar. Í sagnahefð Hjaltlands mætast minni bæði af norrænum rótum, skoskum og írskum. Um tveir þriðju hljóðritaðra sagna eru trúarsagnir, þ.e. efni þeirra snýr að yfirnáttúrlegum vættum og öflum. Um þriðjungur fjallar um veraldleg efni, s.s. slæma framkomu landeigenda við leiguliða, kröpp kjör og sjóslys. Rannsóknin rennir frekari stoðum undir þá kenningu að í sögnum kljáist fólk við ótta sinn og þrár og færi lífsviðhorf sín í frásagnarbúning. Í sögnunum eru tekin til umræðu öll helstu viðfangsefni og vandamál samfélagsins á Hjaltlandi á þeim tímum sem þær verða til á Þær eru í senn spegill samfélagsins og sköpun flytjandans og bera einkenni myndar hans af heiminum og sjálfum sér.

Vilborg Davíðsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Vettvangs(að)ferðin*

Eitt af því sem hefur einkennt mannfræðina sem fræðigrein er hin etnógrafíska rannsóknaraðferð hennar með langtíma vettvangsdvöl, oft á fjarlægum slóðum, í anda Bronislaw Malinowski sem gerði garðinn frægan á Tróbríandeyjum í árdaga greinarinnar. Síðan hafa rannsóknaraðferðir mannfræðinga þróast í ýmsar áttir, auk þess sem aðrar félagsvísindagreinar hafa notfært sér aðferðir mannfræðinnar í auknum mæli. Í grein minni er markmiðið að fjalla um vettvangsferð meðal múslíma á höfuðborgarsvæðinu og hvernig staða mín sem rannsakandi og persóna þróaðist og breyttist á ferðalaginu. Hinn sígilda ímynd mannfræðilegra rannsókna sem einmana dvöl á einangruðum og fjarlægum stað í „þorpinu" hjá einsleitum menningarlegum hópi hefur breyst mikið. Mannfræðingar stunda í auknum mæli rannsóknir á eigin samfélagi, og *í* eigin samfélagi (*í þorpinu*, ekki á þorpinu). Rannsóknin sem ég hef stundað síðustu misseri hefur átt sér stað í tveimur litlum „þorpum" sem er hið margbreytilega samfélag múslíma á Íslandi, þar sem „þorpsbúar" búa við mikinn menningarlegan og etnískan fjölbreytileika, andstætt hinu „sígilda þorpi" mannfræðinga. Þó svo meðlimir „þorpsins" séu dreifðir um borg og bý, eiga þeir samverustað í hinum tveimur „moskum" í Reykjavík, sem líta má á sem tvö þorp þar sem margbreytilegar samsemdarlegar umbreytingar gerast og þar sem ferðalag mitt átti sér stað.

Kristján Þór Sigurðsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í Skemmunni *(www.skemman.is)*.

Researching in Two Worlds, Folkloristics and Disability Studies

In my recent MA thesis I studied what sort of understanding of disability could be found in Icelandic legend tradition of the 19th century. The goal was to discuss how a particular group of people, disabled people, were both included and marginalised through legends. To reach that goal it was necessary to apply a new approach to old material. The question I address in this paper is how can these two fields of study work together? Disability studies, which are modern, cultural and human rights based and folkloristics, which deal with old, archived material in their own context where the modern concepts of „disability" and „impairment" do not appear.

As well as explaining how I joined these two disciplines together I also address how my own personal life affected my approach to this age old material, and why I think that minority studies in general could benefit from a folkloric approach on the groups they study.

Eva Þórdís Ebenezardóttir

Höfundalisti

Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Ágústa Pálsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Alda Metrass-Mendes, sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð ferðamála
AlmaDís Kristinsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands og safnstjóri Norska hússins – BSH
Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri
Andri Már Sigurðsson, MA-nemi við Háskóla Íslands
Anna Bjarney Sigurðardóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Anna Sigríður Pétursdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Anna Soffía Víkingsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Anna Wojtyńska, MA-nemi við Háskóla Íslands
Anni G. Haugen, lektor við Háskóla Íslands
Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Arndís Bergsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Arney Einarsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík
Árni Jóhannsson, MA-nemi við Háskóla Íslands
Ársæll Már Arnarsson, prófessor við Háskólann á Akureyri
Ársæll Valfells, lektor við Háskóla Íslands
Arwen Raddon, fræðimaður við Háskólann í Oxford
Ása Guðný Ásgeirsdóttir, fræðimaður við Háskóla Íslands
Ásdís Aðalbjörg Arnalds, verkefnisstjóri á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Ásgeir Jónsson, lektor við Háskóla Íslands
Áslaug Þorbjörg Guðjónsdóttir, viðskiptafræðingur
Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Atli Hafþórsson, þjóðfélagsfræðingur og MA-nemi við Háskóla Íslands
Auður Hermannsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Baldvin Þór Bergsson, blaðamaður
Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri
Bjarni Már Magnússon, sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík
Björg Thorarensen, prófessor við Háskóla Íslands
Björk Guðjónsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Bragi Guðmundsson, prófessor við Háskólann á Akureyri
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri
Dagmar Björnsdóttir, MA-nemi við Háskólann í Reykjavík
Dagný Leifsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Eðvald Möller, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri
Einar Guðbjartsson, dósent við Háskóla Íslands
Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, sjálfstætt starfandi bókmenntafræðingur
Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst
Eiríkur Hilmarsson, lektor við Háskóla Íslands
Eiríkur Jónsson, dósent við Háskóla Íslands
Elín Hrönn Geirsdóttir, markaðsfræðingur
Elsa Ósk Alfreðsdóttir, fræðimaður við Háskóla Íslands
Erla S. Kristjánsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Esther Ösp Valdimarsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Eva Heiða Önnudóttir, doktorsnemi við Háskólann í Mannheim
Eva Þórdís Ebenezardóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Eydís Brynjarsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands

Eyjólfur Sigurðsson, hagfræðingur
Eyrún Eyþórsdóttir, mannfræðingur
Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi við Háskólann í Leiden
Finnborg S. Steinþórsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri NPA-miðstöðvarinnar
Friðgeir Andri Sverrisson, verkefnisstjóri hjá Námsmatsstofnun
Friðrik Rafn Larsen, lektor við Háskólann í Reykjavík
Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri
Guðbjörg Hildur Kolbeins, MS-nemi við Háskóla Íslands
Guðbjört Guðjónsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Guðjón Hauksson, sérfræðingur við Hagstofu Íslands
Guðmundur Bergþórsson, prófessor við Háskóla Íslands
Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri
Guðný Björk Eydal, lektor við Háskóla Íslands
Guðrún Helgadóttir, prófessor við Háskólann á Hólum
Guðrún Pálmadóttir, lektor við Háskólann á Akureyri
Gunnar Óskarsson, lektor við Háskóla Íslands
Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands
Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands
Halldór S. Guðmundsson, lektor við Háskóla Íslands
Hallfríður Eysteinsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Hannes H. Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands
Harald Schaller, vísindamaður við Háskóla Íslands
Haukur Ingi Jónasson, lektor við Háskólann í Reykjavík

Heiða Björk Árnadóttir, doktorsnemi við University of British Columbia
Helena Rós Sturludóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Helga Björnsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Helga Finnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Helga María Pétursdóttir, MS nemi við Háskóla Íslands
Helga Sigmundsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Helga Þórólfsdóttir, fræðimaður við Háskóla Íslands
Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Háskóla Íslands
Helgi Tómasson, prófessor við Háskóla Íslands
Helgi Þór Ingason, dósent við Háskólann í Reykjavík
Hermann Óskarsson, dósent og deildarforseti heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri
Hervör Alma Árnadóttir, lektor við Háskóla Íslands
Hrefna Friðriksdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Hrefna S. Bjartmarsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Hulda Þórisdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Háskóla Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við Háskólann á Hólum
Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri
Ingólfur V. Gíslason, lektor við Háskóla Íslands
Ingvar Breiðfjörð Skúlason, verkefnisstjóri hjá Arion banka
James Rice, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Jóhanna Rósa Arnardóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Johannes T. Welling, MS-nemi við Háskóla Íslands

Jón Guðjónsson, BS-nemi við Háskóla Íslands
Jón Gunnar Bernburg, fræðimaður við Háskóla Íslands
Jón Ingvar Kjaran, fræðimaður við Háskóla Íslands
Jón Snorri Snorrason, lektor við Háskóla Íslands
Jón Steindór Valdimarsson , lögfræðingur
Jónas Orri Jónasson, MA-nemi við Háskóla Íslands
Jónína Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Katla Kjartansdóttir, fræðimaður við Eddu-Öndvegissetur
Katrín Anna Lund, prófessor við Háskóla Íslands
Kjartan Bollason, lektor við Háskólann á Hólum
Kjartan Ólafsson, lektor við Háskólann á Akureyri
Kristín Björnsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Kristín Erla Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar
Kristín Helga Birgisdóttir, MS-nemi við Háskóla Íslands
Kristín Lilliendahl, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Kristín Loftsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Kristinn Schram, forstöðumaður Rannsóknarseturs um Norðurslóðir
Kristján Þór Sigurðsson, fræðimaður við Háskóla Íslands
Lára Jóhannsdóttir, fræðimaður við Háskóla Íslands
Lára Rúnarsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Li Yang, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, MS-nemi við Háskóla Íslands
Linda Sólveigar-Guðmundsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Marco Solimene, fræðimaður við Háskóla Íslands
Margrét Cela, doktorsnemi við Háskólann á Lapplandi
Markus Meckl, dósent við Háskólann á Akureyri
Nína Björg Sæmundsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands

Njörður Sigurjónsson, lektor við Háskólann á Bifröst
Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir við Landspítala - háskólasjúkrahús
Ólafur Rastrick, fræðimaður við Háskóla Íslands
Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Pétur Dam Leifsson, dósent við Háskóla Íslands
Pétur Waldorff, doktorsnemi við McGill háskóla
Ragna Dögg Þorsteinsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Ragnar Karlsson, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, lektor við Háskólann á Akureyri
Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg
Rannveig Ólafsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Rannveig Traustadóttir, forstöðumaður Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum
Regína Ásdísardóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Rósa Þorsteinsdóttir, stundakennari við Háskóla Íslands
Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Háskóla Íslands
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Háskóla Íslands
Ruth Margrét Friðriksdóttir, MA-nemi við Háskólann á Akureyri
Sandra María Sævarsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
Sara Sigurbjörns-Öldudóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Sigríður Björk Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Sigríður Guðlaugsdóttir, MA-nemi við Háskólann í Leicester
Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Sigurjón Baldur Hafsteinsson, dósent við Háskóla Íslands
Sjöfn Vilhelmsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Háskóla Íslands

Snjólfur Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands
Snorri Fannar Guðlaugsson, MS-nemi við Háskóla Íslands
Sólveig Ása Árnadóttir, dósent við Háskóla Íslands
Sólveig Hulda Benjamínsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri
Stefanía Óskarsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Sumarliði R. Ísleifsson, fræðimaður við Háskóla Íslands
Sunna K. Símonardóttir, fræðimaður við Háskóla Íslands
Sveinn Agnarsson, dósent við Háskóla Íslands
Sveinn Guðmundsson, prófessor við Háskóla Íslands
Terry Gunnell, prófessor við Háskóla Íslands
Thelma Björk Guðbjörnsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við Háskóla Íslands
Valdimar Tr. Hafstein, dósent við Háskóla Íslands
Valgerður Guðmundsdóttir, Mag. Jur. og lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu
Valgerður Jóhannsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Vanda Sigurgeirsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Vilborg Davíðsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands
Vilborg Jóhannsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Þjóðbjörg Guðjónsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
Þóra Christiansen, aðjúnkt við Háskóla Íslands
Þorbjörg Daphne Hall, lektor við Listaháskóla Íslands
Þorbjörn Broddason, prófessor við Háskóla Íslands
Þórhallur Guðlaugsson, dósent við Háskóla Íslands
Þorlákur Axel Jónsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri

Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands

Þórunn Bjarnadóttir, forstöðumaður alþjóðasviðs Háskólans í Minnesota

Örn D. Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands